



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

11. febrúar 2007 – 41. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Einstakt afrek



Orri Huginn Ágústsson íhugar klónun en hann leikur í þremur sýningum sama daginn.


FÓLK 38

Fangelsisskissur og frjálslyndisglóriur

Í ljósi aukins fylgis Frjálslynda flokksins veltir rithöfundurinn Haukur Már Helgason fyrir sér hvernig rasismi birtist á hliðarlínunum orðræðunnar og hvað beri að gera.

HELGARGREIN 20

Dulbúin klassík



Rithöfundurinn Sjón og tónskáldið Julian Nott ræða um unglinga og ófreskjur.

MENNING 26


Geir kosinn formaður



Geir Þorsteinsson var kosinn formaður KSÍ með áður ósédum yfirburðum. Eggert Magnússon var gerður að heidursforseta.

ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI VIÐS VEGAR á landinu - Norðaustlæg gola, örlítið harðari vindur við suðurströndina. Sólríkt en þó skýjað á Austurlandi og við suðaustanvert landið má búast við slyddu eða snjökumu.

Samfylking og Vinstri græn gætu myndað ríkisstjórn


Samanlagt fylgi Samfylkingar og Vinstri grænna er 51,6 prósent, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, og fengu flokkarnir 33 þingmenn af 63. Framsóknarflokkurinn er í sögulegri lægð.

SKOÐANAKÖNNUN Nú segjast 27,9 prósent myndu kjósa Samfylkingu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, og fengi flokkurinn því átján þingmenn kjörna. Ingi Björg Sólrún Gísladóttir, formaður flokksins, segir könnunina sýna að flokkurinn sé á réttri leið. „Þetta eru auðvitað merkilegar niðurstöður hvað varðar að Samfylkingin og VG eru með meirihluta. Þetta sýnir þann möguleika að tveggja flokka ríkisstjórn án þátttöku Sjálfstæðisflokksins gæti orðið að veruleika. Þetta yrði söguleg niðurstaða.“

23,7 prósent segjast nú myndu kjósa Vinstri græn, og fengi flokkurinn því fimmtán þingmenn kjörna. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir mestu tíðindi könnunarinnar vera að Framsóknarflokkurinn sé hrunninn og að Vinstri græn mælist með

FYLGI STJÓRNMAÁFLOKKA

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú?



stöðugt fylgi á milli 19 og 23 prósent. „Þetta staðfestir áfram gríðarlega sókn okkar flokks og ef ríkisstjórnin félli væri það vegna

kosningasigurs Vinstri grænna. Nú er að fylgja eftir þessari sókn.“

Fylgi Framsóknarflokks hefur ekki áður mælist minna, en nú segjast 3,9 prósent myndu kjósa flokkinn og fengi hann því tvo þingmenn kjörna. Sæunn Stefánsdóttir, ritari Framsóknarflokksins, segir ljóst að fyrstu viðbrögð við þessum tölum séu að þetta yrði með öllu óviðunandi kosninganiðurstaða fyrir Framsóknarflokkinn. „En þessi niðurstaða er ekki í takt við niðurstöðu skoðanakannana að undanfögnu. Tilfinning okkar er að við séum að sækja í okkur veðrið frekar en hitt og við sjáum sóknarfæri í þeim sem ekki hafa enn gert upp hug sinn.“

Fylgi Sjálfstæðisflokks dalar einnig aðeins frá síðustu könnun. Nú segjast 36,8 prósent myndu

kjósa flokkinn og fengi hann því 24 þingmenn kjörna.

„Á heildina litið er þetta ekkert slæm útkoma fyrir okkur. Sagan segir okkur að þessi staða Samfylkingarinnar og VG muni ekki haldast til vors,“ segir Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.

Fylgi Frjálslynda dalar aðeins frá síðustu könnun blaðsins og segjast nú 7,3 prósent myndu kjósa hann, sem þýddi fjóra þingmenn kjörna. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir að miðað við nýjustu kannanir sé fylgið greinilega að þokast upp á við. „Það eru góðar fréttir að við erum aftur á uppleið. Við viljum skilyrðislaust ná tíu prósentu fylgi og stefnum ótrauð á það. Þangað ætlum við okkur að ná.“

- ss/sjá síðu 4



SILVÍA NÓTT Á FAST Silvía Nótt undirritaði í gær útgáfusamning við Reykjavík Records. Undirritunin fór fram um borð í hvalaskoðunarskipinu Eldingu og var mikið um dýrðir en Reykjavík Records, undir forystu Jakobs Frímagns Magnússonar, ætlar sér að setja tugmilljónir í útrás Silvíu Nætur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sóttvarnarlæknir segir bólusetningu mikið hagsmunamál kvenna:

Bólusettt gegn leghálskrabba

HEILBRIGÐISMÁL „Hugmyndina verður að taka alvarlega og skoða vel,“ segir Haraldur Briem sóttvarnarlæknir um nýjar hugmyndir um að hafin verði bólusetning við algengri veiru sem getur valdið leghálskrabbameini.

Veiran, sem kölluð er papillomaveira, veldur kynfæravörtum, sem eru meðal algengustu kynsjúkdóma veraldar. Haraldur segir að hér á landi sé talið að um helmingur allra kvenna smitist af veirunni fyrir 25 ára aldur. Frumubreytingar í leghálsi og

leghálskrabbamein geta komið fyrst fram mörgum áratugum eftir sýkingu. Krabbameinsfélagið hóf skipulega leit að leghálskrabbameini fyrir rúmum fjöru-tíu árum og hefur dauðsföllum vegna þessa krabbameins fækkað mjög síðan.

Tilfellum veirusýkingarinnar hefur fjölgað mikið á undanförunum árum, sérstaklega hjá 15–19 ára ungmennum. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur vakið athygli á þörf fyrir bólusetningar gegn veirunni og hafa ríki í

Bandaríkjunum gert þær lögbundnar. Haraldur segir því brýnt að hugmyndir um bólusetningar við veirunni séu teknar til ræki-legrar umfjöllunar hér á landi og ræðir um mögulega framkvæmdir í nýjasta tölublaði Læknablaðsins.

„Þetta er mikið hagsmunamál fyrir konur. Þótt ljóst sé að bólusetningarnar gætu verið kostnaðarsamar vonar maður að þær geti leitt til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu síðar,“ segir Haraldur.


- kdk

Fyrsta konan í 371 árs sögu: Kona verður rektor Harvard

HÁSKÓLI Allt stefnir í að einn virtasti háskóli heims, Harvard í Bandaríkjunum, muni á næstunni skipa konu í embætti rektors í fyrsta skipti í 371 árs sögu skólans.

Drew Gilpin Faust, 59 ára sérfræðingur í Þrælastríðinu og fyrrverandi formaður Radcliffe-stofnunarinnar í Harvard, verður í dag skipuð 28. rektor skólans. Hún tekur við af Lawrence Summers, sem vakti mikla óánægju með yfirlýsingum sínum þess efnis að konur réðu ekki við fræðimennsku.

Enginn kvenkyns kennari starfaði við skólann fyrr en 1970. Árið 1975 voru afnumdir kynjakvótar sem hindruðu fjölgun kvenkyns nemenda. - sj



Sjálfstætt fólk
í kvöld kl. 19:45

SPURNING DAGSINS



Kári, er Röskva komin til að vera?

„Næsti áratugur verður áratugur Röskvu í Stúdentaráði!“

Kári Hólmur Ragnarsson er efsti maður á lista Röskvu, samtaka félagshyggjufólks í Háskóla Íslands, sem sigraði í kosningum til Stúdentaráðs á fimmtudaginn. Í fyrsta skipti síðan árið 2001 hefur Röskva hreinan meirihluta í Stúdentaráði.

Lést í eldsvoða í Stokkhólmi

Maðurinn sem lést í eldsvoða í Svíþjóð aðfaranótt fimmtudags



HLYNUR HEIÐBERG KONRÁÐSSON

Hét Hlynur Heiðberg Konráðsson. Hlynur var 33 ára gamall, fæddur 5. mars 1973. Hann lætur eftir sig sex ára gamlan son hér á landi og íslenska unnustu sem er búsett í Danmörku. Hlynur var starfsmaður Iceland Express og var staddur í Svíþjóð vegna atvinnu sinnar.

Forsetakosningar 2008:

Obama tilkynnir framboð

BANDARÍKIN, AP Öldungadeildarþingmaðurinn Barack Obama tilkynnti í gær að hann sæktist eftir að vera forsetaframbjóðandi demókrata í kosningunum 2008.



BARACK OBAMA Þingmaðurinn býður sig fram til forseta Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama, sem gæti orðið fyrsti svartí forseti Bandaríkjanna, tilkynnti um framboð sitt fyrir framan þinghús Illinois-ríkis, þar sem Abraham Lincoln, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, þjónaði í átta ár. „Við getum byggt bjartsýnni Ameríku,“ sagði Obama. „Þess vegna tilkynni ég forsetaframboð mitt í skugga hússins þar sem Lincoln hvatti þingmenn til að standa saman og berjast fyrir sameiginlegum draumum og vonum.“

-sgj

Þjóðhátíðarlundur Skógræktarfélag Reykjavíkur í sárum vegna framkvæmda:

Mikið rask á útivistarsvæði í Heiðmörk

UMHVERFISMÁL „Við urðum varir við það í gær að vörubílar troðfullir af trjám streymdu út úr Heiðmörkinni. Okkur var mjög brugðið og þá kom í ljós að verið var að grafa í sundur Þjóðhátíðarlundinn sem byggður hefur verið upp með söfnunarfé Reykjavíkinga og í sjálfboðavinnu síðan 1974,“ segir Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélag Reykjavíkur, um framkvæmdir Kópavogsbæjar við lagningu vatnsleiðslu í Heiðmörk. Skógræktarfélagið lét stöðva framkvæmdir þegar í ljós kom að framkvæmdaleyfi var ekki fyrir hendi.

Að sögn Helga hefur nokkrum

tugum aspa sem eru tíu til tólf metra háar og hundruðum minni trjáa verið hent á haugana. „Við vissum að leggja átti vatnsleiðslu í Heiðmörk en ekki að um svo gríðarlega framkvæmd væri að ræða.“ Þarna vitnar Helgi til þess að skurðurinn sem grafinn hefur verið í gegnum lundinn er sex metra djúpur þar sem hann er dýpstur. Helgi hefur af því áhyggjur að framkvæmdirnar raski þessu útivistarsvæði það mikið að það verði ónothæft í sumar. „Þetta er skásta svæðið sem við höfum til að taka á móti fötluðu fólki og vonda verður það í lagi.“

Karl Helgi Jónsson, verkstjóri



ÞJÓÐHÁTÍÐARLUNDUR Í HEIÐMÖRK Ekki var um aðra leið að ræða en í gegnum lundinn, að sögn verkta. Vel verður gengið frá að verki loknu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Klæðningar, segir að vissulega fylgi svo stórra framkvæmd rask. „Það verður síðan rætt um hvernig

verður staðið að gróðursetningu trjáa að nýju í samstarfi við Skógræktarfélagið.“

-shá

Þrjár nefndir hafa varað við siglingum

Tvær nefndir á vegum umhverfiráðherra og nefnd á vegum samgönguráðherra hafa varað við hættum sem stafa af hefðbundinni siglingaleið flutningaskipa við Suðvesturland. „Allt ríður á að vernda svæðið,“ segir í skýrslu frá 2004.

ÖRYGGISMÁL Bráðamengunarnefnd umhverfiráðuneytisins benti árið 1997 á að aðalsiglingaleið flutningaskipa til og frá landinu lægi yfir mikilvægustu hrygningarástæður nytjastofna sjávar fyrir Suður- og Vesturlandi. Í skýrslu nefndarinnar var varað við afleiðingum mengunarslyss á siglingaleiðinni. Það var einnig niðurstaða nefndar samgönguráðherra sem skilaði skýrslu árið 2001 og norskrar sérfræðinefndar sem skilaði niðurstöðum árið 1999.

Vegna siglinga flutningaskipanna um hið viðkvæma hafsvæði lagði nefndin til að ráðist yrði í viðameiri gagnasöfnun á náttúruvafarspáttum og áhættumat. Í þeim tilgangi stofnaði umhverfiráðherra nýja bráðamengunarnefnd árið 1998 sem ákvað að ráðast í gerð svokallaðs vákorts.

„Í vákortinu er þetta allt dregið saman og það fer alveg eftir árstíma hvað áhrif mengunarslyss verða mikil. Ef um er að ræða skip með mjög þykka olíu sem lendir á viðkvæmasta tíma þá getur þetta hreinlega orðið skelfilegt,“ segir Davíð Egilson, forstjóri Umhverfisstofnunar. „Hafa verður í huga að oft er vont veður þegar slys verða og þá brýtur hafrótið olíuna hratt niður og skaðinn verður minni.“

„Hafsvæðið allt er einkar mikilvægt fyrir þjóðarhag landsins og náttúruvafar. Hér er um að ræða viðkvæmt svæði sem allt ríður á að verði verndað og dregið eins og kostur er úr líkum þess að olíuhapp verði á siglingaleiðinni,“ segir í skýrslu bráðameng-



GOÐAFOSS Þrjár nefndir stjórnvalda hafa varað við hættum á hefðbundinni siglingaleið flutningaskipa. Upplýsingarnar hafa legið fyrir í tíu ár.

unarnefndar umhverfiráðherra frá 2004. Davíð sat í nefnd samgönguráðherra til að fjalla um takmörkun siglinga við suðvesturströnd Íslands árið 1999 og skilaði skýrslu árið 2001. „Ég var

„Í vákortinu er þetta allt dregið saman og það fer alveg eftir árstíma hvað áhrif mengunarslyss verða mikil.“

DAVÍÐ EGILSON FORSTJÓRI UMHVERFISSTOFNUNAR

því mjög fylgjandi að færa siglingaleið stóru skipanna og olíuskipa lengra frá landinu. Hins vegar skildi ég þau sjónarmið að

menn öfluðu sér upplýsinga og reynslu varðandi ytri leiðina og færu í áhættumat á þeirri leið áður en krafa yrði gerð um það. Hitt er annað mál að mér hefur þótt það taka allt of langan tíma, enda vildum við að þeim rannsóknnum yrði lokið árið 2004.“

Landhelgisgæslan hefur varað við því að flutningaskip sigli þá leið sem telst hefðbundin við Suður- og Vesturland. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið að vel mætti vera að taka hefði átt fyrir tillit til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um slysa- og mengunarhættu og það sé brýnt nú þegar tillit er tekið til viðvarana Landhelgisgæslunnar.

svavar@frettabladid.is



SNJÓLEYSI Með snjóframleiðslu væri hægt að fjölga skíðaðögum í Skálafelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snjóframleiðsla í Skálafelli

SKÍÐI Borgarráð hefur samþykkt að kanna hagkvæmni þess að hefja snjóframleiðslu í Skálafelli. Vegna snjóleysis hafa miklar fjárfestingar skíðasvæðanna á undanförunum árum nýst mun verr en áætlanir gerðu ráð fyrir, en með snjóframleiðslu er vonast til að hægt sé að fjölga opnunardögum og um leið nýta fyrir fjárfestingar svæðanna betur.

Vatnsleysi í Bláfjöllum er helsta hindrun framleiðslu þar, en vonir standa til að aðstæður séu betri í Skálafelli. Snjóframleiðsla hefur verið reynd bæði í Hlíðarfjalli á Akureyri og í Böggvisstaðafjalli á Dalvík og gefið góða raun.

-tg

Tveir menn með e-töflur:

Eiturlyf á Broadway

LÖGREGLUMÁL Þrettán fíkniefnamál komu upp hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt laugardagsins. Flest þeirra komu upp á tónleikum sem heldnir voru á Broadway. Að sögn fíkniefnadeildar lögreglunnar var um neysluskammta að ræða.

Í fórum. Lögreglan stöðvaði bíl tveggja karlanna um tvítugt og fannst talsvert af e-töflum í bíl þeirra. Talið er að töflurnar hafi verið ætlaðar til sölu. Mennirnir voru yfirheyrðir í gær.

-ifv

Gögn um hleranir gætu leynst í skjalasafni Pósts og síma:

Hlerunargögn voru brennd í poka

STJÓRNSÝSLA Mjög lítið var skráð af upplýsingum sem fengust með hlerunum stjórnvalda á árunum 1949 til 1968. Í nýbirtu skýrslu svokallaðar kaldastríðsnefndar kemur fram að gögnin hafi rúmast í „hálfum svörtum plastpoka“ og að öllum líkindum verið brennd í nágrenni Reykjavíkur árið 1976. Viðtöl við einstaklinga sem komu að hlerunum benda til að rannsóknir sagnfræðinga hafi nú þegar leitt fram í dagsljósið umfang og eðli hlerananna.

Þagnarskyldu opinberra starfsmanna var aflétt vegna þeirra viðtala sem nefndin tók vegna hlerana á árunum 1945 til 1991. Þetta þótti nauðsynlegt til að fá yfirsýn yfir hvernig verklagið var við hleranir, bæði af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík og af hálfu Pósts og síma. Nefndin tók viðtöl við á annan tug einstaklinga. Kemur fram í



ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS Nefndin leggur til að stofnað verði sérstakt öryggisskjalasafn.

skýrslunni að margir þeirra sem í hlut áttu eru rosknir menn og báru fyrir sig minnisleysi og vanheilsu. Eins þykir sannað að þeir sem gerst gætu varpað ljósi á málið séu nú flestir látnir.

Helstu niðurstöður viðtalananna eru þær að lögreglan hafi átt frum-

kvæðið að hlerunum í apríl 1951 og 1968. Ávallt var kveðinn upp dómsúrskurður sem heimilaði hleranir áður en þær voru framkvæmdar, og lögreglan gat á þessum tíma ekki hlerað með þeim búnaði sem hún hafði án atbeina starfsmanna Pósts og síma. Talið er að frekari upplýsingar um hverjir áttu frumkvæði að hlerunum geti leynst í skjalasafni Pósts og síma sem varðveitt er á Þjóðskjalasafni Íslands.

Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að vegna þeirrar leyndar sem hvíldi yfir hlerunum á tólf tímabili hafi aðeins forstöðumaður Útlendingaeftirlitsins og lögreglustjóri haft heildaryfirsýn yfir ferlið sem viðhaft var við hleranir. Ekki telur nefndin að neinn hafi verið ákærður eða handtekinn á grundvelli hleranagagna, né að stjórnvöldum erlendrar ríkja hafi verið afhent slík gögn eða þau afrituð.

-sh

Lyklakippur sem rata





Í hverjum dælykili er örgjörvi sem Atlantsolia getur lesið og þar með fundið út hver eigandi lyklnanna er. Reglulega komast týndar lyklakippur til skila af þessari ástæðu.

Enn ein góð ástæða þess að fá sér dælykili frá Atlantsolii!

ATLANTSOLIA
Sími: 591-3100 og www.atlantsolia.is

07 | 70ÁR Á FLUGI



ALLT AÐ TVISVAR Á DAG Í SUMAR

BOSTON

MINIBORG


MAGNÚS EDVALD BJÖRNSSON
DOKTOR Í TÖLVUNARFRÆÐI

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ

NÝI BÆKLINGURINN ER KOMINN ÚT
FLUG OG GISTING Í 3 NÆTUR FRÁ **54.900*** KR.

FENWAY
„Þú ert ekki maður með mönnum nema að kíkja á Fenway sem er leikvangur hafnaboltaliðsins Boston Red Sox. Þetta er einn elsti leikvangur Bandaríkjanna og er þess vegna litill og frekar lúinn. Það gerir hann þó bara þeim mun meira sjarmerandi. Pylsur og bjór eru það eina sem kokkurinn mælir með þar.“

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is



*Á mann í tviþýli á Copley Square Hotel *** í Boston 26.-29. apríl og 29. nóv.-2. des.
Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting.

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	67,59 67,91
Sterlingspund	131,7 132,34
Evra	87,83 88,33
Dönsk króna	11,784 11,852
Norsk króna	10,79 10,854
Sænsk króna	9,652 9,708
Japanskt jen	0,5561 0,5593

SDR	100,81	101,41
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
120,7431		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Mansalshringur upprættur: Neyddi konur í kynlífsþrælkun

BANDARÍKIN, AP 34 ára maður játaði í gær að hafa rekið vændishús í Oklahoma og Texas, þar sem konur voru fluttar nauðugar frá útlöndum til kynlífsþrælkunar.

Maðurinn á yfir höfði sér þrjátíu ára fangelsi fyrir þrjár mismunandi ákætur. Vændishúsin eru talin vera hluti af stærri mansalshring sem teygir anga sína til þrettán borga í Bandaríkjunum.

Konur voru fluttar til landsins í hundraðatali og neyddar til samræðis við hátt í fjórutíu karlmenn á dag. Konunum var meinað að yfirgefa vændishúsið og voru starfsmenn yfirleitt vopnaðir. - sgi



SKYTTURNAR ÞRJAR Af tilefni sameiningar tímaritanna Eiðfaxa og Hesta var hestum hleypt á Tjörninni í gær. Engu líkara er en skyttur þrjár séu hér á ferð til varnar ráðamönnum Reykjavíkurborgar, þó að auðvitað sé hér leikur á ferð bæði hjá hestum og knöpum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bátur vélarvana á hafi úti: Afi Aggi kominn til hafnar

BJÖRGUN Afi Aggi EA-399, 36 tonna eikarbátur frá Dalvík, er kominn til hafnar á Skagaströnd en báturinn varð vélarvana norður af Drangaskörðum á Húnaflóa í fyrrnótt. Tveir menn voru um borð og sakaði þá ekki. Björgunarbáturinn Húnaþjörg sótti bátinn og gekk ferðin aftur í land vel.

Bátsverjar voru á siglingu um þrjúleitið um nóttina frá Dalvík að Rífi á Snæfellsnesi þegar bilun varð vart. Húnaþjörgin var kominn með bátinn í tog um klukkan níu í gærmorgun eftir að björgunarsveitarmenn höfðu farið um borð. - shá



MÓTMÆLI Í JERUSALEM Gömul kona fer fyrir hópi mótmælenda við helgan reit múslíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeirðir í Jerúsalem: Mótmæla byggingu á helgireit

ÍSRAEL, AP Palestínsk ungmenni köstuðu grjóti að ísraelskum lögreglumönnum og rútu kanadískra ferðamanna í mótmælaskyni vegna framkvæmda Ísraelsmanna á helgum reit múslíma.

Óeirðirnar brutust út eftir að ísraelskar lögreglusveitir réðust inn í umdeilt hverfi í Jerúsalem og notuðu táragas til að dreifa múslimum sem mótmæltu framkvæmdunum eftir bæna-stund á föstudag.

Mótmæli brutust einnig út í Betlehem og Hebron og voru um þrjátíu Palestínurmenn handteknir og þurftu nokkrir aðhlyningu vegna gaseitrunar. - sgi

LÖGREGLUMÁL

Fékk heilahristing

Kona datt af hestbaki á Blikastaðanesi í Mosfellsbæ í gær og var flutt á slysideild. Hún fékk heilahristing og áverka á andliti. Hjálmur sem konan var með kom að sögn lögreglunnar í veg fyrir að ekki fór verr.

GÆLUDÝR

Rándýrum páfagauki stolið

170 þúsund króna Sun Conor páfagauki var stolið af fuglasýningu í Blómavali í Skútuvogi á föstudag. Fuglinn er vængstýfður og því ljóst að hann hefur ekki flogið burt. Þeir sem hafa upplýsingar um fuglinn eru beðnir um að hringja í Gunnar Vilhelm í síma 896-6090.

Framsókn aldrei minni

Samfylking og Vinstri græn bæta við sig fylgi frá síðustu könnun, samkvæmt nýjstu könnun Fréttablaðsins. Saman myndu flokkarnir fá 33 þingmenn og þar með meirihluta á þingi. Fylgi Framsóknarflokks hefur ekki mælst minna en nú, tæp fjögur prósent. Fylgi Sjálfstæðisflokks og Frjálslynda flokksins dalar.

SKOÐANAKÖNNUN Eftir að hafa mælst með rúmlega 21 prósent fylgi í síðustu könnun Fréttablaðsins mælist Samfylkingin nú með 27,9 prósent fylgi. Stuðningur við flokkinn eykst því um tæp sjö prósentustig á milli kannana. Samkvæmt því myndi flokkurinn fá átján þingmenn kjörna, tveimur færri en í síðustu kosningum þegar flokkurinn fékk 30,9 prósent atkvæða.

Mest er fylgið meðal kvenna, en 30,9 prósent þeirra kvenna sem gáfu upp hvaða flokk þær myndu kjósa sögðust myndu kjósa Samfylkingu, en 25,5 prósent karla. Þá segjast 26,2 prósent íbúa landsbyggðarinnar sem afstöðu tóku myndu kjósa flokkinn, en 28,9 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Vinstri græn bæta einnig nokkuð við sig frá síðustu könnun blaðsins, eða 4,3 prósentustigum. Nú segjast 23,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku myndu kjósa Vinstri græn og myndi flokkurinn samkvæmt því fá fimmtán þingmenn kjörna. Þetta býðir að möguleiki er á tveggja flokka ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna með 33 þingmönnum af 63.

Í síðustu þingkosningum hlutu Vinstri græn 8,8 prósent atkvæða og fimm þingmenn. Miðað við þessa skoðanakönnun myndi flokkurinn því þrefalda stærð sína, eða bæta við sig tíu þingmönnum. Mest er fylgi Vinstri grænna meðal kvenna; 27,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku sögðust myndu kjósa flokkinn en 20,6 prósent karla. Þá sögðust 25,9 prósent kjósenda á höfuðborgarsvæðinu myndu kjósa Vinstri græn, en 20,3 prósent íbúa á landsbyggðinni.


Fylgi Framsóknarflokksins hefur aldrei mælst minni í skoð-

anakönnunum Fréttablaðsins og segjast nú 3,9 prósent þeirra sem afstöðu tóku myndu kjósa flokkinn. Samkvæmt því myndi Framsóknarflokkurinn fá tvo menn kjörna. Líklegast yrði að þeir tveir kæmu frá landsbyggðarkjördæmum, því 7,6 prósent íbúa landsbyggðarinnar sem tóku afstöðu sögðust myndu kjósa Framsóknarflokkinn, en einungis 1,5 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Því minnkar stuðningur við flokkinn á höfuðborgarsvæðinu um 5,2 prósentustig frá síðustu könnun blaðsins. Þá segjast 4,2 prósent kvenna myndu kjósa Framsóknarflokkinn og 3,6 prósent karla.

17,7 prósent kusu flokkinn í síðustu alþingiskosningum og fékk flokkurinn þá tólf þingmenn kjörna. Miðað við þessa könnun myndi flokkurinn þá missa tíu þingmenn.

Þá er fylgi Sjálfstæðisflokksins nokkuð minna en hefur verið í skoðanakönnunum og segjast nú 36,8 prósent myndu kjósa flokkinn. Fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur ekki mælst minna í könnunum Fréttablaðsins síðan í maí 2005. 42,5 prósent karla segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, sem er svipað og í síðustu könnun blaðsins. Hins vegar segjast nú 29,3 prósent kvenna myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, sem er 7,2 prósentustigum minna en í síðustu könnun blaðsins. Fylgi flokksins er svipað á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu segjast 37,2 prósent þeirra sem afstöðu tóku myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, en 36,0 prósent íbúa landsbyggðarinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn hlaut 33,7 prósent atkvæða í síðustu þingkosningum og fékk 22 þing-



menn kjörna. Flokkurinn bætir því við sig tveimur þingmönnum á milli kosninga.

Samanlagt fylgi ríkisstjórnarinnar er samkvæmt þessu 40,7 prósent og hefur ekki verið minna síðan í maí 2004. Flokkarnir tveir fengu 26 þingmenn kjörna og því myndi ríkisstjórnin ekki halda velli.

Fylgi Frjálslynda flokksins dalar aðeins frá því sem verið hefur í könnunum blaðsins. Nú segjast 7,3 prósent þeirra sem afstöðu tóku myndu kjósa Frjálslynda, en í síðustu könnun sögðust 10,0 prósent myndu kjósa flokkinn. Um 9,9 prósent íbúa á landsbyggðinni, segjast myndu kjósa flokkinn, en 5,6 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Þá segjast 7,7 prósent karla myndu kjósa Frjálslynda, en 6,8 prósent kvenna.

Frjálslyndi flokkurinn hlaut fjóra þingmenn í síðustu kosningum með 8,8 prósent atkvæða. Flokkurinn myndi því ekki bæta við sig þingmönnum, en eftir að einn yfirgaf flokkinn og tveir bættust við, myndu Frjálslyndir tapa þingmänni miðað við það sem nú er.

Hringt var í 800 kjósendur laugardaginn 10. febrúar og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var „Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga nú?“. 54,8 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

Hvað hugsa viðskiptavinirnir um fyrirtækið þitt?

Kíktu á www.gsr.is

GSR
ÞJÓNUSTRÁÐGJÖF

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	1°C skýjað	Lapdon	10°C skúrir	Alicante	20°C léttskýjað
Þórshöfn	3°C skýjað	Paris	11°C skúrir	Mallorca	17°C léttskýjað
Hægvíðir og bjart. Hiti 0-3 gráður. Frystir í nótt.	Stokkhólmur	Frankfurt	9°C skúrir	Algarve	17°C léttskýjað
	Gautaborg	Friedrichshafen	8°C skúrir	Krit	16°C skúrir
		Berlín	2°C snjókoma	Las Palmas	22°C heiðaskýrt

* Vinndraði er í metrum á sekúndu.

ÞEKKIR ÞÚ LANDIÐ?

L200 Kraftmikill jeppi á frábæru verði
verð frá **2.990.000 kr.**



ÞEKKIRÐU STAÐINN Á MYNDINNI?

Ef svo er þá fyllir þú út miða þegar þú kemur og reynsluekur L-200.
Heppinn þátttakandi vinnur úttekt í Ellingsen að verðmæti 100.000 kr.

Mitsubishi L-200 er ótrúlega fjölhæfur jeppi. Hann er kraftmikill, rúmgóður, glæsilega hannaður og vel búinn. Super Select drifbúnaðurinn tryggir frábæra aksturseginnleika við allar aðstæður. Beygjuradiusinn (sá minnsti í bílum í hans flokki) gerir hann lipran í öllum akstri, ekki síst innanbæjar. L-200 er fjölnota fjölskyldubíll, kjörinn til að komast á þá áfangastaði sem þig dreymir um.

L200 Evolution

2,5 l Common-rail vél – hljóðlátari og sparneytnari • Stöðugleikastýring
Enn aflmeiri – 163 hestöfl • Spólvörn • Krómpakki • 17" felgur – 32" dekk

Verð 3.475.000 kr.



KJÖRKASSINN

Pekkir þú einhvern sem er háður netspilunartölvuleik?

JÁ 29,2%

NEI 70,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tekur þú mark á skoðanakönnunum fjölmiðla?

Segðu þína skoðun á visir.is



Grein lagaprófessorsins Róberts Ragnars Spanó í Tímariti lögfræðinga:

Ekki unnin fyrir olúforstjóra

DÓMSMÁL Grein lagaprófessorsins Róberts Ragnars Spanó, sem birtist í Tímariti lögfræðinga og fjallar meðal annars um hvort heimilt sé að refsa einstaklingum fyrir brot á samkeppnislögum, barst Helga Magnúsi Gunnarssyni saksóknara efnahagsbrota hjá Ríkislögreglu- stjórn frá lögmanni Kristins Björnssonar, Ragnari H. Hall, nokkrum vikum áður en hún birtist í tímaritinu. Þetta hafa þeir báðir staðfest við blaðamann.

Róbert Ragnar þvertur fyrir að hafa unnið greinina fyrir lög- menn olúforstjóranna. Róbert Ragnar segir greinina hafa borist til fjölda lögfræðinga áður en hún



RÓBERT RAGNAR SPANÓ

var birt í tímarit- inu, þar sem hann hafi beðið á annan tug lögfræðinga að lesa greinina yfir áður en hún birtist.

Ragnar H. Hall segir að hann hafi fengið leyfi hjá Róberti

Ragnari fyrir því að senda grein- ina til Helga Magnúsar áður en hún birtist í tímaritinu. Þá hefur lögmannsstofan Logos, sem Róbert Ragnar vinnur ráð- gjafarstjórn fyrir, þvertakið fyrir að Róbert Ragnar hafi unnið grein-

ina fyrir tilstuðlan lögmannsstof- unnar en einn lögmann á stofunni, Ragnar Tómas Arnason, er lögmað- ur fyrrverandi forstjóra Olúfél- lagsins Esso, Geirs Magnússonar.

Grein Róberts Ragnars var kynnt á opnum fundi Félags lög- fræðinga 23. nóvember, rúnum mánuði áður en gefin var út ákæra í 27 liðum á hendur Kristni Björn- syni, Geir Magnússyni og Einari Benediktssyni.

Grein Róberts Ragnars og túlk- anir hans á lagalegum álitaeftum sem tengjast brotum á samkepp- isbrotum eru meðal grundvallar- málgagna lögmannna forstjóra stóru olúfélaganna.

Hafði samband við eiganda:

Lögga keyrði jeppa á vélsleða

LÖGREGLUMÁL Lögreglumaður bakkaði amerískum jeppa á vélsleða í Botnahlíð á Seyðisfirði í byrjun vikunnar. Frá þessu var greint á vef Austurgluggans. Þar kom fram að lögreglumaðurinn hefði farið út úr bílnum, skoðað sleðann og flúið af vettvangi í bíl sínum.

Það er rangt að sögn Óskars Bjartmarz, yfirlögregluþjóns á Egilsstöðum. „Hann vissi ekki hver átti sleðann og fór því og komst að því hver eigandinn var og hafði svo samband við hann.“

Að sögn Óskars skemmdist sleðinn ekki mikið og sá meira á bíl lögreglumannsins.

Íhuga málshöfðun gegn íslenska ríkinu

Varmársamtökin krefjast þess að hætt verði við byggingu Helgafellsbrautar. Jón Baldvin segir að samtökin íhugi að fá lögmann sett á framkvæmdirnar. Bæjar- yfirvöld í Mosfellsbæ segja að framkvæmdin hafi verið kynnt vel meðal íbúa.

STJÓRNMÁL Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi ráðherra, segir að Varmársamtökin íhugi að leita til dómstóla til að fallið verði frá byggingu tengibrautar úr Helgafells- landi um Álafossvog að Vesturlandsvegi. Hann segir að tvennt komi þá til greina: að sett verði lögmann á framkvæmdirnar eða að farið verði í mál gegn ríkinu vegna þess að Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra felldi úrskurð um að bygging vegarins þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

„Við viljum forðast að fara þessa leið en ef við förum með málið fyrir dóm þá mun málshöfðunin snúast um það hvort íslensk náttúruvernd- arlöggegji sé ónýt því áin er á náttúruvinnuáhrifum,“ segir Jón en hann hélt framsögu á borgarafundi Varmársamtakanna um Helgafells- braut í Prúðvangi í Álafossvog í Mosfellsbæ í gær.

Sigrún Pálsdóttir hjá Varmár- samtökunum gagnrýndi fram- kvæmdina á þeim forsendum að bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefði ekki haft nægilegt samráð við íbúa bæjarins um legu tengibrautarinnar og að kynningin á framkvæmd- inni hefði verið ófullnægjandi auk þess sem lífríki Varmár, sem er á náttúruvinnuáhrifum, verði spilt. Jafn- fram eru ósar hennar friðlýstir. Samtökin vilja að tengibrautin verði lögð annars staðar en um Helga- fellsland.

Ævar Örn Jóseppson, íbúi í Mos-



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON Segir Varmársamtökin krefjast þess að Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra endurskoði öll áform Mosfellsbæjar um framkvæmdir á vernduðum svæðum á bókum Varmár.

anna og vísaði í úrskurð sinn um að framkvæmdin þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Á fundinum var samþykkt áskor- un til meirihluta bæjarstjórnar í Mosfellsbæ um að falla frá öllum framkvæmdum á hverfisvernduð- um svæðum meðfram Varmá þar til þær hafi farið í mat á umhverfis- áhrifum.

Í yfirlýsingu frá bæjarstjórn Mosfellsbæjar kemur fram að engin framkvæmd á vegum bæjarins hafi verið kynnt eins vel fyrir íbúum bæjarins og Helgafellsvegurinn og að haldinn verði kynningarfundur um framkvæmdina í Listasal Mos- fellsbæjar klukkan 17 á þriðjudag- inn.

ingifrey@frettabladid.is

ÍKV fagnar komu árs svínsins !

Í tilefni af kínversku áramótunum mun Íslensk-kínverska viðskiptaráðið fagna komu árs svínsins sunnudaginn 18. febrúar kl. 18 á veitingastaðnum **Don Huang** að Reykjavíkurvegi 68.

Ræðumaður kvöldsins verður:

Ásgeir Margeirsson framkvæmdastjóri virkjana, sölu og framkvæmda hjá Orkuveitu Reykjavíkur og verðandi forstjóri Geysis Green Energy ehf. Ásgeir mun fjalla um jarðhitasamstarf Íslands og Kína og möguleika á þróun þess. Erindi hans ber yfirskriftina:

“Er Kína heitt?”

Áhugasamir vinsamlegast skrái þátttöku sína á netfangið: gudmunda@fis.is eða í síma 5888910

visir

www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Tilnefningar til Blaðamannaverðlauna Íslands:

Fréttablaðið með þrjár tilnefningar

BLAÐAMENNSKA Næstkomandi laugardag verða Blaðamanna- verðlaun Íslands afhent, en veitt eru verðlaun í þremur flokkum. Í flokki bestu umfjallana eru til- nefnd Auðunn Arnórssón, Frétta- blaðinu, fyrir umfjöllun um Evró- pumál, Jóhanna Vilhjálmssdóttir, Kastljósi, fyrir greiningu á hug- tókum og staðreyndum úr orð- ræðu stjórnmálamanna, og Sigríð- ur Víðis Jónsdóttir, Morgunblaðinu, fyrir umfjöllun um úrræði í skóla-

kerfinu fyrir börn með hegðunar- frávik og geðraskanir.

Í flokki rannsóknarblaða- mennsku eru tilnefnd Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, Blaðinu, fyrir fréttaröð sem birtist í Frétta- blaðinu um verðmun á samheita- lyfjum á Íslandi og Danmörku, Henry Birgir Gunnarsson, Frétta- blaðinu, fyrir fréttaskrif um mik- inn mun á launum og kjörum karla og kvenna í A-landslíðum Íslands í knattspyrnu, og Jóhannes Kr.

Kristjánsson, Kompási, fyrir umfjöllun um málefni bæði barna- niðinga og Byrgisins.

Tilnefndir til blaðamannaverð- launa ársins eru Davíð Logi Sig- urðsson, Morgunblaðinu, fyrir skrif um alþjóðamál, Halldór Baldursson, Blaðinu, fyrir skop- og ádeiluteikningar sínar, og Kol- brún Bergþórsdóttir, Blaðinu, fyrir mannlífsviðtöl og menn- ingarskrif.

-tg

HÁSKÓLADAGURINN



Það gerist hjá okkur

Grunn- og framhaldsnám við Háskóla Íslands er kynnt í **Háskólabíói við Hagatorg** Nýtt grunn- og framhaldsnám er kynnt í **Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð**

Stúdentar og kennarar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands taka vel á móti þér á Háskóladeginum laugardaginn 17. febrúar kl. 11-16



K
KENNARHÁSKÓLI
ÍSLANDS
www.khi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

Skyldulesning fyrir alla sem ætla einhvern tímann að taka sér frí.



Nýr og glæsilegur Sumarferðabæklingur
fylgir með Morgunblaðinu í dag.

Farðu inn á www.sumarferdir.is
eða hringdu í síma 575 1515.

**SUMAR
FERÐIR**
— ERU BETRI EN AÐRAR!



LÁTTU DRAUMINN RÆTAST



www.rs.is

Dreymir þig um sportbát, hraðbát, skemmtisnekkju, vatnabát, sjóbát eða gúmmibát? Allir þessir bátar fást hjá okkur.




R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | Sími 520 0000 | rs@rs.is



FJÁRMÁLA AKADEMÍA STJÓRNENDASKÓLA HR



FJÁRMÁL FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Til að ná árangri í viðskiptamhverfi nútímans er nauðsynlegt fyrir stjórnendur að hafa góðan skilning á ýmsum atriðum fjármála.

Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík býður upp á hagnýtt nám í fjármálastjórnun fyrir stjórnendur.

Meginmarkmið Fjármálaakademíunnar er að skerpa á þeim þáttum og hugtökum fjármála sem almennir stjórnendur og sérfræðingar þurfa að kunna skil á í sínu daglega starfi og grundvallarhugtök og aðferðir í rekstri fyrirtækja.

	DAGSETNING	TÍMI
Fjármálastjórnun fyrir almenna stjórnendur	19. febrúar	kl. 15-19
Leiðbeinandi: Sigurður Atli Jónsson		
Áætlanagerð í fjármálum	13. mars	kl. 15-19
Leiðbeinandi: Árni Jón Árnason		
Arðsemisgreining fjárfestingatækifæra	21. mars	kl. 15-19
Leiðbeinandi: Sigurður Atli Jónsson		
Notkun ársreikninga fyrir stjórnendur	2. apríl	kl. 15-19
Leiðbeinandi: Lúðvík Þránínsson		
Kennitölur sem stjórnþæki í rekstri	16. apríl	kl. 15-19
Leiðbeinandi: Lúðvík Þránínsson		
Stjórnun veltufjármuna	maí	kl. 15-19
Nánar auglýst síðar		

Hægt er að sækja einstaka námskeið eða alla Fjármálaakademíuna í heild sinni. Skráning er hafin - www.stjornendaskoli.is

Nánari upplýsingar veitir:
Elísabet I. Þorvaldsdóttir
verkefnastjóri
Sími: 599 6296
elisabeth@ru.is

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201



STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK



KNATTSPYRNUHÖLL RÍS Jan og Pawel virða fyrir sér knattspyrnuhöllina sem nú rís í Kópavoginum. Höllin, sem Kópavogsbær byggir í samstarfi við Knattspyrnuakademíuna, mun hýsa 68 m x 105 m knattspyrnuvöll með 20 metra lofthæð, og stúku fyrir tvö til fjögur þúsund manns. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir íþróttahúsi, sundlaug og nýjum framhaldsskóla.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

Alþjóðalög vernda engan

Rússlandsforseti segir ofnotkun Bandaríkjanna á hervaldi stuðla að vopnakaþplausi. Þjóðir geti ekki treyst alþjóðalögum og reyni því að komast yfir kjarnavopn. Þetta kom fram á alþjóðlegri ráðstefnu.

ÞÝSKALAND, AP Helstu sérfræðingar heims í varnarmálum komu saman á árlegri ráðstefnu um öryggismál í München um helgina, þar á meðal Ali Larijani, helsti samningamaður Írana í kjarnorkudeilunni. Viðstaddir voru um 250 manns, þar af 40 varnar- og utanríkisráðherrar.

Vladimir Putin, forseti Rússlands, var gagnrýnn í ræðu sinni á fundinum. „Eitt ríki, Bandaríkin, hefur vaðið yfir landamæri sín á allan hátt. Þetta er gríðarlega hættulegt, enginn getur verið öruggur lengur því að alþjóðalög eru virt að vettugi,“ sagði Putin. „Þetta veldur vopnakaþplausi, því að þjóðir vilja koma sér upp kjarnorkuvopnum.“

Forsetinn gagnrýndi einnig áætlanir Bandaríkjanna um að

koma upp eldflaugavarnarkerfi í austurhluta Evrópu, líklega Pólandi og Tékklandi.

Frankvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, Jaap de Hoop Scheffer lýsti yfir vonbrigðum sínum vegna ummæla Putins. „Hver getur verið áhyggjufullur með að lýðræði og löggæsla nálgist landamæri þeirra?“ sagði Scheffer á fundinum.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði á fundinum að Íranir yrðu að lúta þeim kröfum sem Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóða kjarnorkumálastofnunin hafa gert til kjarnorkuáætla þeirra.

„Við erum að tala um mjög viðkvæma tækni og þess vegna þurfum við gríðarlegt gegnsæi, sem Írönnum hefur ekki tekist að stuðla að. Ef Íranir gera það ekki munu þeir einangrast enn frekar,“ sagði Merkel.

Merkel sagði einnig vera mikilvægt að Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið tækju höndum saman til að koma á friði í Afganistan. Einnig þyrfti samstillt alþjóðlegt átak í baráttunni gegn gróðurhúsáhrifum.

Sjálfstæðisbarátta Kosovo héraðs í Serbíu var einnig til umræðu á fundinum. Putin sagði Rússa ekki geta stutt áætlun um sjálfstæði Kosovo héraðs sem Serbar væru ósammála. Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn John McCain sagðist óánægður með að Rússar legðust gegn áætluninni.

Á annað þúsund manns mótmæltu á meðan fundinum og fóru mótmælin að mestu friðsamlega fram.

steindor@frettabladid.is



VLADIMIR PUTIN Rússlandsforseti var harðorður í garð bandarískra stjórnvalda og gagnrýndi utanríkisstefnu þeirra.

FRÉTTABLAÐID/AP

Ferðapjónusta fatlaðra:

Far með styttri fyrirvara

FÉLAGSMÁL Reykvikingar sem þurfa að notast við hjólastól og ekki geta notað almenna leigubíla vegna fötlunar sinnar geta frá 1. maí pantað bílfar samdægurs með Ferðapjónustu fatlaðra. Þetta var samþykkt á fundi borgarráðs á fimmtudag.

Viðskiptavinir Ferðapjónustunnar geta þá pantað ferð á opnunartíma þjónustvers Strætó bs. þremur klukkustundum fyrir ferðina en það þykir mikið framfaraskref í þjónustu við fatlaða sem áður þurftu að panta bíl daginn áður.

- kdk

FERÐAÞJÓNUSTA FATLAÐRA fatlaðir geta bráðlega pantað far með skemmri fyrirvara.



Störf sjálfbóðaliða í brennidepli



11.2

dagurinn 2007

Þegar á bjátar höfum við aðgang að geysilega öflugum neti viðbragðsaðila og hjálparliðs í gegnum eitt samræmt neyðarnúmer – 112. Með einu símtali í 112 er unnt að virkja á augabragði lögreglu, slökkvilið, almannavarnir, Landhelgisgæsluna, sjúkraflutningamenn, lækna og hjúkrunarfólk, hjálparlið sjálfbóðaliða og barnaverndarnefndir.

Mörg þúsund sjálfbóðaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Rauða krossins um allt land gegna lykilhlutverki í viðbúnaði vegna slysa og náttúruhamfara. Þeir sinna leit, björgun og fjöldahjál, veita neyðaraðstoð, skyndihjál og sálrænan stuðning. Þeir eru reiðubúnir að bregðast hratt við í þína þágu þegar á reynir.

Þeir bjóða almenningi að kynnst starfinu um allt land í dag.

Við björgum deginum

með skemtilegri dagskrá um allt land!

- Höfuðborgarsvæðið dagskrá í Smáralind**
- 12.00** Kynning á starfi sjálfbóðaliða Rauða krossins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefst í göngugötunni í Smáralind.
 - 12.00** 112 lestin leggur af stað frá Skógarhlíð 14 og ekur með blikkandi ljósum um höfuðborgarsvæðið. Á bilinu 30-40 bílar lögreglu, slökkviliðs og björgunarsveita verða í lestinni, auk þyrlu Landhelgisgæslunnar.
 - 13.00** 112 lestin verður til sýnis á bílplaninu við Smárabíó.
 - 13.20** Athöfn í göngugötunni í Smáralind.
Dagskrá:
 - Stefán Eiríksson, lögreglustjóri og stjórnarformaður 112, flytur ávarp.
 - Verðlaun í Eldvarnagetraun Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna afhent.
 - Skyndihjálparmaður Rauða krossins 2006 útnefndur.
 - 14.15** SHS bjargar slösuðum úr bílflaki á bílplaninu við Smárabíó.
 - 14.30** SHS, björgunarsveitarmenn og Landhelgisgæslan koma slösuðum um borð í þyrlu til sjúkraflutnings. Þyrlan lendir á bílplaninu.
 - 16.00** Dregið í getraun Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Rauða krossins. Vegleg verðlaun í boði.
 - 17.00** Kynningu á sjálfbóðnu starfi og tækjasýningu lýkur.

112 lestin ekur þessa leið: Frá Skógarhlíð um Bústaðaveg, Miklubraut og Hringbraut vestur að Ánanaustum, snúið við á hringtorgi, ekið austur Hringbraut, Miklubraut og Vesturlandsveg að hringtorgi við Esso-stöð í Mosfellsbæ, snúið við á hringtorginu, ekið austur Vesturlandsveg og Miklubraut, til vinstri á Kringlumýrarbraut, suður hana og Hafnarfjarðarveg að Engidal, til vinstri um Fjarðahraun og síðan Reykjanesbraut til norðurs, Arnarnesveg og Smárahvamsveg að Smáralind.

Akureyri **12.00** Viðbragðsaðilar í bænum fylkja liði í bíla- og tækjalest í tilefni dagsins.
13.00 -16.00 Opið hús í slökkvistöðinni og kynning á starfi og tækjum viðbragðsaðila.

Auk þess efna viðbragðsaðilar til fjölbreyttrar dagskrár á eftirfarandi stöðum: Sandgerði, Akranesi, Borgarnesi, Hellissandi, Patreksfirði, Bolungarvík, Ísafirði, Blönduósi, Sauðárkróki, Siglufirði, Dalvík, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafirði, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Höfn í Hornafirði, Selfossi, Vestmannaeyjum.

11.2
EINN EINN TVEIÐ
dagurinn 2007

Við stöndum saman að 112 deginum 2007

112 · Ríkislögreglustjórnin · Slökkviliðin · Landhelgisgæslan · Slysavarnafélagið Landsbjörg · Rauði kross Íslands · Landlæknisembættið · Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna · Barnaverndarstofa · Brunamálastofnun · Flugstöðir

Boðaðar skattabreytingar forsætisráðherra eru jákvætt skref.

Samkeppnishæfni er lykilatriði

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Anýliðnu Viðskiptaþingi boðaði Geir H. Haarde breytingar á skattalögum sem eru til einföldunar á skattkerfinu og til þess að tryggja samkeppnishæfni landsins í skattalegu tilliti. Þessar breytingar eru skynsamlegar. Þær auka líkur á að verðmæt starfsemi haldist í landinu og skili ávinningi inn í samfélagið. Einnig að skattheimta sem kostar meira að halda úti en gefur í aðra hönd verði aflögð.

Skattkerfið er og á að vera til stöðugrar endurskoðunar. Viðhorf til skatta er einkum af tvennum toga. Annars vegar er lítið á kerfið sem tekjujöfnunarkerfi og hins vegar sem tekjuöflunarkerfi. Um þessi sjónarmið eru eðlilega skiptar skoðanir.

Hvorrar trúar sem menn eru í þeim efnum, þá eru skynsamleg markmið skattkerfis þau að halda almennri velferð góðri þegar til lengri tíma er lítið. Horfi menn um of til tekjujöfnunar mun það á endanum verða á kostnað tekjuöflunar til að standa undir velferð og grunnþjónustu í landinu. Slíkt getur varla verið ósk þeirra sem einarðastir eru í trú sinni á tekjujöfnun.

Í umræðu um skattkerfið, eins og í umræðu um margvíslega aðra þætti efnahagslífsins, kristallast sá raunveruleiki sem við stöndum frammi fyrir. Við erum hluti af alþjóðlegu hagkerfi, þar sem samkeppnishæfni okkar á öllum sviðum er lykilatriði um framtíð þjóðarinnar. Framhjá þessari staðreynd verður ekki horft og hún á að vera ein af lykilforsendum í allri umræðu okkar, hvort sem við ræðum skatta, menntamál, framtíðarskipan gjaldmiðils eða veru innan eða utan ESB.

Það er deginum ljósara að skýrt og einfalt skattkerfi sem gerir okkur samkeppnishæf um virðisaukandi starfsemi í landinu er ásamt menntun mikilvægasta forsenda þess að við verðum í hópi fremstu þjóða hvað lífskjör varðar á komandi árum. Næst þar á eftir kemur líklega spurningin um gjaldmiðilinn, sem verður sífellt áleitnari eftir því sem ljósara er að stærstu fyrirtæki landsins munu hvert af öðru hverfa frá krónunni.

Í þessu efni þýðir ekki að berja höfðinu við steininn. Við eigum auðvitað þann kost að stíga til baka og loka landinu, einangra okkur frá umheiminum og verða einhvers konar Albanía norðursins. Það er hins vegar óhugsandi að meirihluti þjóðarinnar vilji slíkt samfélag. Þær breytingar sem hafa orðið á samfélaginu hafa leitt til mikillar tekjuaukningar í samfélaginu. Ekkert er fullkomið í veröldinni og ýmsar hliðarverkanir aukinnar velsælar kunna að fara í taugarnar á einhverjum. Slíkt breytir ekki þeirri staðreynd að lægri skattar og einfaldara skattkerfi gera okkur að hæfari keppendum í viðskiptalífi heimsins. Það er forsenda framtíðarvelferðar í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉGG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ
 RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir
 FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson.
 Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.
 ISSN 1670-3871

SJÓVÁ FORVARNAHÚSIÐ

Íslensku forvarnaverðlaunin 2007

Auglýst er eftir tilnefningum til Íslensku forvarnaverðlaunanna fyrir árið 2007. Tilgangur þeirra er að verðlauna þá sem þykja skara fram úr í forvarnastarfi og hvetja þá og aðra til góðra verka.

Veittar verða viðurkenningar í þrem flokkum:

- Til fyrirtækis sem skarað hefur framúr í forvörnum
 - Til einstaklings sem sýnt hefur forystu og frumkvæði í forvörnum
 - Til félagasamtaka eða stofnana sem eru í fararbroddi í forvörnum
- Einn af þeim þremur sem hlýtur viðurkenningu fær síðan Íslensku forvarnaverðlaunin sem verða afhent í vor.

Sérstök dómnefnd mun meta allar tilnefningar.

Hægt er að senda inn tilnefningar á heimasíðu Sjóvá Forvarnahússins www.forvarnahusid.is til 5. mars 2007.

Nánari upplýsingar um Íslensku forvarnaverðlaunin veita Einar Guðmundsson og Herdís Storgaard forstöðumenn Sjóvá Forvarnahússins, netfang: forvarnahusid@sjova.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Greið leið

Röskva vann Vöku í stúdentaráðs-kosningunum fyrir helgi. Röskvufólk hefur ekki haldið hópinn þegar út í landsmálin er komið. Sé horft langt aftur hafa Steinunn Valdis Óskarsdóttir, Dagur B. Eggertsson og Katrín Júlíusdóttir farið í Samfylkinguna. Guðjón Ólafur Jónsson, Björn Ingi Hrafnsson og Dagný Jónsdóttir fóru í Framsókn. Fáir virðast rata í raðir VG þó að eflaust séu þar margir úr innsta kjarna Röskvu. Leiðin úr Vöku liggur langoftast í Sjálfstæðisflokkinn. Það má sjá á ungliðapólitíkinni þar sem Borgar Þór Einarsson ræður ríkjum. Einnig voru Illugi Gunnarsson, Birgir Ármannsson, Sigrður Kári Kristjánsson og Gísli Marteinn Baldursson í framboði fyrir Vöku.

Vísaskuld

Mannanafnanefnd hefur nýlega lagt blessun sína yfir stúlknanöfnin Vísa og Skuld. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að skuldum vafnir Íslenskir nútímaforeldrar velji nafnið Vísa Skuld á dóttur sína. Líklega ekkert verra en að heita Erlendur Hreimur, Dís Ester, Borgar Vörður eða Ósk Ýr.

Hallargarðurinn

Borgarfulltrúar fengu að kynna sér tilboð í Frikirkjuveg 11 sama dag og samþykkt var að selja húsið til Björgólfs Thors Björgólfssonar. Borgarbúar fá ekki frekari upplýsingar um önnur



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Alþjóðavæðing

Danir og alþjóðavæðingin

Tillögur dönsku ríkisstjórnarinnar um breytingar á skattalöggjöfnni eru athyglisverðar. Þær endurspeglar umræðu sem fer nú fram bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum um alþjóðavæðinguna og þá sérstaklega þann hluta hennar sem snýr að frjálsu flæði fjármagns á milli landa. Ég held að það sé rétt hjá mönnum eins og Hannei Smárasyni forstjóra FL Group og Jess Søderberg forstjóra A.P. Møller – Mærsk, að verði þessar tillögur að lögum, megi gera ráð fyrir því að meðal annars muni draga úr umsvifum fjárfestingafyrirtækja í Danmörku. En það hangir fleira á spýttunni. Ég hef áður nefnt það á þessum vettvangi að Vesturlönd standa frammi fyrir flóknu viðfangsefni vegna alþjóðavæðingarinnar. Það felst í því að hlutur fjármagnsins í þeim ávinningi sem alþjóðavæðingin hefur skapað er miklu meiri en hlutur vinnuafslins á Vesturlöndum.

Þessi þróun, sem meðal annars kemur til vegna þess hversu hreyfing anlegt fjármagn er, veldur vaxandi spennu. Veik samkeppnisstaða verkafólks gagnvart vinnuafli Asíu og Austur-Evrópu, ásamt veikari verkalýðsfélögum í Evrópu en áður var, þýðir að það eykist þrýstingur á stjórnmálamenn og stjórnvöld að snúa þessari þróun við. Mér þykir það ekki ólíklegt að gangi þessi stefna dönsku ríkisstjórnarinnar fram muni aðrar ríkisstjórnir í Evrópu hugsa sér til hreyfings, ekki endilega með nákvæmlega sama hætti og sú danska en í átt til þess að takmarka hversu auðveldlega fjármagn hreyfist á milli landa. Gangi það eftir yrði niðurstaðan vond fyrir Evrópu. Það er nefnilega Evrópa sem á hvað mest undir því að heimsviðskiptin, bæði með vörur og fjármagn, séu sem frjálsum. Þjóðir ESB eru samantlagt mesti útflytjandi heimsins,



hlutur þjóðanna í heimsviðskiptunum er 16%, hlutur Bandaríkjanna 10% og hlutur Japan og Kína er innan við 7%, þó má reikna með að innan fárra ára muni Kína komast á toppinn á þessum lista.

Það væru mistök að draga úr samkeppnishæfni Evrópuríkja á alþjóðavettvangi með því að taka upp verndarstefnu á borð við þá sem Danir eru nú að hugleiða. Slík stefna myndi koma hart niður þegar til lengri tíma er lítið og jafnframt yrðu slík viðbrögð vatn á myllu þeirra sem um þessar mundir tala hvað mest fyrir verndaraðgerðum í Bandaríkjunum gegn viðskiptum við Kína. Viðskiptaátök á milli Kína og Bandaríkjanna myndu örugglega hafa slæm áhrif á heimsverslunina og þá um leið á efnahag Evrópuríkja. Verndarstefna leysir engan vanda, þvert á móti eykur hún hann ef eitthvað er. Þess vegna verða evrópsk stjórnvöld að fara aðrar leiðir til að koma til móts við þá spennu sem alþjóðavæðingin hefur skapað á Vesturlöndum. Að mínu mati hlýtur sú leið að liggja í gegnum menntakerfið og aukna fjárfestingu í rannsóknunum og þróun. Það er sú leið sem við Íslendingar höfum lagt áherslu á undanfarinn einn og hálfan áratug með góðum árangri.

Athugasemd vegna skrifna Árna Páls Árnasonar
 Í grein í Fréttablaðinu þann 9.

tilboð, og fulltrúar borgarráðs eru bundnir trúnaði. Nýir eigendur buðu samt hæst í eignina. En þeir mega líka girða hana af samkvæmt samkomulaginu. Einnig var samþykkt í borgarráði að kanna hvort ekki væri hægt að selja Björgólfi stærri hluta af Hallargarðinum. Hugmynd er uppi um að byggja veg að húsinu frá Lækjargötunni og bæta aðkomuna. Á efri hæð hússins er ráðgert að útbúa gestaíbúðir. Málið verður rætt í borgarstjórn á þriðjudag. En varla efnislega um tilboðin. Þau eru leynd.

bjorgvin@frettabladid.is



febrúar síðastliðinn taldi Árni Páll að ég hefði tekið undir með sér að takmarka eigi möguleika orkufyrirtækjanna til að beita eignarnámsheimildum sem finna má í raforkulögum, en Árni hafði hvatt Sjálfstæðisflokkinn til að taka upp þá stefnu í grein í Fréttablaðinu þann 1. febrúar. Vegna þessara skrifna Árna finnst mér rétt að halda eftirfarandi til haga: Ég lagði til á opnum fundi hjá fulltrúaráði Sjálfstæðisflokksins þann 27. janúar að Sjálfstæðisflokkurinn gerði það að stefnu sinni á næsta landsfundi að takmarka þessar eignarnámsheimildir. Frá þessu var sagt í frétt í Fréttablaðinu þann 28. janúar og einnig gerði ég þessari hugmynd skil í sunnudagspistli þann sama dag. Þann 30. janúar var rætt um þessa tillögu mína í leiðara Fréttablaðsins og ég gerði að síðustu ítarlegri grein fyrir skoðun minni á þessu máli í grein þann 4. febrúar. Ég á því bágt með að fallast á það að ég hafi þann 27. janúar verið að taka undir skoðanir Árna Páls sem hann birti í grein 1. febrúar. Þessar tímasetningar eru auðvitað ekkert aðalatriði í lífinu og tilverunni, það skiptir ekki öllu hvaðan gott kemur, en mér fannst eins og áður sagði rétt að halda þessu til haga. Hvað varðar spurningu Árna Páls um afstöðu Sjálfstæðisflokksins til þessa sérstaka álitaefnis, þá er það þannig að Landsfundur Sjálfstæðisflokksins verður haldinn eftir nokkrar vikur. Þar koma saman yfir 1.000 sjálfstæðismenn úr höfuðborginni, öllum bæjum landsins, þorpum og sveitum, ráða þar saman ráðum sínum, stilla saman strengi og móta stefnu Sjálfstæðisflokksins. Ég lagði til að á þeim fundi verði tekin afstaða til þessarar tillögu minnar.

Hlustum á börnin!

UMRÆÐAN

Breiðavík

Atburðirnir á unglíngahæimilinu í Breiðavík hafa hreyft við mörgum og hefur Kastljós Sjóvarpsins þar vakið athygli á viðkvæmu en mikilvægu máli. Málið hefur nú verið rætt á Alþingi og er sjálfsgætt að skoða þessi mál bæði í sögulegu samhengi og til að koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig.

Við erum svo heppin að búa í ríku samfélagi þar sem kjör manna eru um margt miklu betri en víða annars staðar. Hjartað í þessu samfélagi er það velferðarkerfi sem hér var byggt upp á 20. öld, ekki síst vegna baráttu verkalýðsfélaga fyrir bættum kjörum og velferðarkerfi fyrir alla. Af þessum sökum eru brotalamir í kerfinu áfall fyrir marga en kenna okkur það að alltaf verð-



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

ur að vera vakandi fyrir slíkum götum. Það gleymist oft í því 200% lífi sem margur Íslendingurinn kys að lifa að lífa að börnin okkar eru viðkvæmt fólk sem þarf að gæta vel að. Þau eru valdalítill í samfélaginu og þurfa að reida sig á fullorðna fólk og velferð sína. Það er sameigin-

leg skylda okkar allra að hlú að öllum börnum og gæta þess að ekkert barn falli milli skips og bryggju. Við höfum efni á því að reka slíka barnapólitík, ekki síst vegna þess að til lengri tíma skilar hún arði hvernig sem á málið er lítið. Eitt barn sem villist af beinu brautinni kostar samfélagið ómælda fjármuni og ekki verða þeir minni ef viðbrögðin eru að niðast á því. Þá er ekki lítið á þær tilfinningar sem eru undir hjá stórum hópi fólks í kringum hverja manneskju. Því má alveg

eins segja að við höfum ekki efni á því að láta það eiga sig að móta markvissa stefnu í málefnum barna.

Samfélag samtímans er búið til af fullorðnum og að langmestu leyti hannað fyrir fullorðna. Það þarf vilja og kjark til að breyta samfélaginu í þá veru að það verði hlustað meira á börn og borin virðing fyrir þeirra þörfum og skoðunum. En nú er kominn tími til að málefni barna verði þungvæg í stjórnmálaumræðunni. Barnapólitík felst meðal annars í því að auka áhrif barna og leggja áherslu á skólapólitík fyrir börn. Hún felst líka í því að snúa samfélagið þannig að börnin fái meira rými og að foreldrar og börn fái aukin tækifæri til að vera saman. Slík nálgun krefst hugarfarsbreytingar atvinnurekenda, stjórnmálamanna og almennings í landinu en hún mun skila barnvænna samfélagi.

Höfundur er varaformaður Vinstri-grænna.

„Hann kompælar, diffar, greppar og straujar!“

Arna er eiginkona eins af tæknimönnum Nýherja. Hún skilur ekki alltaf hvað eiginmaðurinn gerir í vinnunni enda sérhæfing hans á sviði upplýsingatæknilausna slík að aðeins fáir skilja. Annars væri það ekki sérþekking.

Eiginmaður Örnur og samstarfsfólk hans leggur metnað sinn í að nýta þekkingu sína til að auka ávinninginn fyrir þig og fyrirtæki þitt. Það er þeirra fag.

P.S. Samband Örnur við eiginmann sinn er til fyrirmyndar þrátt fyrir að hann eigi það til að tala tungum í hennar eyru. Henni finnst þó jákvætt að hann skuli líka „strauja“ í vinnunni.



Hinnin og heit / SIA

Nýherji er markaðsdrifið þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framsæknum lausnum á sviði upplýsingatækni. Hlutverk fyrirtækisins er að skapa virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Með frábæru starfsfólki, betri lausnum og góðri samvinnu skapast forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.


NÝHERJI

LEIKARINN BURT REYNOLDS ER 71 ÁRS Í DAG.

„Hjónaband er líklega dýrasta leiðin fyrir meðal-jóninn að láta þvo af sér.“



tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 11. FEBRÚAR 1945

Jalta-ráðstefnunni lýkur

Pennan dag árið 1945 lauk Jalta-ráðstefnunni sem staðið hafði frá 4. september, en mikil leynd hvíldi yfir fundinum og fundarstaðnum. Fimmtudaginn 8. september 1945 greindi Morgunblaðið frá fundinum í aðalfrétt á forsíðu með fyrirsögninni: „Hinir „þrír stóru“ eru á fundi einhvers staðar við Svartahaf“. Undir samkomulagið skrifuðu Franklin Roosevelt Bandaríkjaforseti, Winston Churchill, forsætisráðherra Bretlands, og Jósef Stalín, leiðtogi Sovétríkjanna, en með samkomulaginu var sagt að stórveldin hefðu komið sér saman um hvernig skipta bæri heiminn eftir áhrifasvæðum landanna. Megintilgangurinn var engu að síður að ákveða hvernig standa ætti að endurreisn þjóðanna



sem Þjóðverjar höfðu lagt undir sig í heimsstyrjöldinni, auk skipulagningar hersettunnar í Þýskalandi. Leiðtogarnir þrír komu sér saman um að skipta Þýskalandi í svæði sem hver þjóðanna þriggja stjórnaði. Pólland fékk sjálfstæði og Júgóslavía eigin ríkisstjórn. Sovéttmenn hættu við fyrirætlanir sínar um að segja Japönnum stríð á hendur gegn því að halda áhrifum á ákveðnum svæðum. Meðal skilyrða var að óbreytt ástand héldist í Ytri-Mongólíu, endurheimt yfirráða yfir suðurhluta Sjakalín og aðliggjandi eyja og Kúrileyjar átti að afhenda Rússum. Bandaríkin og Bretland féllust líka á að styðja Úkraínu og Hvíta-Rússland sem aðskilin ríki innan Sameinuðu þjóðanna.

MERKISATBURÐIR

- 1254 Breska þingið kemur saman í fyrsta sinn.
- 1531 Hinrik VIII er víðurkenndur sem höfuð kirkjunnar í Englandi.
- 1906 Hið íslenska bókbindarafélag stofnað í Reykjavík.
- 1911 Kvinnaskólinn á Blönduósi brennur til kaldra kola.
- 1971 63 þjóðir undirrita með viðhöfn í Washington, London og Moskvu, samkomulag um bann við kjarnorkuvopnum á sjávarbotni.
- 1975 Margrét Thatcher verður fyrsta konan til að leiða Breska íhaldsflokkinn.
- 1990 Mannréttindabaráttumaðurinn Nelson Mandela er látinn laus eftir 27 ára fangelsisvist í Suður-Afríku.

SÉRA EINAR SIGURBJÖRNSSON: REKUR SMÍÐSHÖGGIÐ Á NÝJA BIBLÍUPÝÐINGU

Biblían færð til nútímahorfs

Biblíudagurinn er haldinn í dag og markar tímamót; í útvarpsmessu lýkur þýðingarstarfi nýrrar útgáfu Biblíunnar sem JPV gefur út í haust. Séra Einar Sigurbjörnsson, prófessor í guðfræði, annast guðþjónustuna en hann var formaður þýðingarnefndar Nýja testamentisins. Guðrún Kvaran, forstöðumaður Orðabókar Háskólans, var formaður þýðingarnefndar Gamla testamentisins.

En hví ný þýðing? „Núgildandi útgáfa Biblíunnar er í stórum dráttum frá árinu 1912,“ segir séra Einar. „Endurskoðuð útgáfa kom út árið 1981, aðallega á Nýja testamentinu. Málið hefur tekið einhverjum breytingum á undangenginni öld, þótt litlar séu enda Íslendingar málfarslegir íhaldsmenn. Vissir hlutir eru hins vegar færðir til nútímahorfs, til dæmis er fleirtölumyndinni vér og þér breytt í við og þið. Í vissum textum standa gömlu fleirtölumyndirnar óbreyttar, meðal annars í Davíðssálmum og ræðum Jesú í Nýja testamentinu.“

Að ráðast í nýja heildarþýðingu Biblíunnar er gríðarmikið verk; þýðingin á Gamla testamentinu hófst til dæmis árið 1990 og þýtt er úr frummálunum, sem eru aðallega hebreska og arameíska. Séra Einar segir að eðli málsins samkvæmt hljóti þýðandinn að nálgast textann af vissri andakt. „En þó að þetta sé helgirit er þetta líka hluti íslenskrar menningar og bókmennta. Það verður því að fara varlega í ákveðnar breytingar, textinn er hreinlega of kunnur svo ákaflega mörgum.“

Séra Einar vonar fyrir sína parta að

SÉRA EINAR SIGURBJÖRNSSON „Það verður því að fara varlega í ákveðnar breytingar, textinn er hreinlega of kunnur svo ákaflega mörgum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



nýja þýðingin leiði til þess að fleiri muni velja Biblíunni fyrir sér. „Alltaf þegar ný þýðing kemur út verður um hana umræða, ég held að það fylgi eðli málsins, og verður vonandi til þess að vekja áhuga á ritinu. Margir eiga eflaust eftir að gagnrýna þýðinguna, finnst of skammt gengið í breytingum og svo hinir sem telja að við höfum gengið allt of langt.“

Jóhann Páll Valdimarsson útgefandi veit sem er að þrykkið skiptir ekki síður máli en textinn og tekur undir með Einari að það borgi sig ekki að flana að neinu þegar „bók bókana“ á í hlut. „Þetta er mikið ábyrgðarhlutverk fyrir okkur hjá JPV,“ segir Jóhann Páll. Hann kveðst hafa haft að leiðarljósi að leturgerð og umbrot geri nýju útgáfuna skýrari og læsilegri en áður. „Til dæmis verður Biblían í fyrsta sinn prentuð með aukalit sem notaður er í kaflaheiti, hausa og fleira. Allt stuðlar það að því

ad gera bókinu nútímalegri og aðgengilegri læsu fólki.“

Forleggjarinn bætir við að fyrir þá sem hafa gaman af bókagerð sé Biblían draumaverkefni. „Þetta er stórkostlegt tækifæri til að fá útrás fyrir sköpunarþörfina. Ég sé til dæmis fyrir í framtíðinni ótal mismunandi útgáfur af Biblíunni, til dæmis myndskreytta útgáfu með fyrstu íslensku myndlistarmönnum, allri kirkjulistinni. Svo mætti gefa hana út myndskreytta af samtímamönnum.“

Þótt tæp öld sé liðin síðan síðasta heildarþýðing Biblíunnar kom út og tímarnir séu aðrir telur séra Einar erindi hennar alltaf jafn brýnt. „Þetta er grundvallarrit kristinnar trúar og ég vil ganga svo langt að fullyrða að þetta sé undirstaða íslenskrar menningar. Söguskilningur íslensku þjóðarinnar og sjálfskilningur er þarna lagður.“

bergsteinn@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir og systir,

Björg Haraldsdóttir

Breiðvangi 18, Hafnarfirði,

verður jarðsöngin frá Hafnarfjarðarkirkju, mánudaginn 12. febrúar kl. 11.00.

Jóhann Petersen
Katrín Þórhildur Jóhannsdóttir
Halldór Þórður Haraldsson
Ástbjörg Guðrún Haraldsdóttir
Friðrik Haraldsson
og aðrir aðstandendur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Laufey Valgeirsdóttir

húsfreyja, Bjarnarhöfn,

lést á Sankti Franciskusspítalanum í Stykkishólmi þriðjudaginn 6. febrúar sl. Útförin tilkynnt síðar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Aðalheiður Bjarnadóttir	Jónas Þorsteinsson
Hildibrandur Bjarnason	Hrefna Garðarsdóttir
Sibilla Bjarnason	
Ásta Bjarnadóttir	Bjarni Alexandersson
Sesselja Bjarnadóttir	Ríkhartó Brynjólfsson
Jón Bjarnason	Ingbjörg S. Kolka Bergsteinsdóttir
Karl Bjarnason	Jóhanna Karlsdóttir
Guðrún Bjarnadóttir	
Signý Bjarnadóttir	Hjálmar Jónsson
Valgeir Bjarnason	Ingbjörg Elsa Björnsdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Högni Jónsson

Grandavegi 47,

verður jarðsöngin frá Neskirkju þriðjudaginn 13. febrúar kl. 13. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hins látna er vinsamlegast bent á líknar- og styrktarsjóð Oddfellowreglunnar.

Jón V. Högnason	Þórunn E. Baldvinsdóttir
Gunnar Högnason	
Sveinbjörn Högnason	Sigríður Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.	



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, og langafi,

Björgvin Hannesson

Suðurlíð 38 b, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Grensáskirkju þriðjudaginn 13. febrúar kl. 15.

Margrét Hallgrímsdóttir	
Ríkhartó Sverrisson	Auður Pétursdóttir
Magnús Björgvinsson	
Andrés Björgvinsson	
Ingveldur Björgvinsdóttir	Eyþór Eggertsson
afabörn og langafabörn.	



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Haldóra Sigrún Ólafsdóttir

frá Lambavatni, Gullsmára 8, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut að morgni 6. febrúar. Hún verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 13. febrúar kl. 15.00.

Halldór Viðar Pétursson	
Kolbrún Kristjana Halldórsdóttir	Ágúst Pétursson
Elín Huld Halldórsdóttir	Gunnar Theodór Þorsteinsson
Pétur Már Halldórsson	Sigurlína Margrét Magnúsdóttir
Sigrún Halla Halldórsdóttir og barnabörn	



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Finnur Friðrik Einarsson

frá Gufuá, Ánahlíð 2, Borgarnesi,

verður jarðsöngin frá Borgarnesarkirkju miðvikudaginn 14. febrúar kl. 14. Þeir sem vilja minnast hans láti Sjúkrahús Akraness eða aðrar líknarstofnanir njóta þess.

Sólveig Sigríður Finnsdóttir	Þorsteinn Hliðdal Vilhjálmsson
Guðmundur Finnsson	Jenný Svana Halldórsdóttir
Sesselja Valdis Finnsdóttir	Kristján Björnsson
Gróa Finnsdóttir	Ólafur Ingi Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.	

LEGSTEINAR

TILBOÐSDAGAR
allt að 50% afsláttur
af legsteinum og
fylgihlutum

Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 110 Reykjavík
sími 587 1960 www.mosaik.is

LEGSTEINAR Á AFSLÆTTI

frá kr. 31.900 með áletrun og uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



Runar Geimundsson



Sigurður Rúnarsson



Eils Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.



Stofnað 1990



**Komdu
norður!**



Matur



Menning



Þægindi



Afslöppun

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Og svo eru Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, skemmtileg söfn, tónleikar, fjöldi gallería – og kaflar úr menningar- og listasögu landsins í hverju skrefi.
- Skíðaparadís (með heimatilbúnum snjó ef þarf), 2 sundlaugar, 3 líkamsræktarstöðvar, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, skipulagðar gönguleiðir, óvissuferðir – og svo að sjálfsögðu Kjarnaskógur, þessi perla!
- 4 hótél, 16 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 3 tjaldsvæði – og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 15 veitingastaðir, 6 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval fjölda ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar um ferðamöguleika og viðburði á akureyri.is og norurland.is.

Las dagblöðin betur en námsbækurnar

Jarðskjálftar, eldgos og þorskastríð eru **Kára Jónassyni** efst í huga þegar hann lítur yfir feril sinn í fjölmiðlun. Hann segir blaðamenskuna á ágætri vegferð en hefur áhyggjur af hrakandi íslenskukunnáttu landsmanna. **Björn Þór Sigbjörnsson** ræðir við Kára við lok fréttavaktar sem staðið hefur í 45 ár.

Tvenn tímamót eru í lífi Kára Jónassonar í dag. Hann er 67 ára og lætur um leið af starfi ritstjóra Fréttablaðsins. Kári er vel á sig kominn og ekki annað að sjá en hann búi yfir nægri starfsorku. Því má spyrja hvers vegna hann ákveði að hætta að vinna. „Ég ákvað fyrir löngu að verða ekki ellidauður í starfi, hvorki á Útvarpinu né annars staðar,“ segir Kári, sem var fréttastjóri Útvarps í átján ár áður en hann varð ritstjóri Fréttablaðsins haustið 2004. „Mér bauðst tilbreyting í starfi þegar ég fór á Fréttablaðið og ætlaði að vera þar í tvö ár eða svo. Nú eru þau liðin. Ég hef verið á fréttavakt í 45 ár og það er alveg nóg.“

Eiginleg blaðamenska Kára hófst á Tímanum, málgagn Framsóknarflokksins, 1963. Eins og flestir aðrir starfsmenn blaðsins var Kári í Framsóknarflokknum og tók þátt í starfi hans í tvö til þrjú ár. Hann sagði sig úr flokknum eftir að hann byrjaði á Útvarpinu. „Ég held að mörgum hafi fundist græn slikja yfir mér alla tíð síðan en ég hef haldið mig algjörlega frá pólitík. Það var ágætt að kynna innviðum flokks og sjá hvernig menn vinna í flokki en ég hef átt mjög gott samstarf við fólk í öllum flokkum.“ Kári brosir þegar hann er spurður hvort hann hafi kosið Framsókn allar götur síðan og svarar því einu til að hann hafi alltaf farið á kjörstað. Hann bætir reyndar við að í þriggung hafi honum boðist að fara í framboð – af þremur flokkum.

Örlagastundir í Sjallanum

Á tímum Kára á Tímanum var öðruvísi umhorfs á fjölmiðlamarkaðnum en nú er. Flokksblöðin voru upp á sitt besta og þar af leiðandi hvert með sínum hætti. Kári segir dagblöðin þrjú sem nú koma út full lík og saknar gamla tímans. „Maður las blöðin með ákveðnum gleraugum. Við á Tímanum vorum svo sem ekki að skamma Sambandið mikið en Indriði G. Þorsteinsson ritstjóri innrætti okkur að vera í fréttum en ekki pólitík. Aðrir sáu um það.“

Það var einmitt Indriði sem réði Kára á Tímann. Fundum þeirra bar saman í frægu húsi við Geislagötu á Akureyri. „Indriði gekk gjarnan frá bókunum sínum á Akureyri og hann var að ljúka við Land og syni árið 1963. Við hittumst fyrir tilviljun á balli í Sjallanum.“

Gengið var frá ráðningunni á staðnum við undirleik Hljómsveitar Ingimars Eydal.

Sjallinn virðist vettvangur örlagastunda í lífi Kára því síðar kynntist hann þar eiginkonu sinni, Ragnhildi Valdímarsdóttur. Og auðvitað var Hljómsveit Ingimars líka að spila þá.

Rólegra þjóðfélag

Þó að sumum finnist býsna margt markvert vera á seyði í samfélaginu nú um stundir hverfur hugur Kára aftur um áratugi þegar hann rifjar upp minnisstæða viðburði frá ferlinum. Jarðskjálftar, eldgos og þorskastríð koma upp í hugann. „Ég segi oft að á þessum árum hafi hlutirnir verið að gerast. Til dæmis þegar vinstri stjórnin tók við 1971 og Morgunblaðið fór hamförum varðandi brottför hersins og landhelgisútfærsluna. Þjóðfélagið hefur róast, áður voru eilíf átök um viðskiptalíf, Sambandið og fleira.“

Náttúruumbrot voru tíð og Kári sinni þeim öðrum fremur. „Surtseyjargosið hófst stuttu eftir að ég byrjaði á Tímanum og ég fór þangað tuttugu og tvisvar sinnum, ýmist fljúgandi eða siglandi.“ Kára telst til að ferðir hans að Mývatnseldum hafi verið átta og hann var einnig sendur á vettvang þegar gosið hófst í Heimaey í janúar 1973. „Ég fór þangað fyrstu nóttina og var þar í tíu daga. Þar var líka Árni Gunnarsson fyrir Útvarpið og hann varð valdur að því að ég byrjaði á Útvarpinu. Hann lagði út net og ég talaði svo við Margréti Indriðadóttur fréttastjóra.“

Tilviljanir og óvæntar aðstæður hafa ráðið miklu um hvar Kári hefur ráðið til starfa en snemma var ljóst að blaðamenska höfðaði til hans. „Mamma sagði mér að ég hefði lesið dagblöðin á heimilinu betur en námsbækurnar. Ætli blaðamannabakterían sé ekki komin þaðan.“

Íslenskukunnáttu hrakar

Eina ferðina enn er umrót á blaðamarkaðnum og ný blöð væntanleg. Kári segir ánægjulegt að eitthvað skuli gerast í fjölmiðlun en sér ekki fjárhagslegan grundvöll fyrir öll nýju blöðin. „Ég vona að þessi nýju blöð séu með góða bakhjarla og hafi tryggt fjármagn til að halda eitthvað út. Ég vona líka að þau hleypi lífi í fjölmiðlunina og geri hana fjölbreyttari.“

Kári telur blaðamenskuna á Íslandi vera á ágætri vegferð, margt ungt og vel menntað fólk starfi á fjölmiðlunum. „Ég hef tekið eftir því að unga fólkið treystir mjög á netið og tölvurnar en það kemur ekkert í staðinn fyrir persónuleg tengsl. Blaðamenn eiga að stefna að því að ná persónulegu og góðu sambandi við embættismenn, stjórnsmálsmenn og annað lykilfólk í samfélaginu. Ekkert net kemur í staðinn fyrir að kynna fólk.“

Þá hefur Kári áhyggjur af hrakandi íslenskukunnáttu þjóðarinnar. „Fólk kemur úr háskóla eftir margra ára nám, sumt með tvær prófgráður, en talar ekki boðlega íslensku. Þetta á við um blaðamenn og fólk á öðrum stöð-

um í þjóðfélaginu. Það er eitt-hvað að skólakerfi sem skilar svona fólk út í samfélagið og það verður að taka á þessu.“

Nýtt andlit Fréttablaðsins

Þegar Kári var ráðinn að Fréttablaðinu voru átökin um fjölmiðlöggin nýafstaðin en blaðið var þar í brennidepli. Í opinberri umræðu var því haldið fram að Kára væri ætlað að ljá blaðinu trúverðuleika af því tagi sem einkenndi fréttastofu Útvarps. Kári segir nokkuð til í því. „Ég ætlaði aldrei að reyna að færa einhvern Útvarpsblá á blaðið en því er ekki að leyna að þegar ég var ráðinn var mér sagt að það veitti ekki af að fá nýtt andlit á blaðið.“


Það er mat Kára að sú ætlun hafi heppnast. „Ég kom alls ekki einn að því en það hefur tekist að marka Fréttablaðinu ákveðinn sess í þjóðfélaginu. Við keppum ekki að því að verða Mogginn heldur fjölmiðill sem fólk tekur mark



Maður las blöðin með ákveðnum gleraugum. Við á Tímanum vorum svo sem ekki að skamma Sambandið mikið en Indriði G. Þorsteinsson ritstjóri innrætti okkur að vera í fréttum en ekki pólitík.

á og sækir upplýsingar og fréttir í. Við ritstjórnir höfum reynt að byggja upp umræðu í blaðinu og mér sýnist það vera að takast en allt tekur sinn tíma.“

Fréttablaðið hefur oft verið sagt hallt undir eigendur sína og draga taum þeirra í erfiðum málum. Kári kveðst aldrei hafa haft áhyggjur af eignarhaldi blaðsins, ekki frekar en eignarhaldi annarra blaða, til dæmis Morgunblaðsins. „Ég hiti Jón Ásgeir Jóhannesson í tíu til tuttugu mínútur áður en ég byrjaði á blaðinu og það eru mín einu samskipti við hann. Reyndar hiti ég Kára Stefánsson í Íslenskrí erfðagreiningu nokkrum sinnum en hann var þá í eigendahópnum. En aldrei varð ég var við neinn þrýsting og aldrei átti ég nein samskipti



KÁRI JÓNASSON Lætur nú af störfum sem ritstjóri Fréttablaðsins en hann hefur starfað í blaða- og fréttamenskun í 45 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



STENDUR VAKTINA VIÐ SURTSEY Kári var blaðamaður á Tímanum þegar Surtseyjargosið hófst í nóvember 1963. Hér er hann í einni af mörgum ferðum sínum út að Surtsey.

við eigendurna í sambandi við ritstjórn blaðsins.“

Sigur fyrir blaðamenskuna

Árin á Fréttablaðinu voru ekki alltaf dans á rósum og meðal annars mátti Kári þola stefnu af hálfu Jónínu Benediktsdóttur vegna skrifa um tölvupóst hennar. Kári segir það hafa verið hálf leiðinlega reynslu sem þó endaði vel. „Ég þurfti sem ábyrgðarmaður blaðsins að verja þetta en Sigurjón Magnús Egilsson fréttarítstjóri hafði fengið þessi gögn. Ég sá þau hjá honum en vissi ekki hvaðan þau komu. En það er lykilatriði í málinu að það var rétt við eitt aðalvitnið, Styrmi Gunnarsson, og hann staðfesti þessa tölvu-

pósta. Ég er efins um að við hefðum farið út í þetta án þess að fá þetta staðfest.“

Kára létti þegar málið var afstaðið og segir lyktri þess sigur fyrir blaðamenskuna á Íslandi. „Ein setning úr dómi Hæstaréttar gladdi blaðamannshjarta mitt en þar sagði að málið hefði átt erindi til almennings.“

Ýmislegt fram undan

Þó að starfsævinni sé að ljúka er ýmislegt fram undan hjá Kára Jónassyni. Hann er á leið í árlegt skíðaferðalag í Ölpunum og norður í landi á hann jörð ásamt öðrum og þar bíða næg verkefni sem setið hafa á hakanum. „Svo vill þannig til að þegar fréttist af starfslokum mínum var ég beðinn að annast ákveðið verkefni sem ég kiki kannski á þegar ég kem heim af skíðunum.“ Hann vill ekki upplýsa nánar í hverju það felst, segir það koma í ljós. Þá hyggst hann fara í gegnum dagott ljósmyndasafn sem hann á. „Ég tók mikið af myndum í gamla daga og ég hef uppgötvað að margar þeirra hafa söfnunargildi,“ segir hann og nefnir sem dæmi litmynd af karlinum á kassanum á Lækjartorgi tekna 1955.

Kári segist ánægður með starfsferil sinn, margt skemmtilegt og óvænt hafi gerst en annirnar hafi verið miklar. „Ég var kannski ekkert ógurlega góður fjölskylduafaðir, ekki alltaf kominn heim á kvöldin og svona, en ég átti og á góða fjölskyldu.“ ■

FERILL KÁRA JÓNASSONAR

- 1960 Fulltrúi hjá Happraetti HÍ
- 1962 Blaðamaður hjá fræðsludeild Sambandsins
- 1963 Blaðamaður á Tímanum
- 1967 Upplýsingafulltrúi hægri umferðar
- 1968 Blaðamaður á Tímanum
- 1973 Fréttamaður á fréttastofu Útvarps
- 1980 Varafréttastjóri fréttastofu Útvarps
- 1987 Fréttastjóri fréttastofu Útvarps
- 2004 Ritstjóri Fréttablaðsins



RITSTJÓRAR FRÉTTABLAÐSINS Þorsteinn Pálsson ritstjóri, Steinunn Stefánsdóttir aðstoðarritstjóri, Jón Kaldal ritstjóri og Kári Jónasson, fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Á FRÉTTASTOFU ÚTVARPS Kári var fréttastjóri Fréttastofu Útvarps í átján ár. Hér er hann í fréttastúdíóinu með samstarfsfólki sínu til margra ára. Frá vinstri: Björg Eva Erlendsdóttir, Broddi Broddason, Sigríður Arnadóttir, Óðinn Jónsson, Ásgeir Tómasson og Jón Guðni Kristjánsson.

Miðasalan er hafin á www.listahatid.is

Ómótstæðileg
tónlist!

**Goran Bregovic – fjör fyrir
brúðkaup og jarðarfirir**
Í samstarfi við
tónlistarhátíðina Vorblót.
Laugardalshöll 19. maí.
Miðaverð: 4.900 / 5.900



Breskt leikhús eins og
það gerist best!

Cheek by Jowl – Cymbeline
eftir W. Shakespeare.
Í samstarfi við Þjóðleikhúsið.
Þjóðleikhúsinu 15., 16., 17. og
18. maí. Miðaverð: 3.300

Eitt flottasta
djassbandið í
heiminum í dag!

Djasstrío E.S.T. Nasa 25. og
26. maí. Miðaverð: 3.300



Trúðar og töfrandi tónlist!

Les Kunz. Samstarfsverkefni
með Leikfélagi Akureyrar
og Menningarráði
Fljótsdalshéraðs.
Þjóðleikhúsinu 11. og 12. maí.
Miðaverð: 2.000
Samkomuhúsinu Akureyri 13.
og 14. maí, Íþróttamiðstöðinni
Egilsstöðum 16. og 17. maí. *



Fremstu barítónar heims!

Einsöngstónleikar Dmitri Hvorostovsky 20. maí
og Bryn Terfel 21. maí. Miðaverð: 5.900 / 6.400



Óvenjulegur tónlistarhópur frá Kongó!

Konono N°1 - Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi 11. maí.
Miðaverð: 2.700



Einn besti ballettflokkur veraldar!

San Francisco ballettinn - ballettar eftir Helga Tómasson.
Í samstarfi við Borgarleikhúsið. Sjö sýningar í Borgarleik-
húsinu 16., 17., 18., 19. og 20. maí. Miðaverð: 4.800



ÍSLENSKIR TÓNLISTARMENN Á LISTAHÁTÍÐ

Tónamínútur – verk eftir Atla Heimi Sveinsson. Áshildur Haraldsdóttir, Anna Guðný
Guðmundsdóttir og Atli Heimir Sveinsson. Þjóðleikhúsinu 13. maí. Miðaverð: 2.700

Kammersveit Reykjavíkur og kvartettar Jóns Leifs. Listasafni Íslands 17. maí. Miðaverð: 2.700

Hljóðkompaníið - Icelandic sound company. Ríkhartur H. Friðriksson, Egill Ólafsson, Gunnar
Kristinsson og Kirsten Eberle. Hallgrímskirkju 23. maí. Miðaverð: 2.700

UNGIR EINLEIKARAR Á LISTAHÁTÍÐ

Elfa Rún Kristinsdóttir, Ari Vilhjálmsson, Tinna Þorsteinsdóttir og fleiri.
Tónlistarhúsinu Ými 22., 23. og 24. maí. Miðaverð: 2.300

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS Á LISTAHÁTÍÐ

Franski píanistinn Hélène Grimaud. Háskólabíói 11. maí. Framlag frönsku
menningarkynningarinnar "Pourquoi Pas? Franskt vor á Íslandi 2007".

Die Wäلت der Zwischenfälle - ópera eftir Hafliða Hallgrímsson. Háskólabíói 18. maí. *

SPENNANDI ÍSLENSKAR LEIKSÝNINGAR Á LISTAHÁTÍÐ

Gyðjan í vélinni - Vatnadamsmeyjafélagið Hrafnhildur. Frumsýning í varðskipinu Óðni
10. maí. Miðaverð: 2.900

Yfirvofandi eftir Sigtrygg Magnason. Frumsýning í heimahúsi 14. maí. *

Partíland eftir Jón Atla Jónasson. Í samstarfi við Gilligogg og Þjóðleikhúsið. Frumsýning
í Þjóðleikhúsinu 26. maí. *

*Miðasala auglýst síðar



Miðasala

Miðasalan fer fram á www.listahatid.is og í síma 552 8588, alla
virka daga frá kl. 10 til 16. Miðasala á tónleika Goran Bregovic er
einnig á www.midi.is

www.listahatid.is

Á www.listahatid.is færðu nánari upplýsingar um viðburði á
Listahátíð 2007 og Listahátíð í Laugarborg, Eyjafirði. Þar er einnig
hægt að skoða myndbrot og lesa sér nánar til um viðburðina.

10.–26. maí 
Listahátíð
í Reykjavík 2007
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

Oft erfitt að grípa inn í líf fólks

Árið 2005 voru starfandi lögreglumenn á landinu rétt tæplega 800, þar af 717 karlmenn á móti 82 konum. Konum hefur þó mikið fjölgað í faginu síðustu árin og þær lögreglukonur sem **Júla Margrét Alexandersdóttir** hitti úr þremur mismunandi deildum lögreglunnar sögðust lítt finna fyrir því að þær ynnu í karlaumhverfi.

Pótt þær Aldís Hilmarsdóttir, Gná Guðjónsdóttir og Martha Sandholt starfi allar innan lögreglunnar er starf þeirra og bakgrunnur af afar ólíkum toga. Aldís er viðskiptafræðingur að mennt og hefur starfað hjá lögreglunni síðan árið 2003 en árið 2004 var hún skipaður lögreglufulltrúi hjá efnahagsbrotadeild. Gná vinnur á hæðinni fyrir ofan Aldísi við Skúlagötu, er einnig starfandi lögreglufulltrúi og það hjá alþjóðadeild. Áður en hún hóf störf í lögreglunni, árið 1998, kom hún víða við og hefur starfað við hin og þessi störf, rak eigin naglastofu, veitingastað og fleira. Martha Sandholt hefur fremur nýlega hafið störf hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Rúnt ár er síðan hún útskrifaðist úr Lögregluskólannum en þar áður kláraði hún stúdentspróf úr Versló.

Hvað kom til að þið ákváðuð að ganga í lögregluna?

Aldís: Ég var minnt á það um daginn af vinkonu minni að ég hefði rætt það við hana níu ára að ég ætlaði að verða lögreglu- maður, en ég hafði reyndar steinglymt þeim samræðum þar til hún minnti mig á þær. Þegar ég var að klára viðskiptafræðina sá ég að mig langaði eiginlega ekki að fara að vinna hjá einkafyrirtæki með það eitt að markmiði að gera hag þess fyrirtækis betri, það var einhver tilfinning þarna um að mig langaði til að gera þjóðfélaginu gagn. Mér fannst lögreglustarfið geta verið rétta leiðin til þess og fór því á heimasíðu Lögregluskólans, skróaði mig í inntökupróf og komst inn. Ég hef ríka réttlætis- kennd og fannst að það mætti alveg nýtast einhvers staðar.

Gná: Ég var líka stödd á eins konar tímamótum en ég var orðin 34 ára gömul þegar ég sótti um inngöngu í Lögregluskólann. Mig langaði mikið að setjast á skólabekk eftir að hafa unnið í viðskiptalífnum, sem dagamma og í ýmsum rekstri í fjöldamörg ár ásamt því að ala upp fjögur börn, en það yngsta var sjö ára þegar ég hóf nám í skólann. Svo vildi til að mikil umfjöllun var um lögregluna á þessum tíma í fjölmiðlum og það vakti áhuga minn, mér fannst þetta geta orðið spennandi reynsla.

Martha: Mín fyrstu kynni af starfi lögreglunnar voru í desember 2003 en þá lenti ég í smá umferðaróhappi. Eftir það fór ég að fylgjast með starfi hennar, las lögreglufréttir af áhuga og fannst þetta hljóma mjög skemmtilegt og fjölbreytt starf. Ég sótti svo að endingu um að komast inn í skólann árið 2004 og sé ekki eftir því.

Flókin og tímarek verkefni

Flestir byrja starf sitt í almennri deild lögreglunnar, en það er sú deild sem er sýnileg á götum úti, og halda áfram að starfa þar eða færa sig yfir í einhverja aðra deild. Þannig er Martha búin að vera í ár í almennri deild og segist gjarnan vilja starfa þar áfram og Gná og Aldís byrjuðu þar sömuleiðis. Götulögreglan sinnir öllum almennum útköllum, allt frá upplýsingagjöf, umferðarslys- um og upp í innbrot, og er yfirleitt fyrst á vettvang. Efnahags- brotadeild sinnir alvarlegum fjármunabrotum sem framin

eru í annars löglegru starfsemi. Sem dæmi um brot má nefna fjársvik, fjárdrátt, peninga- þvætti og fleira. Eins og alþjóð veit hefur mikið af verkefnum legið fyrir hjá efnahagsbrotadeild undanfarið ár og var Aldísi boðið starf í deildinni árið 2004. Alþjóðadeildin hefur öll mál á sinni könnu er varða samskipti lögreglunnar við útlönd. Þar er Interpol og Eur- opol líka staðsett en segja má að alþjóðadeildin sé eins konar pósthólf þar sem öll erindi sem berast eru flokkuð og skoðuð og ákveðið hvort aðhafast þurfi eitthvað í málinu.

Er eitthvað til sem heitir dæmi- gerður dagur í starfinu?

Martha: Nei, það er ekki hægt að segja það. Þarna fær maður smjörþefinn af öllu því sem lög- reglan kemur nálægt og oftast en ekki þarf maður að taka U- beygju á Hringbraut og ganga í óvænt verkefni. Einn daginn ertu kannski að hjálpa álfum yfir Hringbraut og þann næsta að koma að alvarlegu slysi. Þessa dagana er ég ásamt ann- arri lögreglukonu í sex mánaða tilraunaverkefni. Við erum saman á bíl í einu hverfi Reykja- víkur og markmiðið er að læra inn á hverfið, á hverju þarf að taka og tryggja markvissari löggæslu.

Aldís: Oftast er maður með 1-3 mál á sinni könnu, eftir því hvað þau eru stór, og dagurinn fer í það að vinna upp úr gögnum, leita til banka og fyrirtækja um allan bæ, setja gögnin upp og tala við fólk og fá skýringar frá því sem þarf svo að skoða miðað við gögnin. Hingað koma stóru málin úr viðskiptalífnum, mál sem eru erfið og flókin. Meirihluta þeirra er kannski verið að rann- saka í fyrsta skipti á Íslandi og engin forskrift til um hvernig rannsóknin skuli fara fram. Þegar stór mál koma upp úti á landi höfum við líka verið í að aðstoða við rannsókn þeirra og þegar Neskaupstaðarmálið kom upp vorum við með það mál nær alfarið á okkar könnu ásamt Tæknideildinni. Þegar mál koma upp þar sem brotin eru enn yfir- standandi fer öll deildin í það þar sem nauðsynlegt er að vinna hratt. Manneskjan er eftir atvik- um handtekin, krafist gæslu- varðhalds og gerð húsléit og þá auðvitað er nauðsynlegt að við- komandi þurfi ekki að vera of lengi í varðhaldi. Eftir að gerð hefur verið húsléit og nauðsyn- legum gögnum hefur verið safnað er viðkomandi sleppt og við tekur rannsókn sem getur tekið frá einum mánuði til nokkurra ára.

Gná: Við sinnum ótrúlega fjöl- breyttum verkefnum. Sem dæmi um hvers kyns verkefni eru sem við sinnum í deildinni má nefna að ef Íslendingur er hand- tekinn í London hefur breska lög- reglan samband við Interpol í Reykjavík og í framhaldinu athugum við feril mannsins, sakavottorð og annað er lýtur að þeim handtekn og sendum út. Seinna meir er þessi maður kannski dæmdur í fangelsi og ef hann vill sitja af sér dóminn hér- lendis þarf að framselja hann til Íslands. Þá er það gert með aðstoð okkar og við lögreglu- mennirnir í alþjóðadeildinni förum út og sækjum hann og fylgjum heim. Það eru því lög- reglumenn hjá alþjóðadeildinni sem sjá um að flytja framselda Íslendinga heim, sem og að senda



MARGS KONAR VERKEFNUM AÐ SINNA Þær Gná Guðjónsdóttir, Aldís Hilmarsdóttir og Martha Sandholt eru með erfið mál á sinni könnu innan lögreglunnar, svo sem stór og flókin efnahagsbrot, heimiliserjur og fangaflutninga.

FJÖLDI LÖGREGLUMANNA VIÐ STÖRF VIÐ UPPHAF ÁRS EFTIR STARFSSTIGI OG KYNI

■ Af starfandi lögreglumönnum hinn 1. febrúar 2005 voru konur 10,2% og má nefna til samanburðar að í byrjun árs 1996 var hlutfall þeirra 4,3%

	2005		2006		1996*	
	Karl	Kona	Karl	Kona	Karl	Kona
Yfirlögregluþjónn	23	0	23	0	20	0
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	25	1	27	1	21	0
Aðalvarðstjóri/lögreglufulltrúi	91	8	89	8	45	1
Varðstjóri/rannsóknarlögreglu- maður	231	12	224	12	249	8
Aðstoðarvarðstjóri	21	0	28	0	56	0
Lögreglu- maður/flokksstjóri	219	48	214	43	190	17
Afleysingamaður	12	2	1	1		
Samtals lögreglumenn	622	71	606	65	581	26
Héraðslögreglu- maður	70	5	76	4		
Lögreglunemi	25	6	31	8		
Samtals	717	82	713	77		

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997. Skýrsla nefndar um bættu stöðu kvenna innan lögreglunnar.

til síns heima útlendinga sem vísað hefur verið úr landi á grundvelli útlendinga- eða refsilaga. Það er mikilvægt að passa upp á hvert einasta atriði þegar kemur að slíkum flutningum, öll tilskilin leyfi þurfa að vera fyrir hendi og í öllum flutningum þarf að finna flug- félög sem samþykkja það að fljúga með okkur. Ætli ferðir- ir séu ekki um 10-12 á ári og nú er ég einmitt að undirbúa eina slíka sem farin verður í næstu viku.

Það liggur beinast við að ætla að starf lögreglumanns sam- ræmist ekki fjölskyldulífi þegar svo títt er um ferðalög og vaktavinnu í flestum deild- um. Hvernig gengur að búa þannig um hnúta að heimil- islífið gjaldi þessa ekki?

Gná: Það er nauðsynlegt að hafa gott net í kringum sig því það er oft þannig að maður er einfaldlega fastur í vinnunni og kemst hvergi. Reyndar á ég í dag bara stálpaða krakka og svo frábæran eiginmann sem gengur í öll húsverk þannig að ég nýt góðs af því.

Martha: Unnusti minn er einnig í lögreglunni og við vinnum bæði vaktavinnu og erum sem betur fer á sömu vöktum. Við erum ekki með börn en ég get ímyndað mér að það sé smá þúlsuspil að samræma fjölskyldulíf og vinnu þegar bæði ganga vakt- ir.

Aldís: Við í efnahagsbrotadeildinni erum ekki á vöktum þannig að yfirleitt erum við í vinnunni frá kl. 9-5. Það er helst þegar stóru málin eru að hefjast að við erum hér fram á kvöld en það er sjaldgæfara, svo að starfið hentar fjöl- skyldulífi vel. Það eru aðrir þættir sem eru erfiðari við starfið en vinnutíminn.

Hvaða atriði eru það þá sem ykkur finnst erfið við starfið?

Aldís: Mannlegi þátturinn er stór hluti af starfinu og það er alltaf erfið að tala við fólk sem hefur misstigið sig og er fullt

iðrunar. Að sama skapi er það samt jákvætt því þá veit maður að þetta fólk er búið að iðrast og maður vonar bara að það bæti ráð sitt og geri sjálfu sér ekki meiri skaða. Í raun er ekkert mál eins því það er all- taf eitthvað fólk þarna á bak við sem maður þarf að hugsa um og þótt maður sé að vinna í þurrum skjólum má ekki gleyma fólkinu sem á þessi gögn og bjó þau til. Það er líka okkar að reyna að komast að því hvort fólk sé saklaust, það vonar enginn að fólk sé sekt. Mér finnst líka alltaf erfið að hlusta á ósanngjarna umfjöll- un um störf lögreglunnar í fjölmiðlum og þá á ég við þegar maður veit betur, að staðhæfingar eru ekki á rökum reistar, og það virðist vera meira um það upp á síðastlið. Lögreglumenn mega yfirleitt ekki tjá sig um einstök mál og eiga því erfitt með að verja sig.

Martha: Það eru mörg mjög erfið verkefni sem við í almennu deildinni þurfum að taka á. Erfiðast er að koma að alvarlegum slysum og að grípa inn í heimilisofbeldi, sérstaklega þar sem börn eiga í hlut. Oft er líka óþægilegt en jafnframt spennandi að vita aldrei hvernig dagurinn verður. Þú mætir bara vaktina og verður að vera til í allt.

Gná: Ég er hætt í almennu deildinni þannig að ég er ekki lengur í því að grípa inn í líf fólks á þennan hátt, nema hvað varðar brottvísanir úr landi. Það eru margir, oftast flótta- fólk, sem vilja alls ekki fara úr landi. Lögreglumenn þurfa að hafa ákveðna brynju því það er margt sem við sjáum sem aðrir sjá ekki og verðum við að geta sorterað og ákveðið að taka ekki aðskilið vinnuna og heimilislífið þrífast einfaldlega illa í þessu starfi.

Haldið þið að það sé munur á

því að vera kona eða karl í lögreglunni?

Martha: Mér hefur aldrei fundist það skipta máli og hef aldrei fundið fyrir því að ég sé kona í lögreglunni en ekki karl. Það er kannski helst að maður geti ímyndað sér að þegar upp koma mál eins og heimilisof- beldi að konum þyki stundum þægilegra að tala við okkur en það er allur gangur á því. Ég hef tekið eftir því að þegar við erum tvær saman á bíl er fólk stundum hissa en ánæggt að sjá tvær konur á bíl. Búningurinn mætti aftur á móti vera snið- inn betur að þörfum kvenna en það eru nýjar búningar væntan- legir í sumir sem ég hlakka mikið til að fá og vonandi eru þeir líka hlýrri.

Gná: Já, ég hlakka líka til þess og þá sérstaklega að losna við bindið. En hvað varð- ar þetta með karl og konu þá langar mig svolítið til að taka það einfaldlega út úr hugsun- arhættinum. Nú ruddi maður ekki brautina en í dag er þetta mjög þægilegt umhverfi fyrir konu að starfa í. Auðvitað koma upp aðstæður þar sem reynsluheimur kvenna nýttist umfram reynsluheim karla en það getur líka verið öfugt; þar sem karlmenn hafa ákveðinn reynsluheim að baki sem við höfum ekki. Borgarinn hugs- ar stundum að stöðva þurfi ofbeldi með valdi og finnst að karlmaður eigi að mæta á staðinn þegar slík mál koma upp en samningtæknin er alltaf fyrsta vopn lögreglunnar og það er undantekning að það virki ekki, og á það jafnt við um karlmenn og konur.

Aldís: Ég hef aldrei fundið fyrir því í starfi mínu hjá lög- reglunni að það sé betra eða verra að vera kona. Maður gefur sig ekkert í þau verk sem maður treystir sér ekki í og það fer bara eftir líkamsburði, ekki kyni. Viðskiptavinir okkar eru líka af báðum kynjum og því nauðsynlegt að slíkt hið sama sé til staðar hjá lögreglunni. Kona gerir ekki líkamsleit á karlmanni og öfugt. ■

”

Einn dag- inn ertu kannski að hjálpa álfum yfir Hringbraut og þann næsta kem- urðu að alvarlegu slysi.

HONDA
The Power of Dreams

CR-V Frumsýning
Nýr, gjörbreyttur og glæsilegur

2007 **Komdu og mátaðu CR-V við ímyndunarafl þitt**



Opið í dag kl. 12-16

www.honda.is

www.bernhard.is

Nýr CR-V er kominn. Endurhannaður borgarjeppi með skynvætt fjórhjóladrif og hefur tekið algjörum stakkaskiptum. Nýr CR-V er glæsilegri, mikilfenglegri og ríkulegri en nokkru sinni fyrr. Þú finnur það strax og þú mátar CR-V að hann státar af öllu því besta sem hugurinn gírnist, hvort sem er í stuttum borgarakstri eða úti á þjóðvegum landsins; mýkri línur, glæsilegri ásýnd, meira innanrými, minni loftmótstaða, liprari, hljóðlátari og aflmeiri en þú hefur nokkurn tíman ímyndað þér. Nýr CR-V hefur ómótstæðilega aksturseginnleika og yfirburðatækni á öllum sviðum; ABS með EBD hemlajöfnunarbúnaði, stöðugleikabúnaður með spól- og skrikvörn (VSA - ESP), stöðugleikabúnaður fyrir tengivagna (TSA), loftpúðar, loftpúðagardínur, loftpúðar í sætum, 17" álfelgur, tvískipt loftkæling og meiri búnaður en þú getur ímyndað þér. Þegar þú sérð nýjan CR-V í fyrsta sinn stenst þú ekki mátið – **komdu á frumsýningu á stórglæsilegum CR-V og mátaðu hann við ímyndunarafl þitt.**



Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

AÐDRAGANDI OG PRÓUN BAUGSMÁLSINS II

Átök innan réttarsala og utan

Rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra á meintum brotum stjórnenda Baugs Group og tengdra fyrirtækja hófst haustið 2002, og á morgun verður það sem eftir stendur af málinu tekið fyrir í héraðsdómi. *Brjánn Jónasson* fer yfir atburðarásina sem leiddi að dómsmálinu sem tekist verður á um í réttarsal næstu vikurnar.

Eitt flóknasta og umfangsmesta sakamála sem fjallað hefur verið um í íslensku réttarkerfi hófst formlega með húsleit í höfuðstöðvum Baugs Group við lok vinnudags 28. ágúst 2002. Málið allt hefur fengið viðurnefnið Baugsmálið, og hefur verið fjallað gríðarlega mikið um málið í fjölmiðlum síðan það komst í hámmæli með húsleitinni.

Um aðdraganda húsleitarinnar var fjallað í Fréttablaðinu í gær, hér verður kastljósinu beint að því hvað gerðist eftir að húsleitinn var afstaðinn, þegar klukkan var að nálgast miðnætti 28. ágúst.

Baugur Group brást strax við húsleitinni með því að krefjast þess að dómstólar úrskurðuðu um lögmæti hennar, og gögnum sem fengust yrði skilað.

Upplýsingar sem fjölmiðlar höfðu um húsleitina voru afar takmarkaðar. Ríkislögreglustjóri tjáði sig ekki um leitina, og það gerði ekki heldur kærindinn, Jón Gerald Sullenberger, eða lögmaður hans, Jón Steinar Gunnlaugsson.

Fréttaskrif af húsleitinni byggðust því nær eingöngu á því sem fram kom í tilkynningu stjórnar Baugs til Kauphallar Íslands, og því sem fram kom í kærnu lögmans Baugs til héraðsdóms.

Ásökun Jóns Geralds var meðal annars sú að stjórnendur Baugs hefðu „með röngum reikningum látið Baug hf. greiða verulegar fjárhæðir til kaupa á skemmtibátum The Viking Miami í Flórída í Bandaríkjunum sem þeir eiga í félagi við Jón Gerald Sullenberger sem er viðskiptafélagi þeirra sem þar býr,“ eins og sagði í kröfu ríkislögreglustjóra frá þessum tíma.

Debet eða kredit?

Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, kærði húsleitina til héraðsdóms. Í kærinni kom fram að rannsókn lögreglu hefði byggst á tveimur meginþáttum.

Í fyrsta lagi var grunur um misferli vegna 33 reikninga sem Nordica Inc., fyrirtæki Jóns Geralds í Bandaríkjunum, gerði til Baugs. Í öðru lagi snerist rannsóknin um að upplýsa hvort reikningur að upphæð tæplega 590 þúsund bandaríkjadala, sem í ágúst 2002 jafngiltu um 52 milljónum króna, hafi verið gjaldfærður í bókhaldi Baugs, og hvar greiðsla vegna reikningsins hafi endað.

Talsvert hefur verið rætt um þennan 52 milljóna króna reikning sem lögreglan vildi vita hvort hefði verið gjaldfærður, og hver hefði fengið hann greiddan. Í kærnu lögmans Baugs kom fram að um misskilning lögreglu væri að ræða, þeir hefðu, að því er virtist, ekki áttað sig á muninum á hugtökum debet og kredit. Reikningurinn hafi þannig verið kreditreikningur frá Nordica Inc., og hafi verið færður til tekna í bókhaldi Baugs, en ekki sem útgjöld

eins og lögregla hafði talið.

Dómstólar höfnuðu kröfu Baugs um að húsleitinn yrði úrskurðað ólögmæt, með þeim rökum að ekki væri hægt að bera húsleitarúrskurð undir dómara eftir að húsleit er lokið.

Frá upphafi hafa forsvarsmenn Baugs haldið því fram að rannsókn lögreglu áður en til húsleitar kom hafi verið ábótavant. Jón Gerald lagði fram kærnu sína, og gögn henni til stuðnings, sunnudaginn 25. ágúst 2002. Húsleitinn var gerð klukkan 17 miðvikudaginn 28. ágúst. Þannig hafði lögreglan aðeins rúma þrjá sólarhringa til að yfirheyrja Jón Gerald og rannsaka áskanir hans á hendur forsvarsmönnum Baugs áður en gerð var húsleit hjá fyrirtækinu.

Ástæða þess að húsleit lögreglu einmitt á þessum tímamarki hefur verið gagnrýnd svo harkalega er ekki síst sú að á þessum tíma vann kaupsýslumaðurinn Phillip Green að yfirtökutilboði í bresku fataverslunarkæðjuna Arcadia upp á um 109 milljarða króna, með stuðningi Baugs, sem átti 20 prósent í Arcadia. Green sagði fjölmiðlum að húsleitinn hefði skaðað tilboðið, og svo fór að Green keypti hlut Baugs í Arcadia og Baugur tók ekki þátt í yfirtökutilboðinu.

Málið var til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra frá því húsleitinn var gerð, og voru margir yfirheyrðir vegna málsins, sumir með stöðu grundaðra manna en aðrir sem vitni.

Fyrsta ákæran gefin út

Hinn 1. júlí 2005 gaf ríkislögreglustjóri út fyrstu ákærna í málinu, sem var orðið þekkt sem Baugsmálið. Ákæran var í 40 liðum, og þar voru sex ákærðir, þau Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir, Jóhannes Jónsson, Tryggvi Jónsson, Stefán Hilmar Hilmarsson og Anna Þórðardóttir. Ákært var vegna brota á almennum hegningarlögum, og brota á lögum um bókhald, ársreikninga og hlutafélög.

Ákærðu lýstu sig öll saklaus af öllum ákærum við fyrirtöku í Héraðsdómi Reykjavíkur, og verjendur þeirra héldu því fram að vart stæði steinn yfir steini í ákærunni, sem væri óljós og meingölluð.

Svo fór að fjallað var um ágallana fyrir héraðsdómi, og í september vísaði svo dómurinn málinu frá í heild sinni.

Sækjandi í málinu, Jón H. Snorrason, þáverandi saksóknari og yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, kærði frávisunina til Hæstaréttar. Hæstiréttur dæmdi í málinu 10. október 2005, og vísaði 32 af 40 ákæruliðum frá, en lagði fyrir héraðsdóm að fjalla efnislega um ákæruliðina átta sem eftir stóðu.

Í framhaldinu ákvað Haraldur Jóhannessen ríkislögreglustjóri að segja sig frá rannsókn málsins. Í viðtali við Stöð 2 sagði Haraldur: „Ég held það sé heppilegast vegna framgangs málsins, framtíð þessa máls, að ríkissaksóknari taki

28. ÁGÚST 2002: Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra gerir húsleit í höfuðstöðvum Baugs Group við Súðarvog í Reykjavík vegna upplýsinga sem fram komu í gögnum Jóns Geralds Sullenbergers. Kaupsýslumaðurinn Phillip Green vinnur að yfirtökutilboði í fataverslunarkæðjuna Arcadia ásamt Jóni Ásgeiri og Baugi.



29. ÁGÚST 2002: Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og fleiri eru yfirheyrðir hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

11. JÚLÍ 2003: Baugur Group afskráður úr Kauphöllinni og tekinn af markaði.

29. APRÍL 2004: Lögreglan í Lúxemborg leggur hald á gögn um Baug og Gaum í Kaupthing Bank í Lúxemborg. Aðgerðin er liður í rannsókn efnahagsbrotadeildar.

12. NÓVEMBER 2004: Skattrannsóknarstjóri kærir fimm einstaklinga til lögreglu vegna meintra brota á skattalögum tengdum fyrirtækjunum Baugi Group, Fjárfestingafélaginu Gaumi og Fjárfari ehf.

5. JANÚAR 2005: Baugi Group er gert að greiða 464 milljónir króna við endurálagningu ríkisskattstjóra fyrir árin 1998 til 2002.

13. ÁGÚST 2005: Fréttablaðið birtir ákærunar ásamt athugasemdum sakborninga.

10. OKTÓBER 2005: Hæstiréttur staðfestir frávisunarskýrð héraðsdóms vegna 32 af 40 ákæruliðum, en leggur fyrir héraðsdóm að fjalla aftur um átta ákæruliði.

11. OKTÓBER 2005: Bogi Nilsson ríkissaksóknari tekur við málinu fyrir hönd ákæruvaldsins.

14. OKTÓBER 2005: Bogi Nilsson segir sig frá málinu vegna tengsla við starfsmenn KPMG endurskoðunar, er tengjast endurskoðunarstarfi fyrir Baug. Í framhaldinu skipar Björn Bjarnason dómsmálaráðgjafi Sigurð Tómas Magnússon sérstakan ríkissaksóknara í Baugsmálinu.

20. JÚNÍ 2006: Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir, Jóhannes Jónsson, Tryggvi Jónsson og Stefán Hilmarsson og Tryggvi Jónsson boðuð til yfirheyrslna hjá ríkislögreglustjóra vegna meintra skattalagabrota. Yfirheyrslurnar eru boðaðar í kjölfar kærnu sem skattrannsóknarstjóri ríkisins sendi til ríkislögreglustjóra 12. nóvember 2004.

30. JÚNÍ 2006: Héraðsdómur vísar fyrsta ákæruliðnum í endurákærunni frá dómi með þeim rökstuðningi að ekki sé nægilega skýrt hvernig atburðarásin sem þar er lýst brjóti gegn lögum.

21. JÚLÍ 2006: Hæstiréttur staðfestir frávisun á fyrsta ákæruliðnum í endurákærunni.

27. NÓVEMBER 2006: Verjendur Baugsmanna krefjast þess í héraðsdómi að rannsókn á meintum skattalagabrotum einstaklinga tengdum Baugi Group verði dæmd ólögmæt.

18. DESEMBER 2006: Héraðsdómur úrskurðar að yfirmenn ríkislögreglustjóra séu vanhæfir til þess að fjalla um skattamála Baugsmanna. Öðrum kröfum verjenda er hafnað. Bæði verjendur og sækjandi kæra úrskurðinn til Hæstaréttar.

ÁGÚST 2002

SEPT. 2002

OKT. 2002

NÓV. 2002

DES. 2002

JAN. 2003

FEB. 2003

MARS 2003

APRÍL 2003

MAÍ 2003

JÚNÍ 2003

JÚLÍ 2003

ÁGÚST 2003

SEPT. 2003

OKT. 2003

NÓV. 2003

DES. 2003

JAN. 2004

FEB. 2004

MARS 2004

APRÍL 2004

MAÍ 2004

JÚNÍ 2004

JÚLÍ 2004

ÁGÚST 2004

SEPT. 2004

OKT. 2004

NÓV. 2004

DES. 2004

JAN. 2005

FEB. 2005

MARS 2005

APRÍL 2005

MAÍ 2005

JÚNÍ 2005

JÚLÍ 2005

ÁGÚST 2005

SEPT. 2005

OKT. 2005

NÓV. 2005

DES. 2005

JAN. 2006

FEB. 2006

MARS 2006

APRÍL 2006

MAÍ 2006

JÚNÍ 2006

JÚLÍ 2006

ÁGÚST 2006

SEPT. 2006

OKT. 2006

NÓV. 2006

DES. 2006

JAN. 2007

FEB. 2007

6. SEPTEMBER 2002: Stjórn Arcadia ákveður að taka tilboði Green, án þátttöku Jóns Ásgeirs og Baugs, upp á rúmlega hundrad milljarða króna. Arcadia vildi ekki halda áfram samningaviðræðum við Jón Ásgeir og Baug vegna lögregluáðgerðanna í höfuðstöðvum fyrirtækisins.

10. SEPTEMBER 2002: Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra gerir húsleit hjá verslunarkæðjuni SMS í Færeyjum.

3. MARS 2003: Davíð Oddsson forsætisráðgjafi er gestur á Morgunvakt Ríkisútvarpsins í bolludagsviðtalinu fræga, þar sem hann sagði að Hreinn Loftsson hefði sagt við sig að Jón Ásgeir hefði nefnt það, að bjóða þyrfti Davíð 300 milljónir króna til þess að láta af andstöðu við fyrirtækið. Bæði Hreinn og Jón Ásgeir vísa áskunum Davíðs umsvifalaust á bug.

ÁGÚST 2003: Samkomulag næst milli Baugs Group og Jóns Geralds Sullenbergers, og er fallið frá málaferlum. Ekki er upplýst um efni samkomulagsins, en í frétt Morgunblaðsins segir að Jóni Geraldí hafi verið greiddar 120 milljónir króna vegna samkomulagsins. Það er síðan staðfest af Hreini Loftssyni, stjórnarformanni Baugs.

17. NÓVEMBER 2003: Fulltrúar embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins og lögreglunnar gera húsleit hjá Baugi Group og Gaumi. Gögn er varða rekstur fyrirtækjanna á árunum 1998 til 2002 eru tekin. Húsleitinni hafði verið frestað um nokkra daga vegna undirritunar samninga um kaup Baugs á Oasis Stores-verslanakeðjunni í Bretlandi.



LÖGMENN OG SKJÖL Bæta þurfti við borðum fyrir verjendur sakborninga í upphaflegu Baugsmáli þar sem fimm lögmenn voru sex sakborninga. Lögmenn hafa þurft að fara yfir gríðarlegt magn gagna vegna málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

1. JÚLÍ 2005: Jón Ásgeir Jóhannesson, Jóhannes Jónsson, Kristín Jóhannesdóttir, Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baugs, og endurskoðendurnir Stefán Hilmarsson og Anna Þórðardóttir, eru ákærðir í Baugsmálinu. Ákæran er í fjórutíu liðum.

20. SEPTEMBER 2005: Héraðsdómur Reykjavíkur vísar frá öllum ákæruliðnum 40 vegna vegna ágalla á ákærum.

24. SEPTEMBER 2005: Fréttablaðið flytur af því fréttir að Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og Jón Steinar Gunnlaugsson, núverandi hæstaréttardómari, hefðu fundað um Baugsmálið mánuðum áður en ákært var í því.

17. NÓVEMBER 2005: Jón H. B. Snorrason, saksóknari hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, segir sig frá þeim hluta Baugsmálsins sem enn er fyrir dómi. Sigurður Tómas Magnússon tekur þar með við málinu öllu.

15. MARS 2006: Ákærðu í Baugsmálinu eru sýknaðir í Héraðsdómi Reykjavíkur.

22. MARS 2006: Settur ríkissaksóknari áfrýjar sýknuðomi héraðsdóms vegna sex af átta ákæruliðum sem sýknað var í.

31. MARS 2006: Settur ríkissaksóknari gefur út endurákæru í 19 liðum í stað þeirra 32 ákæruliða sem áður var vísað frá dómi í Hæstarétti. Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Jón Gerald Sullenberger eru ákærðir.

3. OKTÓBER 2006: Verjendur Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar senda Mannréttindadómstól Evrópu bréf þar sem boðað er að kærð verði brot á sáttmálanum við meðferð Baugsmálsins. Þar með er fyrmingarfrestur rofinn og tími gefst til að skila inn ákæru.

24. OKTÓBER 2006: Jón Ásgeir Jóhannesson og samstarfsmenn hans á ný boðaðir til yfirheyrslna vegna rannsóknar á skattamálum þeirra.

23. JANÚAR 2007: Hæstiréttur hafnar meginkröfum verjenda Baugsmanna þess efnis að skattrannsókn verði úrskurðað ólögmæt, en fellst á að Haraldur Jóhannessen ríkislögreglustjóri sé vanhæfur til að fjalla um málið.

25. JANÚAR 2007: Hæstiréttur staðfestir sýknuðomi héraðsdóms í þeim sex ákæruliðum af upprunalegri ákæru sem settur ríkissaksóknari áfrýjaði. Málinu er því lokið fyrir hluta sakborninga.

26. JANÚAR 2007: Björn Bjarnason dómsmálaráðgjafi setur Egil Guðjónsson, sýslumann í Reykjavík, í embætti ríkislögreglustjóra til að fara með rannsókn á meintum skattalagabrotum einstaklinga tengdum Baugi Group.

12. FEBRÚAR 2007: Aðalmeðferð vegna endurákæru hefst í Héraðsdómi Reykjavíkur.

ákvarðanir um þau efni. Það er hægt með rökum að halda því fram að ríkislögreglustjóraembættið sé orðið of involverað í þetta mál til þess að geta litið hlutlaust á þær ákvarðanir sem þarf að taka í málinu.“

Bogi Nilsson ríkissaksóknari tók þó ekki við málinu þar sem hann taldi tengsl sín við starfsmann KPMG endurskoðunarfyrirtækisins, sem endurskoðendur Baugs Group, gera sig vanhæfan. Í kjölfarið skipaði dómsmálaráðherra því Sigurð Tómas Magnússon ríkissaksóknara í málinu.

Sigurður Tómas tók við málinu og flutti ákæruhlutina átta í héraðsdómi snemma árs 2006. Hinn 17. mars voru ákærðu sýknuð af öllum ákærum í héraði. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar vegna sex af átta ákæruhlutum. Hæstiréttur staðfesti svo með dómi sínum frá 25. janúar 2007 sýknuðóm héraðsdóms.

Endurákæru verða nýtt dómsmál

Samkvæmt íslenskum lögum er heimilt að gefa út endurákæru hafi dómstólar vísað ákærum frá, og þá heimild nýtti Sigurður Tómas þegar hann gaf út endurákæru í 19 liðum vegna hluta ákæruhlutana 32 sem Hæstiréttur hafði vísað frá. Endurákæran var gefin út 31. mars 2006, og ákæror voru þeir Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson, en auk þeirra var Jón Gerald Sullenberger nú ákæruhlutur í fyrsta skipti í málinu.

Endurákærurnar urðu að öðru dómsmáli heldur en upphaflegu ákæruhlutirnir, og voru því um tíma tveir aðskildir angar af Baugsmálinu í gangi fyrir íslenskum dómstólum. Verjendur kröfðust þess að endurákærunum yrði vísað frá, og að endingu fór svo að héraðs-

”

Það er hægt með rökum að halda því fram að ríkislögreglustjóraembættið sé orðið of involverað í þetta mál til þess að geta litið hlutlaust á þær ákvarðanir sem þarf að taka í málinu.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri

dómur vísaði frá fyrsta ákæruhlutum, og staðfesti Hæstiréttur þann dóm.

Í fyrsta ákæruhlutum var Jón Ásgeir Jóhannesson sakaður um fjársvik eða umboðssvik með því að leynd stjórna Baugs upplýsingum við kaup Baugs á Vöruvéltunni, fyrirtæki sem átti og rak 10-11 verslunarkeðjuna. Dómara þótti óskýrt í ákærunni hvernig sú atburðarás sem lýst er í ákæruhlutum varðaði við lög.

Þriðji anginn af Baugsmálinu lét á sér kræla haustið 2006, skömmu eftir að fyrsta ákæruhlutur endurákæru var vísað frá. Það er rannsókn á skattamálum einstaklinga tengdum Baugi. Jón Ásgeir Jóhannesson sendi frá sér fréttatilkynningu þar sem hann segir að bæði hann og samstarfsmenn hans hefðu verið boðaðir í yfirheyrslur á ný vegna meintra skattalagabrota hans sjálfs, sem og brota í rekstri Baugs Group og Fjárfestingafélagsins Gaums.

Jón Ásgeir gagnrýndi það harðlega að sömu menn og hefðu áður lýst sig óhæfa til að fjalla um mál honum tengt eftir frávisun á ákæruhlutum fyrstu ákærunnar sæju sig nú þess umkomna að rannsaka hann og fjölskyldu hans á nýjan leik.

Kröfðust lögmenn Jóns Ásgeirs, systur hans Kristínar, og föður þeirra Jóhannesar Jónssonar, auk lögmanna Stefáns H.



ÁKÆRUR ÞINGFESTAR Kastljós innlendra og erlendra fjölmiðla beindist að Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og öðrum ákærdum þegar ákæru voru þingfestar í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Hilmarrsonar og Tryggva Jónssonar, þess að dómstólar úrskurðu lögreglurannsóknina ólögmæta, en til vara að forsvarsmenn embættisins yrðu úrskurðaðir vanhæfir til að fjalla um málið, og þar með undirmenn þeirra allir.

Þessu mótmælti saksóknari ríkislögreglustjóra á þeim grundvelli meðal annars að embættið hefði aldrei lýst sig vanhæft til að fjalla um öll mál tengd þessum einstaklingum.

Ríkislögreglustjóri vanhæfur

Úr varð að endingu að Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði þann 18. desember að Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri og Jón H. Snorrason, saksóknari efnahagsbrota, væru vanhæfir til að fjalla um málið, en starfsmenn þeirra ekki.

Hæstiréttur staðfesti þann

úrskurð 23. janúar síðastliðinn hvað varðaði Harald, en taldi Jón H. Snorrason ekki vanhæfan. Ekki kemur þó til að Jón H. komi frekar að málinu því hann hefur flust til í starfi hjá lögreglunni. Skömmu síðar setti Björn Bjarnason dómsmálaráðherra Egil Guðjónsson, sýslumann í Reykjavík, í starf ríkislögreglustjóra í málinu.

Nú er því ólokið tveimur öngum Baugsmálsins, en einum hefur verið lokið. Upphaflegum ákærum hefur verið vísað frá að hluta og sýknað í því sem eftir stóð. Rannsókn á meintum skattalagabrotum er í gangi, og engin ákæra hefur verið gefin út vegna þessa.

Sá hluti málsins sem varð til þegar endurákært var eftir frávisun á 32 af 40 ákæruhlutum verður tekinn fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á morgun, mánudag.

the NINE

FRÁBÆRIR SPENNUÞÆTTIR UM 9 MANNAS
SEM HALDIÐ ER Í GÍSLINGU Í BANKA Í 52 KLST

www.minnsirkus.is/tv

THE NINE
ÞRIÐJUDAGAR KL. 22:00

SIRKUS TV

90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu. Breiðbandinu. Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti



MÓTSÖGN RASÍSKRA AFLA „Að vilja annars vegar njóta góðs af hagkerfinu sem stólar á erlent vinnuafli, en ala hins vegar á óskum um að útlendingarnir sjálfir hafi sig hæga eða hafi sig á brott, einmitt þess lags vítahringur sem rasismi nærast á.“

Fangelsisskissur og frjálslyndisgloríur

Í ljósi aukins fylgis Frjálslynda flokksins veltir **Haukur Már Helgason** fyrir sér hvernig rasismi birtist á hliðarlínunum orðræðunnar og hvað beri að gera.

Ítalski rithöfundurinn Italo Calvino skrifaði sögu af tveimur fönngum sem vilja, eins og títt er um fanga, komast út. Þeir þekkja ekki arkitektúr fangelsisins sem þeir dvelja í, vita aðeins að það er rammgert. Í klefanum taka þeir því að velta fyrir sér hvernig rammgerðasta hugsanlega fangelsi væri upp byggt. Þeir hugsa og teikna og skrafa og reyna að gera sér í hugarlund hið rammgerðasta hugsanlega fangelsi. Takist þeim að teikna uppdrátt að slíku fangelsi getur hugsast að þeir finni leið út úr teikningunni sinni – skyldu þeir einmitt vera staddir í því sama fangelsi eru þeir þá hólpnir. Ef fangelsið sem þeir eru geymdir í er ögn auðveldara viðureignar en það sem þeir hafa teiknað eru þeir líka hólpnir. Ef sannanlega engin fær leið finnst út úr hinu rammgerðasta fangelsi allra fangelsa vita þeir það þó og geta hætt að reyna. Calvino sagði verkefni bókmennta á okkar dögum vera af þessum toga (en okkar dagar eru þá einmitt sjöundi áratugur 20. aldar): að gera okkur skýra grein fyrir öllum viðjunum sem halda okkur – hvort sem þá verður nokkur leið út eða ekki er þetta heiðarlegt viðbragð við angist.

Skáldin eru mörg og standa sig misjafnlega. Á örskömmum tíma virðist hafa losnað úr læðingi uppsöfnuð ólga, hvöt, þörf fyrir að gefa glænýjum heimi og glænýju Íslandi merkingu – hún finnur sér farveg í bók Andra Snæs, Draumalandinu, viðtökum við henni og blysgöngum gegn hálendisvirkjunum, í virku blogg-samfélagi – en líka í væntanlegum nýjum framboðum til Alþingis, ekki síst í óvæntri fylgisaukningu Frjálslynda flokksins. Í kjölfar aðalfundar Frjálslynda flokksins má ætla að þaðan muni heyrast hátt í röddum sem segja fangelsisveggina byggða úr útlendingum. Þetta er nýr málstaður á Íslandi, í nýjum veruleika. Ekki svo að rasismi sé að skjóta hér rótum í fyrsta sinn – frægt er hvernig yfirvöld kröfðust þess allt fram á 8. áratug 20.

aldar að Bandaríkin sendu enga þeldökka hermenn með varnarliði sínu, og vísuðu til sérstöðu Íslands málstaðnum til varnar. En slíkar aðgerðir voru, ef svo má segja, „fyrirbyggjandi“ – og orðræða um útlendinga hefur aldrei skipað stóran sess í íslenskri pólitík því þeir hafa eiginlega ekki verið hér. Nú þegar Ísland hefur á stuttum tíma stigið risavaxin skref inn í alþjóðahagkerfið og iðnvæðing er hafin á landinu, mætum við (ef okkur má kalla, og svo framvegis) nýjum veruleika: öðru fólki.

Gerviatburðir og aðdróttanir

Slóvenski heimspekingurinn Slavoj Žižek, einn ötulasti samfélagsrýnir okkar daga, hefur meðal annars ætlað sér að endurvekja sannleikshugtakið á nýjum forsendum. Hann talar ekki um sannleikann sem safn staðreynda, heldur atburð. Sannleiksátburðurinn er í stuttu máli þegar veröldin öll birtist skyndilega í nýju ljósi, þegar hnitakerfi skilningsmanns færast allt til. Þetta getur gerst í einkalífi, til dæmis þegar manneskja verður ástfangin eða verður fyrir trúarupplifun. Sannleiksátburður getur líka átt sér stað í samfélagi, við gjörbreytingu eða byltingu.

Vandinn við svona uppgötvanir, sannleiksátburði, er að þeim má apa eftir, með stílskum tilfæringum og framleiða gerviatburð, sjónhverfingar sem skilja áhorfandann eftir bergnuminn. Einfaldasta tólið til framleiðslu slíkra gerviatburða er skreyting – að sýna eða nefna tvö fyrirbæri í sömu mund og skapa þannig vensl á milli þeirra, án þess að þurfa nokkurn tíma að nefna hvers lags vensl það eru, því myndmál býður hvorki upp á samtengingar né forsetningar. Þetta er sú tækni sem fyrirtæki beita látlaust í ímyndasköpun sinni – og stjórnmálaöfl fyrir kosningar. Og nú eru kosningar í nánd.

Í opnunarræðu landsþings Frjálslynda flokksins nefndi formaður hans innflytjendur og berkla á sama stað, án þess að segja berum orðum hvaða tengsl

væru þar á milli. Slík beiting aðdróttana er sjaldheyrð nema á stríðstímum, þegar ýjað er að skaðvænlegum, jafnvel ómannlegum eiginleikum andstæðings. Svona má ýja að samhengi og skapa hugrenningatengsl, sem geta jafnvel haft yfirbragð uppgötvunar á meðan á sýningunni stendur. Sé bragðinu beitt ítrekað í sama augamiði síast hin oræðu tengsl inn í almenna umræðu. Þau standast hins vegar ekki að horft sé augliti til auglitis við þau. Spyrji maður blátt áfram: „Meinarðu að forðast beri að snerta á útlendingum í millitíðinni, vegna smithættu?“ mun Guðjón ekki einfaldlega svara já. Ef til vill má segja að raunverulegur atburður felist í að afhjúpa goðsagnir, en gerviatburður í að framleiða þær.

Orðabækur í strætó

Í fréttamola Blaðsins undir lok janúar var sagt frá því hversu strætósamgöngur hefðu eflst á Akureyri eftir að fargjöld voru þar lögð niður. Farþegar ku ánægðir, og geta íþokkabót, sagði í fréttinni, talað við bílstjórana orðabókalaust þar sem þeir eru allir íslenskir. Það sem er sagt hreint út er þannig sé auðvelt að kljást við en það eru aðdróttanirnar, allt sem er ýjað að og gaukað að umleikis meintan



POPSTJARNNA HEIMSPEKINNAR Hinn slóvenski Slavoj Žižek er einn ötulasti samfélagsrýnir okkar daga.

kjarna hvers máls, sem eru erfiðar viðureignar – og geta orðið fjarska lífseigar. Kvenfyrirlitning kemur ekki lengur fram í því að nokkur maður segi blátt áfram að konur séu lélegur pappír – hún birtist í öllu nema beinum staðhæfingum. Eins munu fáir gangast við því, berum orðum, að hata eða fyrirlíta innflytjendur, gesti til landsins eða tiltekna hópa þeirra – en vænta má að látlaust verði ýjað að slíku óþoli milli línanna, næstu mánuði.

Annað, sem getur reynst enn snúnara að veita athygli, er það sem ekki er sagt. Fréttablaðið birti í febrúarbyrjun forsíðufrétt undir fyrirsögninni „Erlendum mökum fjölgar“. Gaf fréttin til kynna að tilraunir útlendinga til að giftast á fólkskum forsendum og fá þannig dvalarleyfi í landinu væru áhyggjuefni. Fyrir utan þá dásemd að á landinu er rekin stofnun sem tekur manneskjur í yfirheyrslu til að rannsaka hvort þær séu raunverulega ástfangnar, er sérdeilis athygli vert að fréttin var sögð án þess að minnst væri á annað samhengi þessarar aukningar, svo sem tíðari ferðalög ungra Íslendinga erlendis, til dæmis skiptinámsdvalir á báða bóga, inn og út. Aukning á kynnum ungs fólks yfir landamæri er sjálfsagt töluvert meiri en aukning hjónabanda yfir landamæri – enn sem komið er. Að blaðamaður gaumgæfi ekki þetta augljósa samhengi gefur til kynna, ef ekki meðvitaðan ásetning, þá í öllu falli andann að baki umfjölluninni.

Góðu fréttirnar: hugmyndafræði sem mótast og staðfestist einkum í hinu hálfsgöða og ósagða þolir illa að vera tekin á orðinu, hún þolir illa dagsljósið – og þangað þarf því að draga hana.

Rasismi og meðvirkni

Rasismi er tilraun til að gefa óyndi, ljóninu í veginum milli manns og nautnar hans, andlit og nafn: „Það eru útlendingarnir!“ Fjölskyldur alkóhólísta geta kannast við sambærilega orðræðu, þar sem drykkjusjúklingurinn, ófær um að takast á við annmarka sjálfs sín eða samfé-

á tólum til að taka í sundur sögurnar sem þeir segja sjálfum sér og virðast ætla að segja öðrum – og tólum til að beina sjónum að þeim tabúum, þeim raunverulegu vandamálum, sem þessar sögur hylma yfir. Ranghugmyndir og órar um útlendinga sem vandamál eiga ekki að festa rætur í pólitískri orðræðu landsins.

Fremst meðal jafningja í flokki þeirra tabúa sem ekki hefur verið rætt í umræðulandslaginu sem hér hefur mótast á síðustu tveimur áratugum er þá ef til vill stétt og stéttamunur. Vinstrihreyfing sem ekki mætir á því alþjóðlega fjármagnskerfi sem við erum nú öll þátttakendur í, augliti til auglitis, og talar ekki opinskátt um það, er sek um skiljanlega en mannskemmandi meðvirkni. Og veit það best sjálf. Við þurfum ekki nema að líta brosandandi hvert framan í annað – stöðu innan hagkerfisins má nú meta á fjölda tansskemmda.

Málamiðlanalaust

Þeir sem segja að frjálslyndir (æ, og hvers vegna gat flokkurinn ekki heitið eitthvað annað ...) eigi lof skilið fyrir að „opna þarfa umræðu, þó að ég sé ekki sammála öfgafyllstu skoðunum Jóns eða Magnúsar eða Guðjóns ...“ hafa rangt fyrir sér. Ekki efnislega – þróun byggðar á Íslandi er einkar merkileg og það mun krefjast mikillar vinnu og athygli, annars vegar að skilja nýjan veruleika, hins vegar að tryggja aðfluttum fullan aðgang að samfélagi okkar. Þeir hafa rangt fyrir sér vegna þess að forsvarsmenn Frjálslynda flokksins og grófyrtari fylgismenn þeirra virðast ætla að gera flokk sinn að samfélagi um óþol í garð annarra. Með orðum sínum opna Jón Magnússon og Magnús Þór ekki „þarfa umræðu“, heldur beina hvöt, og jafnvel góðum vilja, í einkar varasaman farveg. Hvernig má hnika umræðunni annað – og breyta henni jafnvel í samræðu?

Eitt skref sem liggur í augum uppi er að dagblöð og fréttastofur hafi innanborðs blaðamenn af erlendum uppruna, pólskumælendi til dæmis, sem myndi auð-

* Til að umorða greinina alla, á ljóðrænu nýrra tíma, auglýsing af vefnum visir.is: „Get bætt við 3-4 Pólverjum í leiguhúsnæði. Laust í mars.“

lagsins, beinir beiskju sinni látlaust að tilteknum þáttum í umhverfi sínu, helst hinum óhagganlegustu, og sakar þá – fjölskyldum eðlimi, vinnuveitendur, vini, foreldra – um að standa í vegi fyrir sér. Hann flytur bræði sína, sem liggur of djúpt til að ræða hana, yfir á nærstadda eða fjarstadda eftir því sem til fellur – skyldi einhver krefja hann svara getur hann breitt yfir vangeitu sína til að ljúka máli, með drykkjulátum.

Á sambærilegan máta er sú mótsögn rasískra afla að vilja annars vegar njóta góðs af hagkerfinu sem stólar á erlent vinnuafli, en ala hins vegar á óskum um að útlendingarnir sjálfir hafi sig hæga eða hafi sig á brott, einmitt þess lags vítahringur sem rasismi nærast á.

Fyrirnefndur Slavoj Žižek hefur haldið því fram að okkar dagar einkennist af offramleiðslu óra. Órar, eins og hann notar orðið, má segja að séu farskir fangelsisuppdrættir, látlaust svikin loforð um lausn. Raunar virðist óhátt að tala um viðvarandi, stöðugan hagvöxt á sviðinu, í myndmáli auglýsinga og fréttanna ekki síður en orðræðu ráðamanna og nú á næstunni, einmitt hér, frambjóðenda. Fari Frjálslyndir fram til næstu kosninga, með þá orðræðu í farteskinu sem nú virðist verða raunin, verður rík þörf

velda langtaðkomnum þátttöku í þeirri samræðu sem vindur fram í fjölmiðlum – ekki bara um „mál-efni útlendinga“, heldur beinlínis allt. Það er dónaskapur að hunsa fólk og það er dónaskapur að tala um nærstadda í þriðju persónu.

Hafi jafnaðarmenn og miðju-menn á síðustu árum verið eilítið óvissir um hvern málstað þeir hafa að verja og fyrir hverju þeir berjast, á þeim þó að vera dagljós hinn lægsti samnefnari síðaðs samfélags, samnefnari krata, borgaralegrí afla, þeirra sem fara um undir merkjum frjálslyngju, róttækra vinstrimanna og almennt allra sem kunna mannsiði: að veita öllum tilraunum til mismununar fólks á grundvelli þjóðernis, kynþátta og trúarbragðaharðaogmálamiðlanalaus mótstöðu – ekki bara í verki, heldur og í orði kveðnu, því orðin eru sá farvegur sem löngunum samfélags er beint í, og þar með framtið þess. Það ætti ekki að þurfa að minnst á þetta. En að verja þessa grunnforsendu síðaðs samfélags er brýnast þegar það verður hvað snúnast. Ef við erum stödd í einhvers konar fangelsi er greiddasta leiðin út úr því áreiðanlega ekki að reyna að traðka á þeim yfirgnæfandi meirihluta samfanga sem talar ekki íslensku.

Haukur Már Helgason er heimspekingur og rithöfundur. ■

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



Bókhald



Félag bókagerðarmanna er stéttarfélag starfsmanna sem starfa við prent- og auglýsingaiðnaðinn á Íslandi.

www.fbm.is

Félag bókagerðarmanna auglýsir eftir starfsmanni í bókhald á skrifstofu félagsins.

Ábyrgðasvið

- Bókun og merking fylgiskjala
- Afstemmingar
- Mánaðarleg uppgjör
- Innheimta iðgjalda
- Umsjón félagatals
- Ýmis tilfallandi skrifstofustörf

Hæfniskröfur

- Reynsla af bókhaldsstörfum, uppgjörsvinnu og afstemmingum er skilyrði
- Stúdentspróf, bókhaldsnám eða sambærileg menntun er mjög æskileg
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 19. febrúar nk. Upplýsingar um starfið veitir Kristín Guðmundsdóttir hjá Hagvangi. Netfang: kristin@hagvangur.is



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



Aðstoð á heimili

Við leitum að barngóðri og traustri manneskju til að aðstoða fimm manna fjölskyldu í Garðabænum í daglegu amstri.

Á heimilinu eru þrjú börn á aldrinum 6 mánaða til 8 ára. Æskileg viðvera væri frá kl. 13.00-18.00 þrjá til fimm daga vikunnar.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 18. febrúar nk. Númer starfs er 6308.

Nánari upplýsingar veitir Guðný Sævinsdóttir hjá Hagvangi í síma 520 4700. Netfang: gudny@hagvangur.is



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Strengthen
your business



Við stækjum!

Vegna vaxandi umsvifa og fjölbreyttra framtíðarverkefna fyrir viðskiptavinum okkar

Tæknimenn/sérfræðingar í útstöðvarekstri

Starfið felst í fjölbreyttum verkefnum við daglegt eftirlit og umsjón með tölvakerfum fyrir mörg af leiðandi og framsæknustu fyrirtæki landsins. Unnið er með nýjustu tækni á hverjum tíma. Þetta er draumastarfið fyrir þá sem hafa gaman af tækni, fjölbreyttum mannlegum samskiptum og lifandi starfs- umhverfi. Lögð er áhersla á að einstaklingar geti vaxið og dafnað í starfi.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Góð þekking á Windows-stýrikerfum er skilyrði
- Mikill áhugi á tæknimálum og tölvugrúski ásamt lipurð í samskiptum
- Æskileg menntun er t.d. rafeindavirkjun, tölvudeild iðnskólans eða önnur menntun á tæknisviði
- Starfsreynsla er æskileg en efnilegir einstaklingar með t.d. MCSA, MCSE eða MCP gráður koma einnig til greina

Sérfræðingar í þjónustumiðstöð

Starfið felst í úrvinnslu tæknilegra fyrirspurna og verkbeiðna, lausn þeirra og skráningu. Spennandi starf fyrir þá sem hafa gaman af tækni, fjölbreyttum mannlegum samskiptum og lifandi starfs- umhverfi. Lögð er áhersla á góða vinnuáðstöðu og að einstaklingar geti vaxið og dafnað í starfi.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Góð alhliða þekking á upplýsingatækni. Þekking á Windows-stýrikerfum er nauðsynleg
- Mikill áhugi á tæknimálum og tölvugrúski ásamt lipurð í samskiptum
- Menntun á tæknisviði er æskileg. Starfsreynsla er æskileg en efnilegir einstaklingar með góðan tölvubakgrunn koma einnig til greina. Microsoft-gráður eru kostur

Sérfræðingar í IP-símkerfum

Rekstur og umsjón með símkerfum. Uppsetning á nýjum búnaði og kerfum. Samskipti við samstarfsaðila og viðskiptavinum. Spennandi og krefjandi verkefni eru í boði.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólanmenntun á sviði tölvunar- verk- eða tæknifræði æskileg. Önnur tæknimenntun auk starfsreynslu kemur vel til álit.
- Reynsla af rekstri símkerfa og netbúnaðar
- Samskiptahæfni, ásamt sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum

Við bjóðum og leggjum áherslu á:

- Frábæran starfsanda og liðsheild
- Góða starfsaðstöðu
- Sveigjanlegan og fjölskylduvænan vinnutíma
- Símenntun í starfi og virka endurmenntun- stefnu
- Fjölbreytt, spennandi og krefjandi verkefni
- Margvísleg tækifæri til starfsþróunar
- Gott mótuneyti
- Laun og önnur starfskjör eftir samkomulagi

Netsérfræðingar

Rekstur og umsjón með netkerfum. Hönnun og uppsetning á nýjum netkerfum. Ráðgjöf til viðskiptavina. Samskipti við fjarskiptabirgja og aðra samstarfsaðila. Spennandi og krefjandi verkefni eru í boði.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólanmenntun á sviði tölvunar- verk- eða tæknifræði æskileg. Önnur tæknimenntun auk starfsreynslu kemur vel til álit.
- Samstarfsþæfni ásamt sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- Starfsreynsla af rekstri netkerfa er kostur
- Þekking á Cisco-búnaði, CheckPoint og PIX-eldveggjum er kostur
- Cisco-gráður eru kostur

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir og fyrirspurnir.

Nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon, starfs- mannastjóri. Umsóknir með ferilskrá sendist til starfsmannastjóra torfi@t.is, fyrir 22. febrúar nk.

www.tm-software.com

TM Software

Holtasmári 1 | 201 Kópavogur | Sími 545 3000 | Fax 545 3001

SÖLULEIÐTOGI - VERKEFNASTJÓRI

Traust og framsækið fyrirtæki óskar eftir að ráða kraftmikinn og söludrifinn einstakling til starfa.

Viðkomandi aðili verður að hafa gríðarlegan áhuga á sölu og samskiptum, mikla getu til þess að hvetja fólk til dáða og löngun til þess að ná settum markmiðum. Um spennandi og krefjandi framtíðarstarf er að ræða fyrir réttan einstakling.

Starfssvið

- Ábyrgð og umsjón með þjálfun sölumanna
- Eftirfylgni og endurskoðun þjálfunar
- Þarfagreiningar og árangursmælingar
- Heimsóknir til sölustaða
- Ábyrgð og umsjón með almennum sölunámskeiðum til starfsmanna sölu- og úthringivera, verslana og endursöluaðila
- Einstaklings- og hópaþjálfun varðandi framkomu, framsetningu ritaðs efnis ofl.
- Önnur sértæk verkefni sem falla til

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun ekki skilyrði, en þó æskileg á sviði viðskipta-, markaðs-, fjölmiðla- eða kennslufræða
- Reynsla af sölu til fyrirtækja og/eða einstaklinga skilyrði
- Reynsla af verkefnastjórnun, námskeiðahaldi og kennslu kostur
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði skilyrði
- Geta til þess að koma fram og tjá sig í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta
- Mikil drift og metnaður í starfi

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

ICELANDIC
GROUP PLC

Icelandic Services er dótturfélag Icelandic Group hf. og sér um daglega bókhalds- og fjármálaþjónustu fyrir fyrirtæki Icelandic samstæðunnar hér á landi. Bókhaldsdeild Icelandic Group á Íslandi er partur af Icelandic Services. Starfsemi Icelandic Group hf. á Íslandi fer fram í nokkrum félögum og felst í kaupum og sölu á sjávarafurðum, gæðaeftirliti, aðfangastýringu og rekstri vefgátta.

Icelandic Group er eignarhaldsfélag sem stýrir framleiðslu- og markaðsfyrirtækjum sérhæfðum í sjávarafurðum á alþjóðlegum mörkuðum. Hjá Icelandic Group starfa um 4.100 starfsmenn í 13 löndum.

AÐALBÓKARI

Icelandic Services ehf. leitar að aðalbókara. Um er að ræða starf sem lýtur að yfirumsjón með bókhaldi fyrir félög Icelandic Group hf. á Íslandi. Aðalbókarinn er starfsmaður Icelandic Services. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

- Yfirumsjón bókhalds fyrir íslensk félög í eigu Icelandic Group
- Almennar afstemmingar fyrir íslensk félög í eigu Icelandic Group
- Upplýsingavinnsla úr bókhaldi
- Afstemming launa fyrir launavinnslu og virðisaukaskattskil
- Almenn skýrslugerð
- Undirbúningur uppgjors og aðstoð við uppgjör íslenskra félaga í samstæðu Icelandic Group

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð reynsla af bókhaldi skilyrði og reynsla úr starfi aðalbókara kostur
- Viðskiptamenntun æskileg
- Nákvæm vinnubrögð og talnagleggni
- Skípulögð og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni, sveigjanleiki, frumkvæði og lipurð í samskiptum
- Góð tölvukunnátta og reynsla af Navision Financials eða öðru sambærilegu bókhaldskerfi
- Góð enskukunnátta

Í boði er spennandi starf fyrir einstakling sem vill vinna sjálfstætt og hafa tækifæri til frumkvæðis í vinnubrögðum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

ICEBANK

SPENNANDI TÆKIFÆRI

Icebank óskar eftir að ráða metnaðarfulla og framsýna einstaklinga til starfa. Um krefjandi og ögrandi verkefni er að ræða vegna vaxtar bankans. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um störf.

Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi gagnvart sparisjóðum, innlendum sem erlendum fjármálafyrirtækjum og öðrum stærri aðilum. Bankinn starfar á sviði erlendra viðskipta, greiðslumiðlunar, fjárstýringar og fjármögnunar í því skyni að veita afmörkuðum hópi innlendra og erlendra viðskiptavina framúrskarandi þjónustu. Með sérhæfingu að leiðarljósi byggir bankinn upp samkeppnishæfa og arðsama starfsemi. Mótun hefur verið ný framtíðarsýn fyrir bankann til næstu fimm ára. Sú sýn felur í sér nýjar áherslur, ný gildi, metnaðarfull markmið og breytingu á eignarhaldi.

Gjaldeyris- og afleiðuviðskipti

Starfssvið

Ábyrgð og umsjón með uppbyggingu viðskipta, verðlagningar og áhættustýringar með gjaldeyri, afleiður og aðrar flóknari fjármálaafurðir fyrir viðskiptavinum Icebank.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði raunvísinda, viðskipta- eða hagfræði skilyrði
- Reynsla úr fjármálastofnunum eða af viðskiptum æskileg
- Þekking og reynsla af upplýsingakerfum skilyrði
- Góð stærðfræðikunnátta skilyrði
- Geta til að kynna og selja flóknar fjármálaafurðir
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði

Sérfræðingur í áhættustýringu

Starfssvið

Verkefni tengd áhættustýringu, s.s. eftirlit, skýrslugerð og þróun nýrra skýrslna, þróun á líkönum til að meta áhættu, hugbúnaðar-tengd verkefni og annað tilfallandi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verk-, eðlis- eða stærðfræði skilyrði
- Reynsla og/eða þekking af fjármálafræðum æskileg
- Góð tölvuþekking skilyrði
- Reynsla af forritun (VB/Matlab/Java/C#) ásamt þekkingu á úrvinnslu gagna í gagnagrunnum (SQL/Oracle) og gagnagrunnsforritun
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði

Leitað er að einstaklingum sem hafa metnað til að taka þátt í spennandi uppbyggingarstarfi þar sem árangursríkt framlag er metið að verðleikum. Nauðsynlegt er að umsækjendur eigi auðvelt með að vinna í hópi og búi yfir getu til að setja flókin viðfangsefni fram á skýran og skilmerkilegan hátt.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

LEITAR ÞÚ NÝRRRA TÆKIFÆRA?

Aðalbókari

Traust fyrirtæki sem starfar í alþjóðlegu umhverfi, óskar eftir að ráða aðalbókara til starfa. Aðalbókari heyrir undir framkvæmdastjóra Fjármála- og stjórnunarsviðs. Starfið felst í stjórnun og rekstri bókhaldsdeildar, ábyrgð á reikningshaldi, afstemmingum og uppgjöri bókhalds fyrirtækisins sem og samstæðuuppgjöri, áætlanagerð og eftirfylgni áætlana. Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði viðskiptafræða, menntun eða reynsla af endurskoðunar-sviði er mikill kostur. Reynsla af sambærilegu starfi er skilyrði. Gerð er krafa um góða kunnáttu á Word og Excel sem og góð tök á íslenski og enski tungu. Kunnáttu á Navision er kostur. Leitað er að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika sem og örugga og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að vera töluglögur og eiga auðvelt með að vinna undir álagi. Hann þarf einnig að vera skipulagður í verkum sínum og vera áhugasamur um störf sín. Starf nr. 070105-04.

Spennandi bókhaldsstarf

Rótgróinn og traustur köfunarskóli óskar eftir að ráða bókara til starfa. Um spennandi starf er að ræða fyrir einstakling sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni. Skólinn er ört stækkandi og viðkomandi verður að vera tilbúinn að vaxa og þroskast í starfi. Verið er að leita að aðila sem hefur töluverða reynslu og þekkingu á bókhaldi. Helstu verkefni viðkomandi eru meðal annars umsjón með bókhaldi fyrirtækisins, færsla bókhalds og afstemmingar, innheimta og reikningagerð, innleiðing nýs hugbúnaðar og skýrslugerð til stjórnar. Leitað er að aðila sem hefur haldgóða reynslu af bókhaldi og er reynsla af innleiðingu hugbúnaðar kostur. Einnig er reynsla eða þekking á markaðsmálum kostur. Til að byrja með er um 100% starf í bókhaldi að ræða en eftir ákveðinn tíma er möguleiki á að minnka starfshlutfallið. Ef áhugi er fyrir hendi er möguleiki á að takast á við önnur tengd störf, t.d. markaðs- eða sölustörf. Einnig er möguleiki á að vinna bókhaldið að hluta til heiman frá sér. Starf nr. 070207-01.

Fjármálastjóri

Öflugt ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki í erlendum samskiptum óskar að ráða drifandi einstakling í starf fjármálastjóra. Fjármálastjóri ber ábyrgð á fjármálum fyrirtækisins, sinnir áætlanagerð, kostnaðargreiningu og kostnaðareftirliti. Viðkomandi mun einnig bera ábyrgð á allri skýrslugerð til framkvæmdastjóra og höfuðstöðva fyrirtækisins. Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun er skilyrði sem og haldgóð bókhaldsþekking og -reynsla. Góð enskukunnáttu áskilin. Viðkomandi þarf að hafa getu til að vinna sjálfstætt, hafa frumkvæði og drif í starfi, vera sveigjanlegur og hæfur í mannlegum samskiptum. Starf nr. 070208-06.

Ráðgjafi á sviði landslagsarkitektúrs

Landlínur leita að landslagsarkitekt, skipulagsfræðingi eða arkitekt sem unnið hefur að skipulagsmálum. Landlínur ehf. er framsækið ráðgjafafyrirtæki sem leggur áherslu á góða hátækniþjónustu. Verkefni eru á sviði landslagshönnunar og skipulags. Verkefni fyrirtækisins hafa aðalega verið tengd Vesturlandi og Vestfjörðum en þó eru undantekningar á því. Landlínur eru til húsa að Borgarbraut 61 í Borgarnesi. Skilyrði er að viðkomandi sé vanur Cad hugbúnaði. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.landlinur.is. Starf nr. 070207-04.

Rafvirki, vélfræðingur eða rafmagnstæknifræðingur

Iðnfyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann til starfa við vélavíðgerðir. Óskað er eftir að ráða rafvirkja, vélfræðing vanan rafmagnsvinnu, rafmagnstæknifræðing eða reynslumikinn víðgerðarmann sem vanur er vinnu við iðnaðarvélur. Í boði er áhugavert starf hjá traustu og rótgrónu iðnfyrirtæki. Starf nr. 070206-05.

Akureyri - Sölu- og þjónustufulltrúi

Húsgagnaverslunin Vörubær óskar eftir að ráða starfsmann. Starfið felst í almennri afgreiðslu og ráðgjöf til viðskiptavina, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Leitað er að aðila með reynslu af sölu- eða þjónustustörfum sem hefur áhuga á hönnun. Góð þjónustulund og vingjarnlegt viðmót er skilyrði. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum. Vinnutími er frá 10-18 virka daga og 11-16 um helgar. Starf nr. 070206-03.

Framleiðslustjóri

Framsækið framleiðslufyrirtæki óskar eftir að ráða stjórnanda til þess að stýra framleiðslu tölvustýrðra véla. Framleiðslustjóri verður hluti af þriggja manna stjórnunarliði fyrirtækisins. Starfið gefur viðkomandi tækifæri til þess að koma verulega að stefnumótun og uppbyggingu félagsins á næstu misserum. Starf viðkomandi felst í verkstjórn á framleiðslugólfi, stýringu á framleiðslu íhluta í eigin vélar og stýringu á samsetningu eigin véla. Einnig mun viðkomandi sjá um hráefnis- og íhlutainnkaup og handbókagerð. Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði véltæknifræði eða tæknifræði. Reynsla af framleiðslustjórnun og rekstri sem og af innkaupum og birgðahaldi er mikill kostur. Viðkomandi verður að búa yfir miklum stjórnunar- og skipulags-hæfileikum sem og að sýna metnað og framsækni í starfi. Um spennandi framtíðarstarf er að ræða fyrir réttan einstakling. Starf nr. 060105-06.

Greiningarvinna hjá fjárfestingafyrirtæki

Fjárfestingafyrirtæki sem hefur starfsemi á Íslandi og erlendis óskar, eftir að ráða einstakling til starfa við greiningarvinnu sem fyrst. Starfið felst í að skoðun og greiningu fyrirtækja, lestri ársreikninga, samantekt upplýsinga og framsetningu þeirra í formi minnispunkta og skýrslna. Lögð er áhersla á hnitmiðaða og skýra framsetningu í máli og myndum. Leitað er að viðskiptafræðingi með a.m.k. 3-7 ára starfsreynslu, sem býr yfir frumkvæði, talnagleggni og greiningar-hæfileikum. Viðkomandi verður að vera tilbúinn að hafa skoðun á mörkuðum, landssvæðum og löndum. Viðkomandi þarf að vera afar sjálfstæður í vinnubrögðum, vel máli farinn bæði á enski og íslenski tungu, hafa góða hugbúnaðarþekkingu og getu til að vinna með gagnagrunna á netinu. Starf nr. 070209-02.

Grafískur hönnuður

Traust og vaxandi fyrirtæki óskar eftir að ráða einstakling til starfa við grafíska hönnun. Starfið felst í hönnun prentefnis fyrirtækisins. Leitað er að hugmyndafræðing og kraftmiklum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi. Um er að ræða spennandi starf fyrir réttan aðila. Gerð er krafa um menntun á sviði grafískrar hönnunar, starfsreynsla er mikill kostur. Reynsla af bæði MAC og PC umhverfi er skilyrði. Þekking á Photoshop, Illustrator, InDesign og Flash er skilyrði. Starf nr. 070131-05.

Aðstoðarmaður stjórnanda

Ungt hátækniyrirtæki í miðborg Reykjavíkur leitar að viðskiptamenntuðum einstaklingi í starf aðstoðarmanns stjórnanda. Starfið felst í upplýsingaleit, greiningu og framsetningu upplýsinga. Leitað er að viðskiptafræðingi sem hefur lagt áherslu á fjármál. Reynsla af upplýsingaleit og rannsóknarvinnu er æskileg. Talnagleggni og hæfileiki til sjálfstæðra og agaðra vinnubragða skilyrði. Gerð er krafa um sveigjanleika, góða samskiptahæfileika og góða tungumálakunnáttu, sér í lagi enskukunnáttu. Starf nr. 070209-03.

Rafeindavirki

Traust fyrirtæki óskar eftir að ráða tvo rafeindavirkja til starfa. Annars vegar er leitað að nýútskrifuðum rafeindavirkja og hins vegar rafeindavirkja sem hefur töluverða starfsreynslu eftir nám. Störfin snúast um uppsetningar og víðgerðir á tækjum sem fyrirtækið selur. Leitað er að aðilum sem er duglegir, vinnusamir og eiga auðvelt með að vinna sjálfstætt. Viðkomandi aðilar verða að hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum. Starf nr. 070112-04.

Akureyri - Matreiðslumaður/matráður

Norðlenska óskar eftir að ráða matreiðslumann/matráð á starfstöð sína á Akureyri. Starfið felst í framreiðslu fæðis í matar- og kaffitímum, umsjón með innkaupum, frágangi eftir matmálistíma og öðrum tilfallandi verkefnum. Mikill kostur er ef viðkomandi hefur lokið matreiðslumenntun, mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegu starfi. Leitað er að aðila sem hefur getu til að vinna undir álagi, sýni sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði. Gerð er krafa um þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Starf nr. 070129-02.

Umsóknarrestur er til og með 18. febrúar nk.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störf á www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR



FULLTRÚI

Búastæðasjóður er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar sem hefur það hlutverk að stýra nýtingu búastæða í því skyni að útvega gestum og viðskiptavinum vel staðsett skammtímastæði þar sem nauðsyn krefur. Búastæðasjóður fer jafnframt með almennt eftirlit með bifreiðastöðum í því skyni að greiða fyrir umferð gangandi jafnt sem akandi vegfarenda.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag.

Búastæðasjóður Reykjavíkur óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi einstakling í starf fulltrúa á skrifstofu sjóðsins. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða.

Helstu verkefni

- Meðferð og afgreiðsla erinda vegna álagðra gjalda
- Umsjón með samskiptum við íbúa á miðborgarsvæðinu
- Þróun og ritstýring heimasíðu Búastæðasjóðs
- Greining og undirbúningur vegna sérhæfðrar starfsþjálfunar fyrirtækisins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Próf á háskólastigi sem nýtist í starfinu
- Reynsla af úrlausn mála í stjórnsýslu og þjónustu
- Góð tölvukunnátta
- Góð færni í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og rík ábyrgðartilfinning
- Heiðarleiki og vandvirkni

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. **Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar nk.** Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk byggðasamlagsins er að sinna almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Markmið er að efla almenningsamgöngur, bæta þjónustu og auka hagkvæmni. Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns auk undirverktaka. Velta fyrirtækisins er tæpir 3 milljarðar á ársgrundvelli. Fyrirtækið hefur jafnframt umsíð með ferðaþjónustu fatlaðra.

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Strætó bs. óskar eftir að ráða metnaðarfullan og framsækinn einstakling til að takast á við starf framkvæmdastjóra.

Starfssvið

- Ábyrgð og umsíð með rekstri og daglegri yfirstjórn
- Stýring og frumkvæði að stefnumótunarvinnu
- Forysta í þróun og innleiðingu nýrra hugmynda
- Ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlunum fyrirtækisins
- Undirbúningur mála í tengslum við stjórn og eftirfylgni ákvarðana

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi skilyrði
- Þekking og reynsla af stjórnun og mannaforráðum skilyrði
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu og áætlanagerð
- Hæfni til að koma fram og tjá sig í töluðu og rituðu máli
- Leiðtogaþæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæði í starfi

Umsíð með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Herdis Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

TÆKIFÆRIÐ ÞITT?



Kranamaður 564802

Traust verktakafyrirtæki óskar eftir að ráða vanan kranamann á 50 metra háan krana með 40-60 metra bómu. Mjög góð verkefnastaða framundan. Fyrirtækið er bæði í útboðsverkefnum og eigin framkvæmdum. Vinnutími er mánudaga - fimmtudaga frá kl. 07:30-17:30 og föstudaga frá kl. 07:30-15:30. Ráðið verður í starfið fljótlega.



Smiður 564803

Traust verktakafyrirtæki óskar eftir að ráða lærðan smið til starfa. Starfið felur í sér mælingar, móta- og innivinnu. Mjög góð verkefnastaða framundan. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 07:30-17:30 með tilfallandi yfirvinnu. Einnig er unnið annan hvern laugardag frá kl. 07:30-17:00. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is



Operator dźwigu 564802

Przedsiębiorstwo wykonawcze poszukuje doświadczonego operatora dźwigu do obsługi 50 metrowego dźwigu z 40-60 metrowym bomem. Przedsiębiorstwo zajmuje się wykonywaniem zleceń oraz innych prac. Czas pracy - od poniedziałku do czwartku od 07:30-17:30, oraz w piątki od 07:30-15:30. Kandydaci muszą znać język angielski lub islandzki.



Stolarz - Cieśla 564803

Przedsiębiorstwo wykonawcze poszukuje doświadczonego stolarza. Zakres obowiązków - pomiary, prace wewnątrz. Czas pracy - wszystkie dni robocze od 07:30-17:30 oraz w co drugą sobotę od 07:30-17:00 z możliwością nadgodzin. Kandydaci muszą znać język angielski lub islandzki.

Informacje na stronie www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511 1144
www.vinna.is

vinna.is
ATVINNUMIÖLUN

www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

EINSTAKT TÆKIFÆRI FYRIR HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGA

Glitnir er framsækið fjármálafyrirtæki sem skilgreinir heimamarkað sinn á Íslandi og í Noregi. Glitnir rekur einnig starfsstöðvar í London, Kaupmannahöfn, Lúxemborg, Halifax og Shanghai.

Stjórnendur Glitnis eru sannfærðir um að fjárfesting í starfsfólki sé lykillinn að velgengni bankans. Glitnir er krefjandi vinnustaður þar sem samvinna er lykillinn að árangri.

Starfsfólk Glitnis er hvatt til að sýna frumkvæði, axla ábyrgð, tileinka sér nýjungar, koma með hugmyndir og sýna það besta sem í því býr.

Glitnir leitast við að ráða, efla og halda hæfu og traustu starfsfólki. Við sækjumst eftir starfsfólki sem býr yfir góðri þekkingu og reynslu, fólki sem sýnir frumkvæði og leitar ávallt bestu lausna fyrir bankann og viðskiptavinum hans. Við leggjum áherslu á símenntun starfsfólks og að búa því sem bestar aðstæður til að vinna að verkefnum sínum.

Hlutverk Upplýsingatæknisviðs Glitnis er að tryggja bankanum lausnir sem stuðla að því að viðskiptaleg markmið náist. Hugbúnaðarlausnir er ein af þremur deildum á Upplýsingatæknisviði Glitnis. Hjá okkur gefst þér einstakt tækifæri til að starfa í samhentum hópi hjá framsæknu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi.

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur kraftmikla sérfræðinga í innleiðingar- og þróunarverkefni á eftirfarandi sviðum:

- VÖRUHÚS GAGNA
- SAMPÆTTING KERFA
- VERÐBRÉF OG MIÐLUN
- VEFFORRITUN
- LÁNAKERFI
- ÁHÆTTUSTÝRING
- NETBANKALOUSNIR
- SAP FJÁRHAGSKERFI
- ÞJÓNUSTU- OG AFGREIÐSLUKERFI
- PRÓFANIR OG GÆÐAMÁL
- VERKEFNASTJÓRNUN

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar og markviss vinnubrögð
- Haldgóð reynsla af hugbúnaðargerð eða innleiðingu hugbúnaðarlausna æskileg
- Vilji og geta til að vinna undir álagi og skila verkefnum innan tímamarka

Upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Jón Ingi Þorvaldsson, forstöðumaður Hugbúnaðarlausna, sími 844 4333, netfang jonni@glitnir.is.

Umsóknir

Umsóknir óskast fylltar út á www.glitnir.is ásamt ítarlegri ferilskrá. Tengiliður í starfsmannþjónustu er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang sigrun.olafs@glitnir.is.

Umsóknarfrestur er til 23. febrúar nk.

GLITNIR



Init ehf. er hugbúnaðar-fyrirtæki sem sérhæfir sig í verkefnum fyrir lífeyrissjóði og verkalyðsfélög. Init þróar, rekur og þjónustar Jóakim sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi. Kerfið þjónar helstu þörfum lífeyrissjóða og verka-lyðsfélaga, þar með talið iðgjaldainnheimtu, verðbréfavörslu, lífeyris-greiðslum, sjúkrabótum, styrkjum, orlofshúsaleigu og fleira. Verðbréfakerfið hentar vel í eignastýringu fyrir stærri fjárfesta.

SÉRFRÆÐINGUR Í HUGBÚNAÐARÞRÓUN

Init ehf. óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við hugbúnaðarþróun. Um gott framtíðarstarf er að ræða fyrir réttan einstakling.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða
- Reynsla af þróun umfangsmikilla gagnasafnskerfa
- Þekking á fjármálakerfum/fjármálastarfsemi mikill kostur
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Geta til þess að vinna undir álagi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Í boði er:

- Krefjandi og fjölbreytt verkefni hjá vaxandi fyrirtæki
- Mjög góð vinnuaðstaða
- Góð laun

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

TRÉSMIÐIR - VINNUFLOKKAR



Vegna fjölda krefjandi verkefna óskar ANS eftir að ráða trésmiði til framtíðarstarfa. Einnig trésmiðaflokkar í eftirtalin verkefni: Mótauppslátt, Utanhússklæðningar, Gipsveggi

ANS er öflugt verkfræði- og verktakafyrirtæki sem byggir á reynslu, þekkingu og metnaði.

Starfsumhverfið er spennandi og skemmtilegt þar sem fjölbreytt verkefni krefjast frumkvæðis.



Upplýsingar gefur: Jón í síma 664 2802 · jon@ans.is · Þverholti 11 · 105 Reykjavík · www.ans.is

VÍS leitar að starfsmanni í skoðanir og mat á ökutækja- og vinnuvélatjónum.

www.vis.is

Starfið felur í sér að annast alla þjónustu við viðskiptavinum VÍS sem snýr að tjónaskoðun og mati, uppgjöri í ökutækjatjónum, forvörnum og áhættuskoðunum á ökutækjum og vinnuvélum vegna tryggingatöku.

Við leitum að einstaklingi sem hefur mikla reynslu af alhliða viðgerðum á ökutækjum. Viðkomandi þarf að vera frábær í samskiptum, skipulagður og samviskusamur og þarf að geta tileinkað sér að vinna samkvæmt gildum VÍS sem eru umhyggja, áreiðanleiki og frumkvæði.

Skilyrði er að umsækjendur hafi meistararéttindi á sviði bifreiðasmíði, bifvélavirkjunar og/eða bílamálunar og góða almenna tölvukunnáttu.

Umsóknir berist á heimasíðu VÍS, www.vis.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Páll Breiðfjörð (pallbr@vis.is) í síma 560 5252.

Hjá VÍS starfa um 240 manns á þjónustuskrifstofum félagsins um allt land. Það er stefna VÍS að hafa ávallt á að skipa vel menntuðu starfsfólki með framúrskarandi þekkingu á váttryggingamálum. Félagið leggur áherslu á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstoðu til að veita góða þjónustu. Félagið vill fela starfsfólki störf við hæfi þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sin við áhugaverð og krefjandi verkefni.

Váttryggingafélag Íslands
Ármúla 3 108 Reykjavík
Sími 560 5000 vis.is



Par sem tryggingar snúast um fólk



Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra SUMARSTÖRF Í REYKJADAL

Hefur þú gaman af því að elda? Viltu vinna með skemmtilegu fólki?

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekur sumardvöl fyrir fötluð börn og ungmenni í Reykjadal. Reykjadalur er staðsettur í Mosfellsdal sem er í u.þ.b. 15 mínútna fjarlægð frá Reykjavík.

Félagið leitar að einstaklingi sem hefur gaman af því að elda og vill taka að sér eldamennsku á þessum gefandi og skemmtilega stað. Kokkar staðarins hafa aðstoðarmann sér við hlið á álagstímum. Unnið er á vöktum og eldað fyrir 30 - 45 manns á dag. Einnig óskar félagið eftir að ráða starfsfólk til að sinna næturvöktum.

Sjá nánari upplýsingar um Reykjadal og starfið sjálft á www.slf.is, einnig veitir forstöðumaður upplýsingar í síma 535 0900.

Áhugasömum er bent á að skila umsókn til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra að Háaleitisbraut 13, fyrir 1. mars 2007.



Sölu- og þjónustufulltrúi

Vegna aukinna umsvifa Tandurs á fyrirtækja- og stofnanamarkaði óskum við eftir jákvæðum og duglegum starfsmanni til að ganga til liðs við okkur. Heiðarleiki og reglusemi áskilin.

Starfið felur í sér:

- Sölu á hreinlætisvörum og öðrum vörum Tandurs til fyrirtækja og stofnana.
- Að viðhalda viðskiptatengslum og afla nýrra.
- Þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina.

Hæfniskröfur:

- Góðir söluhæfileikar og þjónustulund.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.

Í boði er spennandi framtíðarstarf þar sem mikið er lagt upp úr þjálfun starfsmanna og símenntun.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 19. febrúar næstkomandi. Númer starfs er 6305.

Nánari upplýsingar veitir Elísabet S. Arndal.
Netfang: elisabetsa@hagvangur.is

Starfsemi Tandurs snýst um sölu á hreinlætisvörum til fyrirtækja og stofnana. Samhliða sölu, innflutningi og framleiðslu er mikil áhersla lögð á þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á: www.tandur.is



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



SPACE EXPLORERS

CCP IS LOOKING FOR YOU!

CCP Games specializes in the creation, development and distribution of massively multiplayer online games (MMOGs). Founded in 1997, the company is recognized internationally as a pioneer in the area of the single-server persistent MMOG universe. CCP Games is headquartered in Reykjavík, Iceland with offices in Shanghai, China and Atlanta, USA. We are looking for world-class individuals to be part of a team that creates bleeding-edge technologies for the games of the future.

TECHNICAL ARTIST

To integrate art into the EVE game engine, using both in-house and external art tools. To assist in building new shaders, animation, effects and graphics functionality in the Trinity rendering engine.

Requirements:

- Experience with Maya, polygonal modeling, rendering and animation
- Scripting skills (Mel, Python, php)
- 3D math (basic linear algebra) knowledge a plus
- Game modding or level design experience a plus
- Familiarity with modern 3D techniques (Vertex and pixel shaders, lighting Models)
- Precision and attention to detail in creating complex effects with an understanding of optimization

CONFIGURATION MANAGER

To organize and manage CCP's build group and build processes (languages: Python, C++).

Requirements:

- B.Sc in Software Engineering or related fields
- Experience with build management
- Strong communications skills

GRAPHICS PROGRAMMER

To program graphical effects in CCP's custom 3D engine for EVE Online (language: Python)

Requirements:

- B.Sc in computer Science or related fields
- Good knowledge of 3D math
- Experience with computer graphics

CONCEPT ARTISTS

To design characters and environments for state-of-the-art games. Responsibilities include: drawing and/or painting designs for characters and environments that are then translated into 3D.

Requirements:

- Experience with making concept art for any type of entertainment or similar projects
- Experience using Photoshop or similar programs to paint and/or finish a scanned piece
- Strong sense of how an object or character might work and look from all possible angles
- Able to adhere to schedules and milestones
- Precision and attention to detail
- Passion for creating virtual worlds

TEST SPECIALISTS

To develop and review test plans and test cases based on game design requirements. To organize test execution, including manual and automated tests, regression, performance, load, and stress testing. In addition, the selected individual will have to organize test events with outsourcing partners and volunteers, and engage in performance test analysis, test automation and performance trends analysis.

Requirements:

- BA or BS degree
- Highly organized individual
- In-depth knowledge of development and testing cycle
- Willing to work extra, over and above when the project is nearing completion
- Excellent teamwork skills
- Game experience with EVE is a definite plus

Submitting a portfolio or a link to a web site with samples of work, demo reel DVD/VHS/CDs et al. is appreciated. To apply, e-mail resumes@ccpgames.com with the job title of your interest in the subject field. Application period expires February 25th. Only candidates being considered for interview will be contacted.



RÁÐNINGARÞJÓNUSTAN



Ráðningarþjónustan er framsækið fyrirtæki, á traustum 11 ára grunni, sem sérhæfir sig í persónulegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og umsækjenda. Hjá Ráðningarþjónustunni starfa ráðgjafar með sterkan faglegan bakgrunn á sviði mannauðsfræða sem og viðtæka reynslu af íslenskum vinnumarkaði.

Atvinnurekendum stendur til boða að spara dýrmætan tíma, fyrirhöfn og fjármuni við að nýta sér ráðningar- og starfsmannþjónustu fagfólks og geta með einu símtali sett af stað ferli sem við sjáum svo um að ljúka. Ráðningarþjónustan sér þannig um allt ráðningarferlið, frá upphafi til enda.

Okkar þjónusta

- Aðstoð við gerð starfslýsinga
- Gagnagrunnsleit
- Birting auglýsinga á heimasíðu okkar
- Hönnun og gerð auglýsinga í dagblöð
- Svörun fyrirspurna frá umsækjendum
- Fagleg ráðgjöf og þátttaka í ráðningarviðtölum
- Stöðluð viðtöl hjá ráðgjafa
- Sérhæfð viðtalstækni; hegðunartengd viðtöl
- Öflun umsagna
- Persónu- og hæfnismat
- Persónuleikapróf
- Fundaraðstaða
- Aðstoð við gerð ráðningarsamninga
- Túlkun og þýðingar fyrir ensku- og pólskumælandi umsækjendur
- Ráðningarferli lokað og umsækjendum svarað

Ráðningar

- Ráðningar í allar stöður frá stjórnendum til almennra starfsmanna
- Ráðningar erlends starfsfólks
- Einstaklingskönnun (e. headhunting)

Okkar sérstaða

- Persónuleg og fagleg þjónusta
- Gagnkvæmur trúnaður
- Sterkur faglegur bakgrunnur ráðgjafa
- Tengsl við erlendar ráðningarstofur
- Öflugur gagnagrunnur
- Þekkt og fjölfarin heimasíða
- Samkeppnishæf verð
- Ábyrgð á ráðningum



**RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN**

Okkur vantar gott fólk til starfa í Skagafirði

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

auglýsir eftir kennurum

Við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra eru laus til umsóknar eftirtalin störf: fullt starf kennara í efnafræði og líffræði, fullt starf kennara í stærðfræði, fullt starf kennara í félagsfræði, fullt starf kennara í málmíðnum, fullt starf kennara í tréðnum, 70% starf við ræstingar, starf stundakennara í jarðfræði.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf 1. ágúst n.k. Nánari upplýsingar á www.fnv.is

Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

auglýsir eftir hjúkrunarfræðingum, hjúkrunarfræðinemum, sjúkraliðum, aðstoðarfólki í aðhlyningu og starfsfólki í eldhús og ræstingar

Auglýst er eftir hjúkrunarfræðingum, hjúkrunarfræðinemum og sjúkraliðum til afleysinga vaktavinnu á sjúkradeild og hjúkrunardeildum og til framtíðarstarfa á hjúkrunardeildum í 50-100% stöðum. Við leitum að áhugasömu og dugmiklu fólki til aðstoðar við aðhlyningu í fullt starf eða hlutastarf, vaktavinnu, lágmarksaldur 18 ár. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, frumkvæði og hæfni í samskiptum.

Einnig eru lausar til umsóknar aðrar stöður s.s. í eldhúsi, ræstikerfi o.fl. Starfsflutfall 40% - 100%.

Afleysingartímabil er frá maí – september 2007 eða eftir nánara samkomulagi. Laun skv. gildandi kjarasamningum stéttarfélaga, stofnunar og fjármálaráðherra.

Vinsamlegast hafið samband og kynnið ykkur hvað er í boði. Allar nánari upplýsingar veitir Herdís Klausen hjúkrunarforstjóri á staðnum, í síma 455 4011 og í tölvupósti: herdis@hskrokur.is Hægt er að sækja um rafrænt á heimasíðu stofnunarinnar, www.hskrokur.is

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2007

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Byggðasafn Skagfirðinga

auglýsir eftir safnverði

Starfið felst í gæslu, þrifum og eftirliti með húsnæði, innanstokksmunum og safnkosti Byggðasafns Skagfirðinga. Safnið er til húsa í Gilsstofu, Áshúsi og gamla bænum í Glaumbæ á Langholfti og í Minjahúsinu á Sauðárkróki. Starfsaðstaða safnvarðar er í Gilsstofu. Um er að ræða 50% starf.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Skagafjarðar.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2007

Sigríður Sigurðardóttir, forstöðumaður Byggðasafns tekur við umsóknum og veitir nánari upplýsingar í síma 453 6173 eða á netfangið bsk@skagafjordur.is Upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu safnsins www.skagafjordur.is/byggdasafn.

FISK Seafood

starfsfólk óskast

FISK Seafood hf. rekur öfluga útgerð og fiskvinnslu í Skagafirði og getur bætt við sig fólki til starfa bæði til sjós og lands.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 455 4400 og í netfangi fisk@fisk.is

Grunnskólar og leikskólar í Skagafirði

auglýsa eftir grunnskóla- og leikskólakennurum

Grunnskólakennara og leikskólakennara vantar til starfa hjá leikskólum og grunnskólum í Skagafirði á næsta kennsluári. Störfin verða auglýst nánar á komandi vikum.

Upplýsingar gefur Rúnar Vífilsson, fræðslufulltrúi, í síma 455 6000 eða í tölvupósti runar@skagafjordur.is

Sveitarfélagið Skagafjörður

auglýsir eftir verkefnisstjóra skipulagsmála

Helstu verkefni verkefnisstjóra verða umsjón með aðalskipulagi, deiliskipulagi, kynningarferli skipulagstillagna og samskipti við Skipulagsstofnun. Gerð er krafa um jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum, góða skipulagshæfileika og frumkvæði. Leitað er eftir arkitekt, skipulagsfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun. Starfsreynsla er æskileg.

Sjá nánari lýsingu á starfinu á heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Örn Berndsen sviðsstjóri Umhverfis- og tæknisviðs í síma 4556000, netfang: jobygg@skagafjordur.is

Umsóknarfrestur er til 5. mars 2007

Skriflegar umsóknir, sem tilgreina m.a. menntun og fyrri störf skulu sendar í Ráðhúsið við Skagfirðingabraut á Sauðárkróki.

Pacta - málfutningur og ráðgjöf

auglýsir eftir lögfræðingi

Við leitum að öflugum lögfræðingi til að taka þátt í uppbyggingu Pacta stofu á Sauðárkróki. Meðal verkefna eru lögfræðileg ráðgjöf og málfutningur, ábyrgð á mætingum í héraðsdóma. Umsjón og ábyrgð á fullnustugerðum og samskipti við mætingaraðila. Við leitum eftir ákveðnum og drífandi einstaklingi sem er metnaðarfullur og sjálfstæður í starfi og býr yfir hæfileikum í samskiptum.

Upplýsingar veitir Benjamin Axel Árnason, verkefnastjóri Pacta, í síma 440 7902/896 0999 og á netfangið benjamin@pacta.is Farið verður með allar fyrirsprunir og umsóknir sem trúnaðarupplýsingar.

Ráðið verður í starfið sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

VERIÐ Vísindagarðar

auglýsir eftir framkvæmdastjóra

VERIÐ Vísindagarðar ehf. er nýstofnað þekkingar-fyrirtæki staðsett í húsnæði FISK Seafood við höfnina á Sauðárkróki. Tilgangur fyrirtækisins er að annast rekstur kennslu- og rannsóknaaðstöðu í formi vísindagarða í tengslum við Háskólann á Hólum m.a. með áherslu á fiska- og matvælarannsóknir.

Starfið felst í framkvæmdastjórn VERSINS ehf., stefnumótun í samráði við stjórn, vinnu að markaðs- og kynningarmálum, að tryggja nýtingu aðstöðunnar, öflun nýrra samstarfsaðila, gerð samninga við nýja og núverandi samstarfsaðila og metnaðarfullri uppbyggingu starfseminnar. Auglýst er eftir dugmiklum einstaklingi með háskólamenntun. Umsækjandi þarf að hafa skýra stjórnunarhæfileika, geta unnið sjálfstætt, hafa frumkvæði og metnað í starfi og hafa færni í mannlegum samskiptum.

Upplýsingar um starfið veitir Skúli Skúlason í síma 455 6300.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2007

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf ásamt afritum af prófgögnum óskast sendar til Skúla Skúlasonar formanns stjórnar, VERIÐ Vísindagarðar ehf., Eyra vegi, 550 Sauðárkrókur, umsóknir má senda í tölvupósti til skuli@holar.is.

Sparisjóður Skagafjarðar

auglýsir eftir skrifstofustjóra

Nánar auglýst á næstu vikum. Upplýsingar gefur Kristján Snorrason í síma 893 9230.

Skýrr

auglýsir eftir ráðgjöfum og forriturum

Skýrr rekur öfluga starfsstöð á Sauðárkróki og er stöðugt á höttunum eftir kraftmiklu fólki, einkum á sviði Microsoft-viðskiptalausna. Í boði eru spennandi störf ráðgjafa og forritara og góð laun hjá framsæknu og trausta fyrirtæki í kraftmiklu og lifandi starfsumhverfi.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Ingibjörg Óðinsdóttir, forstöðumaður mannaútsviðs Skýrr, 569 5100 eða ingibjorg.odinsdottir@skyrr.is.

Tengill - rafverktakar

auglýsir eftir kerfisstjóra

Tengill ehf. óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við kerfisstjórnun. Um er að ræða vel launað framtíðarstarf hjá vaxandi fyrirtæki.

Menntun- og hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun umfangsmikilla tölvu og netkerfa.
- Þekking á Microsoft hugbúnaði MCSA eða sambærilegt
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi, geta til að vinna undir álagi og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 14. mars 2007

Umsóknum skal skila á: Tengill ehf, Aðalgötu 24, 550 Sauðárkróki, c/o Gisli Sigurðsson

Iðja - hæfing

auglýsir eftir forstöðumanni

Fjölskyldubjónusta Skagfirðinga leitar að forstöðumanni Iðju – hæfing sem býr yfir:

- frumkvæði, metnaði og sjálfstæði,
- mannúðlegum viðhorfum og hæfni í mannlegum samskiptum,
- þekkingu og reynslu af starfi með einstaklingum með fötlun,
- háskólamenntun sem nýtist í starfinu, t.d. þroska- eða iðjuþjálfun
- og gjaman reynslu af stjórnun, starfsmannahaldi og rekstri

Starfið hentar ekki síður körlum en konum, sjá nánari lýsingu starfsins á heimasíðunni www.skagafjordur.is.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. mars 2007.

Upplýsingar gefur Gunnar M. Sandholt, sviðsstjóri, í síma 455 6000. Einnig er bent á tölvupóst sandholt@skagafjordur.is

Sveitarfélagið Skagafjörður

auglýsir eftir verkefnastjóra í atvinnuþróunarmálum

Sveitarfélagið Skagafjörður auglýsir eftir verkefnastjóra til að vinna að samstarfsverkefnum sveitarfélagsins og atvinnulífs á sviði atvinnuþróunar í Skagafirði. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og þekkingu á sviði verkefnastjórnunar, ráðgjafar, rekstri fyrirtækja, gerð rekstraráætlana eða annarri þróunarvinnu. Umsækjandi þarf að hafa hæfileika í mannlegum samskiptum, geta unnið sjálfstætt og staðið í forsvari verkefna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Allar nánari upplýsingar veitir Áskell Heiðar Ásgeirsson sviðsstjóri Markaðs- og þróunarviðs í síma 455 6000 eða í netfangi: heidar@skagafjordur.is

Umsóknarfrestur er til 1. mars nk.

Umsóknum skal skila í Ráðhúsið við Skagfirðingabraut, 550 Sauðárkróki.

Lögreglan á Sauðárkróki

auglýsir eftir lögreglumönnum

Lausar eru til umsóknar afleysingastöður lögreglumanna við embættið á Sauðárkróki frá 1. júní til 31. ágúst 2007. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.

Upplýsingar um starfið veitir Björn Mikaelsson yfirlögregluþjónn í síma 455-3366 eða á lögreglustöðinni.

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

auglýsir eftir bókasafnsfræðingi til að stýra uppbyggingu háskólabókasafns á Hólum

Starfið felst í stjórnun reksturs, skipulags og uppbyggingar bókasafns Hólaskóla, stjórnun skjala-vörslu skólans, annast varðveislu og umsjón hins forna Hólaprents í samstarfi við Guðbrandsstofnun og efla samstarf í bókasafnsmálum við stofnanir og fyrirtæki í Skagafirði.

Auglýst er eftir dugmiklum einstaklingi með menntun í bókasafnsfræði. Umsækjandi þarf að hafa þekkingu á skjalastjórnun, stjórnunargetu, geta unnið sjálfstætt, hafa frumkvæði og metnað í starfi og hafa færni í mannlegum samskiptum. Launakjör eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2007

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf ásamt afritum af prófgögnum óskast sendar til Sigríðar Magnúsdóttur rekstarstjóra, sem jafnframt veitir upplýsingar um starfið. Umsóknir má einnig senda í tölvupósti til siggamagg@holar.is. Nánari upplýsingar um starfið og skólann eru á www.holar.is



Nokkrir punktar um Skagafjörð ...

... 90% íbúa Skagafjarðar eru ánægðir með að búa í Skagafirði*

... bygging nýs leikskóla á Sauðárkróki hefst á árinu 2007

... í Skagafirði er rekin öflug heilbrigðisstofnun sem íbúar eru mjög ánægðir með*

... í Skagafirði er fjölbreyttur fasteignamarkaður og þar býst búseta í þéttbýli og dreifbýli

... íbúar Skagafjarðar eru mjög ánægðir með grunnskólana og leikskólana í héraðinu*

... í Skagafirði getur þú stundað hestamennsku í heimahéraði íslenska hestsins

... Skagafjörður býður upp á nám í fjölbrautaskóla og háskóla

... atvinnulíf í Skagafirði er öflugt, einkum á sviði matvælaíðnaðar og ýmskonar þjónustu

... í Skagafirði finnur þú fjölbreytt íþróttastarf fyrir fólk á öllum aldri

... menningarlíf í Skagafirði er í miklum blóma, leiklist, kórastarf og margt fleira

... öll heimili á Sauðárkróki verða tengd ljósleiðara með tilheyrandi þjónustu á næsta ári

... í Skagafirði er frábær golfvöllur og glæsilegt skíðasvæði

... í Skagafirði eru engin umferðarljós og engir stöðumælur

... í Skagafirði hafa verið byggðar nær 100 íbúðir frá árinu 2000

... á Sauðárkróki er nú unnið að uppbyggingu fyrsta flokks sorpflokkunarstöðvar

* skv. könnun Gallup 2006




Sveitarfélagið Skagafjörður er spennandi valkostur

Nálægð við náttúru, góðir skólar á öllum skólastigum, ein ódýrasta hitaveita á landinu, fjölbreytt þjónusta, öflugt íþróttalíf, mikil veðursæld og kröftugt menningarlíf er meðal þess sem gerir Skagafjörð að fýsilegum búsetukosti, ekki síst fyrir fjölskyldufólk.

Íbúar í Skagafirði eru um 4.300, þar af um 2.600 á Sauðárkróki. Sauðárkrókur er einn öflugasti byggðakjarni landsbyggðarinnar þar sem saman fer öflug útgerð, úrvinnsla afurða af stóru landbúnaðarsvæði og þjónusta sem jafnast á við það besta.

Það er alltaf pláss fyrir fleira gott fólk í Skagafirði!



— tími til að lifa



Reykjavíkurborg
Menntasvið Reykjavíkur



Skólastjóri Klébergsskóla

Laus er staða skólastjóra Klébergsskóla í Reykjavík.

Í skólanum eru um 170 nemendur í 1. - 10. bekk. Klébergsskóli er á Kjalanesi og hóf starfsemi sína haustið 1930. Einkunnarorð skólans eru virðing, samvinna og metnaður. Í skólanum er teymisvinna nemenda og samkensla árganga nýtt til að efla einstaklingsmiðað nám þar sem fjölgreindarhugmyndir eru lagðar til grundvallar.

Skólinn býr vel að húsnæði og er í stórkostlegu náttúrulegu umhverfi milli fjalls og fjöru. Auk nemenda af Kjalarnesi þjónar skólinn nemendum úr Kjósarhreppi. Tónlistarskóli er rekinn í skólanum undir stjórn skólastjóra grunnskólans.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Vera leiðtogi skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.

Menntunar- og færnikröfur:

- Kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Staðan er laus frá og með 1. apríl 2007. Umsóknnum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar.

Umsóknarfrestur er til 5. mars. Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Frikirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Upplýsingar gefa Valgerður Janusdóttir starfsmannastjóri, valgerdur.janusdottir@reykjavik.is og Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is í síma 411 7000. Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



KERFISSTJÓRI/UMSJÓNARMAÐUR TÖLVUKERFA

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu kerfisstjóra/umsjónarmanns tölvukerfa lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar 2007. Umsóknargögn og allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Verslunarstjóri

Sérvöruverslun í Smáralind óskar eftir verslunarstjóra til starfa. Um er að ræða spennandi starf hjá framsæknu og vaxandi fyrirtæki.

Hæfniskröfur eru þessar:

- Góð og snyrtileg framkoma
- Haldgöð reynsla/þekking í sölustörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi
- Góð þjónustulund

Verslunarstjóri er ábyrgur fyrir versluninni, sér um uppgjör, pantanir á vörum, áfyllingar, vöruuppsstillingar og starfsmannamál.

Vinnutími er samkvæmt venjulegum opnunartíma Smáralindar, en getur einnig verið sveigjanlegur.

Í boði er starf hjá traustu og spennandi fyrirtæki. Mjög góð árangurstengd laun í boði.

Umsóknir sendist á box@frett.is merkt "Verslunarstjóri - 5".



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið

Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar

Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar leitar að öflugum starfsfólki til að taka þátt í þróun og uppbyggingu á einu stærsta og mest spennandi tækniumhverfi Íslands. Rekstur borgarinnar spannar mjög vítt svið og notar borgin ríflega 5.000 tölvur, er með á annað hundruð vefi og á fimmta þúsund síma svo dæmi sé tekið.

Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar, UTM fer með forystuhlutverk í upplýsingatæknimálum borgarinnar. UTM gegnir þjónustuhlutverki við viðskiptavinum sína sem eru svið og stofnanir Reykjavíkurborgar og er ætlað að annast rekstur og þróun upplýsingatæknibúnaðar borgarinnar.

UTM tilheyrir þjónustu- og rekstrarsviði borgarinnar, skrifstofu þjónustu og upplýsingatækni. Markmið skrifstofu þjónustu og upplýsingatækni er að nýta upplýsingatæknina til að betrubæta þjónustu við íbúa borgarinnar.

Víðnets- og kerfisrekstur

Starfssvið:

Daglegur rekstur víðnets Reykjavíkurborgar
Daglegur rekstur á Linux og Unix netþjónum
Daglegur rekstur á tæknirýmum
Þátttaka í þróun tækniumhverfis Reykjavíkurborgar
Samskipti við starfsmenn sviða og stofnana borgarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

Reynsla af net- og linux rekstri er æskileg
Reynsla af netlögnum er kostur
CCNA, CCNP, RHCE eða sambærilegar gráður eru æskilegar
Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
Lipurð í mannlegum samskiptum

Vefforritari

Starfssvið:

Forritun og smíði vefja og vefhluta í samráði við vefteymi borgarinnar
Umsjón með uppfærslum vefkerfis
Umsjón yfir aðkeyptri forritunarvinnu og verkefnum birgis vefum-sjónarkerfis
Þátttaka í vefverkefnum með sviðum og stofnunum
Önnur tilfallandi forritunarverkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

Formleg menntun í forritun
Forritunarreynsla í Microsoft .net
Ítarleg þekking á HTML og CSS
Ítarleg þekking á forritun og hönnun gagnagrunna (SQL)
Þekking og reynsla af vefþjónustuhögun (SOA)
Reynsla af vefforritun og vefsmíði
Þekking á ContentXXL er kostur
Frumkvæði og metnaður í starfi
Lipurð í mannlegum samskiptum

Hugbúnaðarsérfræðingur

Starfssvið:

Parfaggreining og hönnun lausna
Forritun og innleiðing hugbúnaðarlausna
Ráðgjöf vegna hugbúnaðarlausna og þróunar tækniumhverfis borgarinnar
Samskipti við starfsmenn sviða og stofnana borgarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

Tölvunarfræði eða sambærileg menntun
Starfsreynsla við hugbúnaðargerð
Reynsla af Lotus Notes forritun æskileg
Reynsla af forritun í Java eða .Net æskileg
Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
Lipurð í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um störfín veita Hjörtur Grétarsson forstöðumaður Upplýsingatæknimiðstöðvar Reykjavíkurborgar (hjortur.gretarsson@reykjavik.is) í síma 411 1910 og 693 9338 og Álfheiður Eymarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og upplýsingatækni (alfheidur.eymarsdottir@reykjavik.is) í síma 411 1058 og 693 9332. www.rvk.is/utm
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag. Umsóknnum ásamt ferilskrá skal skilað til Upplýsingatæknimiðstöðvar Reykjavíkurborgar, Borgartúni 1, 105 Reykjavík eða á netfangið (hjortur.gretarsson@reykjavik.is) Umsóknir skulu berast eigi síðar en 23. febrúar nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Tæknideild Vélavers hf óskar eftir starfsmönnum

Vegna verulegrar aukningar í umsvifum þá vantar okkur starfsmenn í tæknideild. Við leitum að drifandi og samvirkum einstaklingum, bifvélavirkjum eða vélvirkjum til starfa á verkstæði fyrirtækisins. Reynsla í viðgerðum á vinnuvélum, lyfturum, landbúnaðarvélum eða atvinnubílum er æskileg. Við bjóðum fyrsta flokks vinnuaðstöðu í nýju og rúmgóðu húsnæði sem er útbúið með nýjustu og fullkomnustu tækjum sem völ er á.

Upplýsingar um störfín gefur

Sigurður G. Sigurðsson í síma **588 2600**



VÉLAVER

Krókhálsi 16 • 110 Reykjavík • sími 588 2600

www.velaver.is

STÝRIMAÐUR M/T KEILIR

Berg Shipping spf. leitar að 2. stýrimanni á óluskipið M/T Keili. Helstu verkefni Keilis eru strandflutningar á Íslandi og í Noregi. Keilir er 4.342 BT. Viðkomandi þarf að hafa 3. stigs skipstjórnarréttindi. Nánari upplýsingar veitir Auðunn Birgisson í síma 5509900.

Umsóknnum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal skilað á póstfang audunn@odr.is fyrir 1. mars.

BERG Shipping spf. er færeyskt dótturfélag Óliudreifingar ehf.



Laus störf hjá Olíudreifingu ehf.

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða áhuga-
sama og vandvirka einstaklinga í eftirtalin
störf í Reykjavík.

Um framtíðarstörf er að ræða.
Störfin standa báðum kynjum til boða.

Rafmagnsverkstæði

Leitað er að rafvirkjum til starfa á þjónustu-
deild. Um fjölbreytt starf er að ræða við
nýlagnir, uppsetningu á tækjabúnaði tengdum
eldsneytisafgreiðslu, viðhaldi búnaðar og
almenn rafvirkjastörf. Starfsvettvangur er allt
landið, æskilegt er að starfsmaður geti farið
út á land þegar þannig háttar.

Iðnnemar

Til greina kemur að ráða nema sem búnir
eru með grunnnám.

Allar nánari upplýsingar veita:
Árni Ingimundarsson 550 9940
Birgir Pétursson í síma 550-9957

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir
Olíufélagið ehf. og Olíuverzlun Íslands hf.
Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996.
Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.olíudreifing.is



allt heimili

HREYFI GREINING



Sjúkraþjálfarar

Hreyfigreining óskar eftir að ráða sjúkraþjálfara

Óskum eftir að ráða sjúkraþjálfara og/eða nema í sjúkraþjálfun við alhliða störf í
sjúkraþjálfun og hóp íþróttum.

Áhersla er lögð á fagmannleg vinnubrögð, reglusemi, snyrtimennsku og lipurð í
mannlegum samskiptum.

Í boði er mjög góð vinnuástaða, hver sjúkraþjálfari hefur sérherbergi, aðstöðu-
gjald er lágt, tækjasalur vel útbúinn og góður vinnuandi er meðal starfsmanna.

Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar nk. Gengið verður frá ráðningu
fljótlega.

Guðný Harðardóttir og Regína Hjaltadóttir hjá STRÁ MRI veita nánari
upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl.13-15 alla virka daga meðan á
umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár til
stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirbyggjandi hringi eða sendi rafpóst til
STRÁ MRI og tilkynni þátttöku.



Suðurlandsbraut 6, 4. hæð - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

Hreyfigreining er framsækin
sjúkraþjálfun, endur-
hæfingar- og almenn
líkamsræktarstöð.

Hjá Hreyfigreiningu starfar
vel valinn hópur sjúkra-
þjálfara, sem veitir alla
almenna sjúkraþjálfun auk
sérmeðferðar í meðhöndlun
stoðkerfis.

Sjúkraþjálfun Hreyfi-
greiningar býður fyrir-
tækjum þjónustu við úttekt
og áhættugreiningu í vinnu-
umhverfi starfsmanna.
Hreyfigreining býður jafn-
framt upp á kennslu vinnu-
stillinga fyrir einstaklinga
og hópa.

Hreyfigreining statar af
hópi vel menntaðra
sjúkraþjálfara og íþrótta-
þjálfara, sem allir hafa
marktæka þekkingu og
reynslu á sínu sviði.

www.hreyfigreining.is



DEILDARFORSETI TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILDAR HR

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að efla
samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Akademískar deildir skólans eru fjórar:
Lagadeild, viðskiptadeild, kennslufræði-
og lýðheilsudeild og tækni- og
verkfræðideild.

Tæplega 3000 nemendur stunda nám
við Háskólann í Reykjavík. Kennarar við
skólann eru nú yfir 500 talsins, þar af
er tæpur helmingur úr hópi valinkunnra
einstaklinga úr íslensku atvinnulífi. Erlendir
gestakennarar eru á fjórða tug. Nám í öllum
deildum Háskólans í Reykjavík er framsækið
og tekur mið af því sem best gerist á
alþjóðavettvangi. Námið er í stöðugri þróun
og skólinn býður nú upp á tæplega 700
námskeið á ári, rúmlega 500 í grunnnámi
og um 160 á meistarastigi, með þarfir
nemenda og atvinnulífsins í huga.

Háskólinn í Reykjavík óskar að ráða deildarforseta Tækni- og verkfræðideildar

Tækni- og verkfræðideild er stærsta deild Háskólans í Reykjavík, og jafnframt ein stærsta háskóladeild landsins, með
yfir 1200 nemendur á fjölmörgum sviðum tækni-, verk- og tölvunarfræða, auk undirbúnings-náms á frumgreinasviði.
Sex rannsóknarsetur eru virk innan deildarinnar á sviðum tölvunarfræði og verkfræði, auk þess sem frumkvöðlasetur
starfar innan deildarinnar.

Markmið deildarinnar er að bjóða nemendum upp á krefjandi nám í framsæknu og skapandi umhverfi.
Lögd er áhersla á framúrskarandi kennslu, rannsóknir í fremstu röð og sterk tengsl við atvinnulífið. Alþjóðatengsl
eru jafnframt ríkur þáttur í starfsemi Háskólans í Reykjavík og eru erlendir samstarfsháskólar og -stofnanir tæplega
hundrað í yfir 20 löndum.

Leitað er að leiðtoga sem mun bera ábyrgð á rekstri deildarinnar og stýra framtíðaruppbyggingu öflugrar og
metnaðarfullrar deildar. Deildarforseti situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík.

Hæfniskröfur:

- Doktorspróf í verkfræði, tölvunarfræði eða skyldum greinum.
- Umtalsverð reynsla af kennslu, rannsóknum eða þróunarstarfi.
- Forystu- og stjórnunarhæfni.

Nánari upplýsingar um starfið gefa Björn Þór Jónsson og Ásta Bjarnadóttir
hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 599-6200 eða í bjorn@ru.is og asta@ru.is.
Umsókn skal skilað til Háskólans í Reykjavík á umsokn.tvd@ru.is,
í síðasta lagi 1. mars. Fylgigögn skulu berast til Háskólans í Reykjavík,
b.t. Ástu Bjarnadóttur, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík.

Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKA 9 • KRINGLUNNI 1
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

» Ráðningarbjonusta

Ert þú í atvinnuleit? Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðlustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

Leitar þú að starfsmanni?

Kostir þess að nýta sér þjónustu **HH Ráðgjafar**:

- » **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- » **Enginn auglýsingakostnaður**
Við sjáum um að auglýsa starfið eins og þörf krefur án þess að til komi aukakostnaður.
- » **Markviss leit**
Nýr hugbúnaður gerir leit mjög markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn til starfsins.
- » **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir eða er sagt upp störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

Lagerst
Verslunar
Eiðist
Krissto

Nánari
upplýsingar
í síma
561 5900

HH
RÁDGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

Skrifstofustjóri óskast

Fimleikadeild Ármanns leitar að áhugasömum og drifandi aðila til að reka skrifstofu deildarinnar. Um er að ræða starf frá 13-18 eða skv. samkomulagi. Viðkomandi þarf að vera röskur, frábær í samskiptum og sýna frumkvæði. Þarf að geta byrjað sem fyrst og hafa grundvallarkunnáttu á tölvu.

Upplýsingar veitir Jón Þór í jon.thor@internet.is eða í 893-8989

» Kannaðu málið á www.hhr.isHH Ráðgjöf • Fiskislað 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Viltu vera í forystu á alþjóðavísu?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Actavis, sem er með höfuðstöðvar á Íslandi starfar í um 30 löndum í fimm heimsálfum og eru starfsmenn um tíu þúsund talsins.

Vegna sívaxandi verkefna hér heima og erlendis leitar Actavis að framúrskarandi einstaklingum til starfa.



Störf við lyfjaframleiðslu

Actavis leitast eftir að ráða starfsfólk á framleiðslusviði fyrirtækisins. Starfsmenn í framleiðslu fara í gegnum mikla þjálfun og við leitum að einstaklingum sem geta tileinkað sér nákvæm og sérhæfð vinnubrögð.

Um er að ræða störf á mismunandi stigum framleiðslunnar, reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði er kostur.

Óskað er eftir drifandi og jákvæðum einstaklingum til að ganga til liðs við sterka liðsheld Actavis.

Starfsfólk Actavis er mikilvægasta auðlind fyrirtækisins og er markmið Actavis að ráða, halda í og efla hæft og traust starfsfólk. Fyrirtækið veitir starfsmönnum árlega styrki til fræðslu- og íþróttaiðkunar auk þess sem starfrækt er öflugt starfsmannafélag.

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is undir **Störf í boði**
Nánari upplýsingar veitir Arna Garðarsdóttir agardarsdottir@actavis.is
og Ágústa Rúnarsdóttir agrunarsdottir@actavis.is

Pharmaceutical Manufacturing Jobs in Production

Actavis is currently hiring employees in the company's production department. We are looking for people able to learn precise and specialized work methods which will receive excessive training.

The jobs in question are on different stages of the pharmaceutical manufacturing process. Any experience and/or knowledge of production or similar industries are an advantage.

We are looking for energetic people with a positive attitude to join the strong Actavis team.

For further information please contact Arna Garðarsdóttir agardarsdottir@actavis.is or Ágústa Rúnarsdóttir agrunarsdottir@actavis.is

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:

- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægjan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is www.actavis.com

actavis
hagur í heilsu



Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi í 21 landi. Hjá fyrirtækinu starfa um 8.500 manns í spennandi og fjölbreyttu vinnuumhverfi.

Þjónustunet Eimskips samanstendur af 157 skrifstofum félagsins í Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu, tæplega 50 skipum, 1.350 flutningabílum og um 100 kæli- og frystigeymslum í Evrópu, N-Ameríku og Asíu, ásamt dótturfélögum og samstarfsaðilum.

Skrifstofustörf hjá Eimskip

Við leitum að metnaðarfullum og drifandi einstaklingum, bæði tímabundið og til framtíðarstarfa, á skrifstofu Eimskips í Reykjavík.

Fulltrúi í fjárhagsdeild (framtíðarstarf)

Helstu verkefni eru afstemmingar, viðhald eignaskrár, uppfærsla á langtímaskuldum, lotu trygginga og önnur almenn bókhaldsstörf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Löggild bókararéttindi æskileg
- Þekking á bókhaldsstörfum
- Skipulagshæfileikar
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Jákvæðni og þjónustulund

Fulltrúi í fjárhagsdeild (tímabundin afleysing)

Helstu verkefni eru afstemmingar/eftirlit með viðkomureikningum, bókun á reikningum frá birgjum, uppgjör vegna skipa í umboði auk annarra almennra bókhaldsstarfa.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Löggild bókararéttindi æskileg
- Þekking á bókhaldsstörfum
- Skipulagshæfileikar
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Jákvæðni og þjónustulund

Fulltrúi í fjárstýringu (tímabundin afleysing)

Helstu verkefni eru innheimta og tengd þjónusta við viðskiptavini.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf, sambærileg menntun eða viðtæk starfsreynsla á sviði bókhalds og innheimtu
- Góð almenn tölvukunnáttu
- Þekking á bókhaldsstörfum
- Skipulagshæfileikar og talnagleggni
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Jákvæðni, þjónustulund og góð framkoma

Umsjón með ráðningunni hefur Elín Hjalmsdóttir (ehd@eimskip.is).
Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu Eimskips www.eimskip.is, til og með 19. febrúar.

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7709 | www.eimskip.is

EIMSKIP

Forstöðumaður

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar eftir forstöðumanni á heimili fatlaðs fólks að Einibergi í Hafnarfirði.

Ábyrgðarsvið:

- Rekstur og fagleg þjónusta
- Starfsmannahald
- Samskipti við aðstandendur og samstarfsaðila
- Áætlanagerðir s.s. rekstrar- og þjónustuáætlun

Menntun og hæfniskröfur:

- Proskapjálfun eða háskólamenntun á sviði félagsvísinda
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðra æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Jákvæðni og drifkraftur
- Áhugi á málefnum fatlaðra

Í boði er:

- Spennandi framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Sveigjanlegur vinnutími
- Faglegur stuðningur og samstarf við aðra stjórnendur

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum BHM eða SFR. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma. Sjá einnig auglýsingu á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness, www.smfr.is. Umsóknarfrestur er til 25. febrúar. nk.

Svæðisskrifstofa Reykjaness er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.

smfr

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is



Að vinna við uppeldi barna eru forréttindi. Að sjá þau vaxa og þroskast er ævintýri!

Yfirmaður í eldhús óskast í leikskólann Foldakot, Logafold 18 í Grafarvogi.

Það er gott að vera sem gleðin býr...

Foldakot er tveggja deilda leikskóli. Þar er lögð áhersla á hollan og heimilislegan mat. Í eldhúsi er mjög góð vinnuaðstaða.

Í Foldakoti er rekin opin og skapandi uppeldisstefna með áherslu á virka fjölskyldusamvinnu. Leikskólinn er í grónu umhverfi, þar er kátt í koti og stutt að fara út í fallega náttúru.

Vertu velkomin í heimsókn í Foldakot eða hringdu í okkur í síma 587 3077, 693 9872.

» Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

Sérfræðingur í Gæðadeild á Upplýsinga- og tæknisviði Kaupþings

Vegna aukinna umsvifa leitar Kaupþing að öflugum starfsfólki til starfa í Gæðadeild Upplýsinga- og tæknisviðs bankans. Við leggjum áherslu á að ráða starfsfólk sem getur unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði í starfi, hefur góða enskukunnáttu, framúrskarandi samskiptahæfileika og á auðvelt með að vinna í hópi.

Starfssvið

- Aðkoma að greiningar- og hönnunarvinnu
- Undirbúningur og framkvæmd prófana
- Aðkoma að innleiðingu hugbúnaðarlausna ásamt kennslu
- Samskipti við hugbúnaðarsérfræðinga, verkefnisstjóra og notendur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í kerfisfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af hugbúnaðargerð, prófunum og gæðastarfi er kostur

Við bjóðum

- Alþjóðlegt starfsumhverfi
- Líflegan, kraftmikinn og framsækinn vinnustað
- Áhugaverð og krefjandi verkefni
- Símenntun og starfsþróun
- Sveigjanlegan vinnutíma
- Góð laun í samræmi við menntun og reynslu
- Starfsframa
- Þátttöku í uppbyggingu metnaðarfulls fyrirtækis

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rósa Björg Ólafsdóttir gæðastjóri Upplýsinga- og tæknisviðs, s 444 6904, netfang rosa.olafsdottir@kaupthing.com og Íris Guðrún Ragnarsdóttir á Starfsmannasviði, s. 444-6377, netfang iris.ragnarsdottir@kaupthing.com.

Umsækjendur sækja um á vefsíðu bankans, www.kaupthing.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar.

Kaupþing, sem er stærsta fyrirtæki landsins, veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Kaupþing er leiðandi á öllum helstu sviðum íslensks fjármálamarkaðar og starfar í 9 löndum auk Íslands. Hjá bankanum starfa yfir 2.700 manns, þar af 1.500 erlendis.

KAUPÞING

Hugsum lengra



Framleiðsluvið Orkuveitu Reykjavíkur óskar eftir að ráða:

Orkuveita Reykjavíkur er framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmasta hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar. Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendirar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnu-umhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Fyrirtækið er:
Sveigjanlegt, það lagar sig að breyttum aðstæðum
Sýnir frumkvæði og er opið fyrir nýjungum
Sækir fram af eldmóði
Traust og starfar í sátt við umhverfið

Vélaverkfræðingur/vélatæknifræðingur

Í deildinni starfa verk- og tæknifræðingar, sem hafa sérþekkingu á búnaði og tækjum Framleiðsluviðs. Þeir annast fjárhagsáætlanagerð, skipuleggja viðhalds- og framkvæmdaverkefni og stýra þeim.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón með uppbyggingu og þróun dælustöðva hitaveitu
- Umsjón með virkjun lághitasvæða
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana fyrir hitaveitukerfi
- Hagkvæmnirannsóknir og bestun kerfa
- Forsendugerð og gangsetning verkefna
- Eigendahlutverk á verkefnum Framleiðsluviðs tengdum búnaði dælustöðva og flutningsvæða

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í vélaverk- eða vélatæknifræði
- Starfsreynsla og þekking á hitaveitu
- Góð tölvukunnátta
- Fæmi í mannlegum samskiptum
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og þekking á verkefnastýringu

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðlaugur Amarsson (gudlaugur.amarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR



Orkuveita
Reykjavíkur



ATVINNA Í KÓPAVOGI

Við leitum að vinnusömum einstaklingi á besta aldri til að starfa í rótgróinni hverfaverslun í Hófgerði 30, Kópavogi.

Vinnutími er frá 9-18 virka daga eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Eygló verslunarstjóri í síma 564-1444 og á staðnum. Umsóknum skal skila til hennar eða á www.samkaup.is

Samkaup strax

Gríptu í gott

Við hjá BIRNA concept shop erum að leita að skemmtilegum starfskröftum til starfa í verslunum okkar í Kaupmannahöfn og Reykjavík.

BIRNA er ungt fyrirtæki í örum vexti. Ef þú ert 23 ára eða eldri, sjálfstæð, sveigjanleg, samvissusöm, hefur ríka þjónustulund og gaman af mannlegum samskiptum, þá erum við að leita að þér.

Reykjavík: Hlutastarf til 1.júní
Fullt starf frá 1.júní til 1.september 2007

Kaupmannahöfn: Framtíðarstarf. Góð dönskukunnátta er skilyrði.

Umsóknir sendist á ibh@birna.net
Umsóknarfrestur er til 18. febrúar.

Taka skal fram hvort sótt er um starf á Íslandi eða í Danmörku.

BIRNA

Skólavörðustígur 2
www.birna.net

ICELANDAIR
TECHNICAL SERVICES

Verkfræðingar

Tækniþjónusta Icelandair óskar eftir að ráða verkfræðinga. Aðalverksvið viðkomandi verður við innréttingar í flugvélum félagsins, bæði breytingar og endurbætur á núverandi innréttingum sem og þróun innréttinga í nýjum flugvélum. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi frumkvæði og sýni áráði í starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf í verkfræði, helst byggingar-, flugvéla- eða vélaverkfræði
- Mjög góð enskukunnátta
- Samvissusemi
- Samskiptahæfni

Umsækjendur sendi umsókn með ferilskrá á netfangið jens.bjarnason@its.is eða arnor@its.is fyrir 18. febrúar.

Icelandair Technical Services annast viðhald flugvéla Icelandair og veitir alhliða tækniþjónustu í flugrekstri.

Við höfum hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi með framúrskarandi þjónustu. Hjá okkur starfa 260 starfsmenn sem eru lykillinn að velgengni okkar.

Icelandair Technical Services býður upp á krefjandi verkefni hérlendis sem erlendis.

Íþróttamiðstöðin Björk
www.fbjork.is



FRAMKVÆMDASTJÓRI

Fimleikafélagið Björk óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að byggja upp og stjórna starfsemi félagsins. Starfssvið framkvæmdastjóra er m.a. umsjón með daglegum rekstri, mótun framtíðarstefnu í samvinnu við stjórn, markaðsmál, upplýsingagjöf, ábyrgð á fjárhagslegum rekstri og áætlanagerð. Umsækjandi þarf að hafa reynslu af stjórnun og rekstri, hafa frumkvæði, vera jákvæður, auk hæfni í mannlegum samskiptum.

stjórnmála-flokkanna taka þátt í pallborðsum-ræðu um þetta brýna málefni ásamt því að svara fyrir-spurnum úr sal.

Fundirnir hefjast stundvíslega kl. 12.15 og eru þeir haldnir í húsnæði ReykjavíkurAkademíunnar Hringbraut 112 á 4. hæð.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

8 9 10 11 12 13 14

Sunnudagur

SYNINGAR

- 11.00 í **Hafnarborg** standa yfir sýningar á verkum **Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur** og **Drafnar Friðfinnsdóttur**. Sýningarar verða opnar til 4. mars.

- 13.00 **Bryndís Brynjarsdóttir** sýnir í **Listasal Mosfellsbæjar**. Sýningin ber yfirskriftina **Hið óendanlega rými og form** og stendur til 17. febrúar.

- 13.00 **Eygló Harðardóttir** sýnir í **Listasafni ASÍ við Freyjugötu**. Á sýningunni **Leiðslu** eru skjáverk, málverk á pappír, teikningar og þrívíð verk sem eru unnin með sýningar-rýmið sérstaklega í huga.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

BJARNI HAUKUR (HELLISBÚINN)

Í GLÆNÝRRI GAMANSÝNINGU

SALA Í FULLUM GANGI Á EFTIRFARANDI SÝNINGAR:

í febrúar:

10/2, 15/2, 16/2, 17/2, 23/2, 24/2, 25/2.

í mars:


2/3, 3/3, 4/3, 7/3, 9/3, 10/3, 15/3, 17/3,

18/3, 22/3, 23/3, 24/3, 29/3, 30/3, 31/3.

Allar sýningar hefjast kl. 20 nema 10/3 kl. 15.

ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA!!

Miðsalan í Iðnó er opin 11.00 til 16.00 virka daga og tveim tímum fyrir sýningu. Sími miðasölu er 562 9700.



Hvað er að fréttastjóri?



Fréttir af fólki_

www.visir.is

VISIR

KÖLD SLÓÐ

★★★★

„Þetta er kvikmynd sem vert er að sjá“

HGG / Rás 2

Sýnd í Smárabíói, Regnboganum og Blönduósi

20% afsláttur ef greitt er með korti frá Kaupþingi FRÉTTABLAÐIÐ

ÓPERUFERÐ TIL SAN FRANCISCO
Á VEGUM VINAFÉLAGS ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
11.-18. JÚNÍ 2007

Farið verður á eftirtaldar sýningar í San Francisco-óperunni:
Der Rosenkavalier eftir Richard Strauss & **Don Giovanni** eftir Wolfgang Amadeus Mozart.
Kristinn Sigmundsson syngur í báðum þessum uppfærslum.
Enn fremur verður boðið upp á skoðunarferðir um San Francisco og Yosemite Þjóðgarðinn og verður því um fjölbreytilega menningarferð að ræða.

Fararstjórar eru Tómas H. Heiðar, formaður stjórnar Vinafélags Íslensku óperunnar, og Edda Jónasdóttir, starfsmaður markaðssviðs Íslensku óperunnar og jafnframt starfsmaður Vinafélagsins.

Upplýsingar og skráning eru í höndum Eddu Jónasdóttur, sími 562-1077, netfang edda@opera.is.

Vinafélag ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

VIÐURLÖG VIÐ EFNAHAGSBROTUM

Morgunverðarfundur Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja

Þriðjudaginn 13. febrúar kl. 8:00 – 10:00

Grand Hótel Reykjavík – Gullteig

8:00

Morgunverður og skráning

8:30

Setning

Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri SA

Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum

Jónína S. Lárusdóttir, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Frumvarp til laga um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði

Áslaug Árnadóttir, lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Viðurlög vegna brota á samkeppnislögum

Guðrún Björk Bjarnadóttir lögmaður hjá SA

Viðurlög við brotum á fjármálamarkaði

Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðiráðgjafar Landsbanka Íslands

Fyrirspurnir og umræður

10:00

Fundarlok

Fundarstjóri: Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA

Þátttökugjald kr. 1.500 með morgunverði.

Skráning á www.sa.is eða í síma 591-0000

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SFF

SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Icelandic Financial Services Association

Krónikan

» NÝTT VIKURIT

KEMUR 15. FEBRÚAR

AUGLÝSINGAR
414 9400auglysingar@kronikan.isÁSKRIFTIR
414 9400askrift@kronikan.is

Nýtt í bió

WILL SMITH
the PURSUIT OF HAPPYNESS

FRÁBÆR STÓRMÝND SEM SLEGDI HEFUR Í GEGN.
WILL SMITH ER TILNEFNDUR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA FYRIR LEIK SINN Í MYNDINI.
BYGGÐ Á SANNRI SÖGU UM MANNINN SEM REYNDI ÞAD OMOGULEGA!

1 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNING L LUXUS

...SÍDASTA LOTAN!
ROCKY BALBOA
★★★★
"STALLONE LOKAR SERIUNNI MED GLÆSIBRAG" V.J.V. - TOPPS.IS
★★★★
DÖRINDA - DV
★★★★
HJ - MBL

12

PAN'S LABYRINTH
VOULDARHUSID EL LABERINTO DEL FAUNO
★★★★
LIB, TOPPS.IS

14

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA MED BEN STILLER OG ROBIN WILLIAMS
NIGHT AT THE MUSEUM
★★★★
VJ.V. - TOPPS.IS

14

3 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
Little Children
★★★★
S.V. MBL

14

FRÁBÆR STÓRMÝND MED WILL SMITH SEM TILNEFNDUR ER TIL ÓSKARSVERÐLAUNA FYRIR LEIK SINN
the PURSUIT OF HAPPYNESS

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30

KIRIKOU OG VILLIDYRIN
Sýnd kl. 4 (450 kr.) ISL TAL

eragon
Sýnd kl. 2

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

Borgarbió SÍMI 462 3500

THE PURSUIT OF HAPPYNESS	kl. 5.30, 8 og 10.30
SÝND Í LUXUS	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30
ANNA AND THE MOODS ENSKT TAL	kl. 1, 2, 3, 4, 6 og 7
ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ISL. TAL	kl. 1, 2, 3, 4 og 5
ROCKY BALBOA	kl. 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA
VEFUR KARLOTTU ISL. TAL	kl. 1 og 3.10
NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 1, 3.20, 5.40, 8 og 10.20
APOCALYPTO	kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA
KÖLD SLOÐ	kl. 5.45 og 8 B.I. 12 ÁRA

PAN'S LABYRINTH	kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA
ANNA AND THE MOODS ENSKT TAL	kl. 3, 4, 5, 6 og 7
ROCKY BALBOA	kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA
LITTLE CHILDREN	kl. 8 og 10.30 B.I. 14 ÁRA
LITTLE MISS SUNSHINE	kl. 3, 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA
NÝRIN	kl. 3 og 10.20 B.I. 12 ÁRA
KÖLD SLOÐ/COLD TRAIL	kl. 8
NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 3

THE PURSUIT OF HAPPYNESS	kl. 8 og 10.20
ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ISL. TAL	kl. 4, 4.40 og 5.20
ROCKY BALBOA	kl. 6 og 10.30 B.I. 12 ÁRA
DREAMGIRLS	kl. 5.40 og 8
KIRIKOU & VILLIDYRIN ISL. TAL	kl. 4 450 KR.

MIDASALA Í SMÁRABIÓ OG REGNBÖGINN Á **midi.is**

450 KR. Í BIÓ!

midi.is **Bió.is** - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

WILL SMITH
the PURSUIT OF HAPPYNESS

BYGGÐ Á SANNRI SÖGU

FRÁBÆR STÓRMÝND MED WILL SMITH SEM TILNEFNDUR ER TIL ÓSKARSVERÐLAUNA FYRIR LEIK SINN

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30

KIRIKOU OG VILLIDYRIN
Sýnd kl. 4 (450 kr.) ISL TAL

eragon
Sýnd kl. 2

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

FOXX KNOWLES MURPHY

★★★★
TV. NINA

8 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

DREAMGIRLS

20% afsláttur ef greitt er með SPURON-korti

SPURON 3

Sýnd kl. 5, 8 og 10.30

NIGHT AT THE MUSEUM
Sýnd kl. 2, 6 og 8

MEL GIBSON
APOCALYPTO
Sýnd kl. 10.15 B.I. 16

450 KR. Í BIÓ! ÖLDIR Á ALLAR STYNGIAR MERKTAR MED RAÐU

MIDASALA ÖPNAR KL. 1.30

Húmor og hormónar

Sagan um Önnu og skapsveiflurnar er blessunarlega laus við klassískan boðskap flestra teiknimynda enda er hlutverk hennar ekki að hvetja áhorfendur sína til að vera trúir sjálfum sér, trú á mátt kærleikans eða vináttunnar heldur er þarna á ferð lítill saga um stórt og algengt vandamál.

Myndin er ósköp litrík og ekkert sérlega sæt (sem er frábært því ekki vantar þær heldur) og sagan ætti að höfða til allra þeirra sem hafa gengið í gegnum hroða gelgjuskeiðsins eða eiga það eftir í náinni framtíð. Sagan er þó nokkuð sundurlaus sem skýrist að hluta til af lengd hennar sem ekki býður upp á miklar útskýringar. Persónurnar eru vel skapaðar en framvinda óvenjuhröð og undirfurðuleg eins og gerist og gengur í ævintýrum.

Teikningarnar eru eftirminni- legar og útilítið fallega unnið frá öllum sjónarhornum. Tónlist Julian Nott vinnur afbragðsvel með öllu saman, hún er dillandi og drungaleg og nokkuð áberandi en það er jú ætlunin – að opna hlustir unga fólksins og fá það til að hlusta á klassíska tónlist.

Á frumsýningunni var boðið upp á bæði enska og íslenska útgáfu myndarinnar og var talsetning beggja þeirra til fyrirmyndar – reyndar held ég meira upp á þá íslensku því hún var ekki eins ýkt og sú enska. Þess vegna fannst mér til dæmis Ólafía Hrönn Jónsdóttir skemmtilegri Anna heldur en Björk.

Það var kærkomið að sjá mynd-



KVIKMYNDIR

Anna og skapsveiflurnar / Anna and the Moods

Leikstjóri: Gunnar Karlsson

Handritshöfundur: Sjón / Tónlist: Julian Nott

Aðalhlutverk á ensku: Terry Jones, Damon Albarn, Sjón, Björk, Þórunn Lárusdóttir.

Aðalhlutverk á íslensku: Jóhann Sigurðarson, Gunnar Helgason, Sjón, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Þórunn Lárusdóttir.

★★★★
Stórsniðug og snjöll mynd með afbragðs tónlist og óvenjulegri sögu.

ina tvisvar því hún batnar með hverju áhorfi – smáatriði sem höfða til húmors hinna eldri eru fjölmörg. Vísanaheimur þessarar myndar er aðeins að hluta í hinni „barnalegu“ teiknimynd og spurning hvort yngstu íslensku áhorfendurnir nái að njóta hennar til fulls, einkum þeir sem ekki hafa enn lært að lesa ensku. Krökkum á þó vafalítið eftir að finnst þessi stuttmynd afar myndin, eins og vel kom í ljós á frumsýningunni.

Krístín Heiða Hauksdóttir

Kjastshögg fyrir þjóðina

Breiðavíkurmálið á hug þjóðarinnar um þessar mundir. Fyrir þrjátíu árum kom út bók sem varpaði einstöku ljósi á dvölinar þar en var stungið undir stól af þjóðinni.

„Þessar sögur koma mér ekki á óvart,“ segir Stefán Unnsteinsson, sem skrifaði ævisögu Sævars Ciesielski fyrir tæpum þrjátíu árum. Bókin hét Statu þig drengur og vakti hörð viðbrögð í þjóðfélaginu. Þar greinir Sævar frá dvöl sinni í Breiðavík og eru lýsingar hans í samræmi við það sem þjóðin hefur lesið og séð í bæði DV og Kastljósinu.

Bókinni var úthýst af almenn- ingi og segir Jóhann Páll Valdimarsson, sem gaf bókina út á sínum tíma, að hann hafi hreinlega verið afskrifaður í þessu fagi á þessum tíma. „Ég fann fyrir alveg gríðarlegri andúð og varð fyrir miklum árásum vegna hennar,“ segir Jóhann Páll. Hann segir það ekki vera á teikniborðinu að endur- útgefa bókina í ljósi nýrra upplýsinga. „Þetta yrði að vera alveg ný bók,“ segir hann.

„Þetta var allt saman of sárt fyrir íslenskt samfélag á þessum tíma og það



STEFÁN UNNSTEINSSON skrifaði ævisögu Sævars Ciesielski fyrir tæpum þrjátíu árum en þar komu fram opinskáar lýsingar á harðræðinu í Breiðavík.

vildi einfaldlega ekki horfast í augu við þetta,“ bætir Stefán við. „Það jákvæða við þessar uppljóstranir er kannski að íslenska þjóðin er komin á það þroskastig að hún getur tekist á við þetta núna,“ segir Stefán og telur þetta vera ákveðið kjastshögg fyrir Íslendinga.

Við vinnslu bókarinnar ræddi Stefán við fjölda vina Sævars,

JÓHANN PÁLL Var nánast afskrifaður sem útgefandi eftir að bókinn kom út.

sem margir hverjir sátu af sér á Litla-Hrauni. „Og allar þeirra sögur beindust að sama brunni, Breiðavík,“ útskýrir höfundurinn. Sjálfur starfaði Stefán á heimilinu eftir að því var breytt árið 1973 og hann hafði því heyrt hluta af því sem þegar er komið fram. „Sævar fyllti í raun bara út í þá mynd sem ég hafði gert mér þótt sú mynd hafi aldrei verið svona dókk eins og nú hefur verið sýnt fram á,“ segir Stefán, sem veltir því alvarlega fyrir sér hvort Breiðavíkurmálið eigi eftir að leiða til þess að Geirfinnsmálið verði tekið aftur upp. „Þar voru líka ákveðin mistök gerð og það eru til ótal vitni sem eru reiðubúin að varpa réttu ljósi á málið.“ - fgg

Sími: 553 2075

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

Ódýrt í bió

ATH. SÝND KL. 2

ATH. SÝND KL. 2

ATH. SÝND KL. 2

NIGHT AT THE MUSEUM

ARTUR OG MINIMOARNIR

eragon

LAUGARÁS BIÓ 450 kr. á 2 sýningar

The Police snýr aftur

Liðsmenn hljómsveitarinnar The Police hafa tilkynnt að þeir hyggist koma saman aftur í tilefni af þrjátíu ára afmæli sveitarinnar. Sting, söngvari The Police, segir á heimasíðu sinni að um tuttugu hörðum aðdáendum verði boðið á æfingu sveitarinnar sem haldin verður á tónleikastaðnum Whisky A Go Go á mánudaginn.

Eins og fram hefur komið mun The Police spila á Grammy-verðlaunaafhendingunni í kvöld. Það verður í fyrsta sinn í 23 ár sem það gerist. Búið er við því að á æfingunni á mánudag muni Sting og félagar kynna fyrirhugaða alheimstónleikaferð The Police á þessu ári.

THE POLICE KEMUR FRAM Sting og félagar í hinni fornfrægu hljómsveit The Police ætla í tónleikaferð um heiminn.



BYRJAFU DAGINN Á BIÓFERÐ SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sunnudögum

8 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS

7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS

1 TILNEFNING TIL ÓSKARS

2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS

ALPHA DOG HVERSU LANGT ERTU TILBÚIN AD GANGA TIL AD HYLJA GLÆP

PERFUME THE STORY OF A MURDERER ÍLMURINN

DREAMGIRLS 20% AFSLÁTTUR EF GREITT ER MED SPRON-KORTI

BLOOD DIAMOND Ævintýrleg spennu og hasar

man of the year ER ÞETTA ... NÆSTI FORSETI ?

SKOLAD Í BURTU

HAPPY FEET

THE PRESTIGE

FORELDRAR

Háskólabíó			Háskólabíó		
PERFUME	kl. 3 - 6 - 9 - 10:30	B.12	FORELDRAR	kl. 3 - 6 - 10:45	Leyfð
DREAMGIRLS	kl. 3 - 6 - 9	B.17	BABEL	kl. 3 - 6 - 9	B.16
BLOOD DIAMOND	kl. 3 - 6 - 9	B.16	STRANGER THAN FICTION	kl. 5:50	Leyfð

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA			SAMBÍÓ / KRINGLUNNI			SAMBÍÓ / KEFLAVÍK			SAMBÍÓ / AKUREYRI		
ALPHA DOG	kl. 5:40 - 8 - 10:30	B.16	ALPHA DOG	kl. 5:45 - 8 - 10:30	B.16	ALPHA DOG	kl. 8 - 10:30	B.12	PERFUME	kl. 8 - 10:30	B.12
ALPHA DOG VIP	kl. 8 - 10:30		MAN OF THE YEAR	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	B.17	VEFUR KARLOTTU m/Ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	Leyfð	BLOOD DIAMOND	kl. 10	B.16
PERFUME	kl. 5 - 8 - 10:50	B.12	BLOOD DIAMOND	kl. 8	B.16	FRÁÍR FÆTUR m/Ísl. tali	kl. 2	Leyfð	VEFUR KARLOTTU m/Ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð
MAN OF THE YEAR	kl. 8 - 10:30	B.17	VEFURINN HEN... M/-Ísl. tal.	kl. 1:40 - 3:50 - 6	Leyfð	NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 5:30	Leyfð	FORELDRAR	kl. 8	Leyfð
BLOOD DIAMOND	kl. 5 - 8 - 10:50	B.16	CHARLOTTE'S WEB M/-Ensk. tal.	kl. 3:50	Leyfð	LITTLE CHILDREN	kl. 8	B.14	FRÁÍR FÆTUR M/-Ísl. tal.	kl. 2 - 4	Leyfð
VEFURINN HEN... M/-Ísl. tal.	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	Leyfð	THE PRESTIGE	kl. 10:30	B.12	APOCALYPTO	kl. 10:30	B.16	SKOLAD Í BURTU M/-Ísl. tal.	kl. 6	Leyfð
SPARBÍÓ 450 kr			FRÁÍR FÆTUR M/-Ísl. tal.	kl. 1:30 - 3:40	Leyfð	SPARBÍÓ 450 kr			SPARBÍÓ 450 kr		
			SKOLAD Í BURTU M/-Ísl. tal.	kl. 1:40	Leyfð						

www.SAMBio.is 575 8900 www.SAMBio.is

Framhald á Borat

Viðræður eru hafnar á milli breska grínistans Sacha Baron Cohen og kvikmyndaframleiðandans 20th Century Fox um að gera framhald af gamanmyndinni vinsælu, Borat.



BORAT Viðræður eru hafnar um að gera framhald gamanmyndarinnar vinsælu Borat.

„Við viljum ólmur vinna aftur með Sacha og höfum rætt lítillega við hann um framhald. Samningaviðræðurnar eru samt of skammt á veg komnar til að hægt sé að ræða frekar um þær,“ sagði talsmaður 20th Century Fox.

Áður hafði Rupert Murdoch, yfirmaður News Corp sem á jafn-

framt 20th Century Fox, lýst því yfir að Cohen væri þegar búinn að skrifa undir samning um að gera framhaldsmynd.

Borat, sem fjallar um samnefndan sjónvarpsmann frá Kasakstan, sló í gegn síðasta sumar og náði inn rúmum sautján milljörðum krónum í miðasölu víðs vegar um heiminn. Myndin er tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta handritið auk þess sem Cohen vann Golden Globe-verðlaunin fyrir frammistöðu sína sem Borat.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tökur á nýjstu mynd leikkonunnar **Juliu Roberts**, *Fireflies in the Garden*, hefjast í Austin í Texas í næsta mánuði. Um fjölskyldudrama er að ræða og með önnur hlutverk fara **Carrie-Anne Moss**, **Ryan Reynolds** og **Emily Watson**.



Myndin, sem er sú fyrsta frá leikstjóranum **Dennis Lee**, fjallar um fjölskyldumeðlim sem lendir í óvæntri sorg.

Í nýjstu mynd sinni, *Charlotte's Web*, ljær Roberts köngulónni Charlotte rödd sína.

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Grand rómantik
frá 16. febrúar til 3. mars

Í tilefni
Valentínusar- og konudags

Fjögurra rétta
lambakjötsmáltíð ásamt rauðvínslösku

&
gisting fyrir tvo eina nótt
ásamt morgunverði

Alls kr. **19.800,-**
fyrir parið

Bókanir í síma 514-8000
og á www.reykjavikhotels.is

Lambakjöt
www.lambakjot.is

120 ¹⁸⁸⁶ ₂₀₀₆

SÖGUSÝNING

Landsbankinn

— 120 ára —

Dagskráin í dag

Sögusýningin spannar 120 ára sögu bankans og þjóðarinnar og er skemmtileg upplifun fyrir alla fjölskylduna.

Á Sögusýningu Landsbankans er margvíslegt að sjá og skoða, ekki aðeins úr bankasögunni heldur eru dregnar upp myndir úr þjóðlífi fyrri tíðar enda saga bankans og þjóðarinnar samtvinnuð á ýmsan hátt.

Í dag, sunnudag:
Leiðsögn í boði kl. 13:30 og 15:00
Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur og Sveinbjörn Guðbjarnarson fara með hóp um sýninguna, deila sérfræðikunnáttu sinni á sýningargripum og gefa aukna innsýn í sögu banka og þjóðar.

Sögusýning Landsbankans
Aðalstræti 6 (húsnæði TM)
Sími: 410 4300
Opnið virka daga kl. 11:00-17:00
og um helgar kl. 13:00-17:00
Enginn aðgangseyrir

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

> Áttu verðlaunin skilin

Strákarnir á vefsíðunni fotbolti.net fengu verðlaun frá KSÍ á ársþinginu í gær fyrir framlag sitt til knattspyrnunnar á Íslandi. Fjölmíðlaverðlaun KSÍ hafa á stundum þótt umdeild en að þessu sinni hitti Knattspyrnusambandið beint í mark með útnefningu sinni enda hefur vefsíðan komið með verulegt líf í íslenskt knattspyrnulíf og þeir sem að henni standa eiga svo sannarlega skilið klapp á bakið. Fotbolti.net fær hrós vikunnar að þessu sinni hjá Íþróttadeild Fréttablaðsins fyrir sitt fórnfúsa og frábæra starf sem oftar en ekki er unnið af hugsjón frekar en gróðavon.



60 SEKÚNDUR

MEÐ INGVARI KALE

Víkingur er... frábært félag.

Maggi Gylfa er... kóngurinn.

Mesti sprelligosinn í Víkingi? Magnús markvörður.

Ef ekki fótbolti þá... kærastan.

Geturðu eitthvað úti? Þegar ég spila úti á æfingum skora ég allavega mest allra.

Hver er lengst í sturtu? Dabbi Rúnars.

Lasagne eða pítsa? Pítsa.

Uppáhalds hljómsveit? Pass.

Lið í enska? Manchester United.

Besti markvörður heims? Iker Casillas.

Berserkir eru... hressir.

Hver á að fara fyrir Ísland í Eurovision? Danni Hjalta.

Besta Rocky-myndin? Ég er ekki alveg inni í þeim efnum.

sport

sport@frettabladid.is



BETRI EN DAMON Tony Harris var bæði með betri tölur en Damon Johnson í Tennessee-háskólanum og lið skólans náði líka mun betri árangri.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Nýr Kani Keflvínga í körfunni: Úr sama skóla og Damon

KÖRFUBOLTI Keflvíkingar eru komnir með nýjan bandarískan leikmann, Tony Harris, 180 cm bakvörð frá Tennessee-háskólanum. Með þeim skóla spilaði einmitt Damon Johnson einn allra besta Bandaríkjamáður sem hefur spilað hér á landi.

Tony Harris átti mun farsælli feril hjá Tennessee en Damon. Hann er 12. stigahæsti leikmaður skólans frá upphafi (13,1 að meðaltali), í 4. sæti í stoðsendingum (4,2 að meðaltali) og aðeins NBA-stjarnan Allan Houston skoraði fleiri þrista en hann er Harris. Harris byrjaði í öllum leikjunum nema tveimur og spilaði yfir 30 mínútur að meðaltali í leik.

- 66j

Stærsti formannssigur sögunnar

Geir Þorsteinsson var kjörinn formaður KSÍ með fádæma yfirburðum á ársþingi Knattspyrnusambandsins í gær. Geir hlaut 73 prósent atkvæða, sem er besta kosning í sögu KSÍ. Jafet Ólafsson og Halla Gunnarsdóttir stóðu Geir langt að baki, rétt eins og kom fram í könnun Fréttablaðsins á föstudag.

FÓTBOLTI Geir Þorsteinsson var kosinn formaður KSÍ með glæsibrag á ársþingi KSÍ á Hótel Loftleiðum í gær. Geir hlaut yfirburðakosningu eða 73 prósent atkvæða. Jafet Ólafsson varð annar með 24,5 prósent og Halla Gunnarsdóttir rak lestina í formannskjöriinu með 2,5 prósent atkvæða. Enginn skilaði auðu og ekkert atkvæði var ógilt.

Þetta er glæsilegasta formannskosning í sögu KSÍ en aldrei áður hefur einstaklingur fengið yfir sjötíu prósent atkvæða í formannskjöri KSÍ. Eggert Magnússon hlaut 67,1 prósent atkvæða þegar hann var kjörinn formaður árið 1989 og Albert Guðmundsson hlaut 69,2 prósent atkvæða er hann var kjörinn árið 1968.

Ellert B. Schram var sjálfkjörinn formaður á sínum tíma líkt og Björgvin Schram faðir hans. Sigurjón Jónsson hlaut 68,9 pró-



TIL HAMINGJU Eggert Magnússon faðmar hér arftaka sinn og nánasta samstarfsmann til margra ára, Geir Þorsteinsson, eftir að sá síðarnefndi hafði unnið stórsigur í formannskjöri KSÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FORMANNSKJÖR KSÍ

Atkvæði eru í sviga.

Geir Þorsteinsson	73% (86)
Jafet S. Ólafsson	24,5% (29)
Halla Gunnarsdóttir	2,5% (3)

sent atkvæða er hann var kjörinn formaður KSÍ árið 1952.

„Ég er mjög ánægður og ég fann fyrir miklum stuðningi frá upphafi. Ég er mjög þakklátur fyrir það traust sem mér er sýnt.

Þetta er ánægjulegur dagur fyrir mig,“ sagði Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, skömmu eftir kjörið í gær. Geir segir að ekki megi búast við miklum breytingum með nýjum formanni í brúnni en Geir verður í fullu starfi sem formaður, ólíkt forvera sínum.

„Þær skyldur sem liggja á formanni sambandsins eru gríðarlegar og ég veit það manna best. Ég myndi ekki treysta mér til að sinna þessu starfi nema í fullu starfi miðað við þær kröfur sem gerðar eru til sambandsins úr öllum áttum.

Það liggja fyrir mörg verkefni og mér er mjög annat um að vel sé hlúð að barna og unglingsstarfi í hreyfingunni því það er lykillinn að okkar starfi. Ég vil sjá sveitarfélögin styðja betur við barna- og unglingsstarfið. Það er sums staðar byrjað en ég vil sjá sveitar-

félögin um allt land taka þátt í starfinu. Það er ekki nóg að gera kröfur til okkar. Svo þarf að koma á ferðasjóði svo börn úti um allt land hafi sömu tækifæri til að spila knattspyrnu.

Það gengur ekki að þeir sem búa á afskekktum svæðum njóti ekki sömu réttinda. Þetta er stórmál,“ sagði Geir og bætti við að einnig væri mikilvægt fyrir hreyfinguna að landsliðinu gengi betur en hefur gert síðustu misseri. Geir segir ekki ljóst hver taki við hans gamla starfi sem framkvæmdastjóri KSÍ.

„Við finnum góðan mann og nú hefst sú leit. Ég vil gjarna finna þann mann fyrir utan skrifstofu Knattspyrnusambandsins en þó vil ég gjarna að hann sé í knattspyrnuhreyfingunni,“ sagði nýkjörinn formaður að lokum.

henry@frettabladid.is

Skráning nemenda fyrir skólaárið 2006/2007 stendur nú yfir.

Landakotsskóli is a privately run school for children from 5 to 15 years old and welcomes students of foreign background.

VELKOMIN | WELCOME | VELKOMMEN | WELCOME | WILLKOMMEN | RECEPCIÓN



Landakotsskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur á aldrinum 5 – 15 ára. Kennslan er í samræmi við Aðalnámsskrá. Skólinn býður upp á bekkjarform með litlum bekkjum. Strax í 5 ára bekk hefst kennsla í lestri, skrift, stærðfræði, frönsku og ensku. Spænska bætist við í 4. bekk og danska í 6. bekk. Skráning stendur yfir til loka febrúar.



LANDAKOTSSKÓLI
Stofnsettur 1896

Getum enn bætt við nemendum á nokkrum skólastigum. Upplýsingar um skráningu veittar í síma 510 8200 eða á heimasíðu www.landakot.is

For further information about admissions visit our website www.landakot.is/english.html



SPENNTIR Eggert Magnússon og Geir Þorsteinsson voru spenntir þegar úrslit í formannskjöri KSÍ voru lesin upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



ROMAN PUNGARTNIK Mun styrkja lið Gummersbach mikið.

Alfreð safnar liði:

Pungartnik til Gummersbach

HANDBOLTI Slóvenski landsliðsmaðurinn Roman Pungartnik mun ganga í raðir Gummersbach í sumar frá Hamburg.

Pessi 35 ára hægri hornamaður getur einnig leikið fyrir utan. Hann er gríðarlega leikreyndur; lék í tíu ár með Celje Lasko og hefur leikið með Wilhelmshavener, Kiel og Hamburg í þýsku úrvalsdeildinni.

Alfreð Gíslason stýrir liði Gummersbach og með liðinu leika Íslendingarnir Guðjón Valur Sigurðsson, Róbert Gunnarsson og Sverre Jakobsson. - hbg

Breytingar í stjórn:

Þrjár nýir í stjórn KSÍ

FÓTBOLTI Breytingar urðu á stjórn Knattspyrnusambands Íslands, KSÍ, á ársþingi sambandsins í gær.

Ágúst Ingi Jónsson, Eggert Steingrímsson og Björn Friðbjólfsson gáfu ekki kost á sér til áfram en það gerði aftur á móti Halldór B. Jónsson.

Í stað þremminganna voru kosin þau Guðrún Inga Sívertsen, Stefán Geir Þórisson og Vignir Már Þormóðsson.

Varamenn í stjórn voru kosnir Jóhannes Ólafsson, Kjartan Daniélfsson og Þóririnn Gunnarsson. - hbg



24 MÖRK Í FYRRA Nína Ósk Kristinsdóttir verður ekki með Val í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Landsbankadeild kvenna:

Nína Ósk í frí

FÓTBOLTI Það verður ekkert af því að tveir markahæstu menn Landsbankadeild kvenna á síðasta tímabili spili hlið við hlið næsta sumar. Nína Ósk Kristinsdóttir hefur nefnilega ákveðið að taka sér frí frá fótboltanum næsta sumar en Valsmenn höfðu fengið hana á Hlíðarenda til þess að taka við hlutverki Margrétar Láru Viðarsdóttur í liði Íslands- og bikarmeistaranna.

Margrét Lára gekk í fyrradag aftur til liðs við Val en áður hafði Nína Ósk Kristinsdóttir samið við liðið í nóvember. Margrét Lára skoraði 34 mörk í deildinni síðasta sumar, 10 mörkum fleiri en Nína Ósk sem lék þá með Keflavík en hún lék með Val á árunum 2003 til 2005. - 66j

Fyrri keppnisdagur á Meistaránmótinu í frjálsum:

Breiðablik leiðir í karla- og kvennaflokki

FRJÁLSAR Fyrri keppnisdagur á Meistaránmóti Íslands í frjálsum íþróttum fór fram í Laugardalshöll í gær. Nokkur unglíngamet féllu í gær en engin met féllu í fullorðinsflokki.

Helga Margrét Þorsteinsdóttir úr USAH var aðsópsmikil í gær en hún sigraði í tveimur greinum í gær - 60 metra hlaupi og langstökki.

Helga hljóp frábært 60 metra hlaup og bætti fimm ára gamalt met Blikastúlkunnar Sigurbjargar Ólafsdóttir. Helga Margrét stökk

5,80 metra í langstökki og bætti með því sinn besta árangur. Hún gerði að lokum góðan dag betri með því að næla í silfur í kúluvarpi.

Sveinn Elías Elfsson úr Fjölni sigraði einnig í tveimur greinum í gær og nældi í eitt silfur eins og Helga. Sveinn Elías fékk gull í 60 metra hlaupi og 400 metra hlaupi. Silfrið fékk hann í stangarstökki.

Blikar leiða stigakeppnina í báðum flokkum með miklum yfirburðum og þarf mikið að gerast til að Blikar missi forskotið. - hbg



ERFITT Það var vel tekið á því í frjálsíþróttahöllinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Man. Utd og Chelsea gefa ekkert eftir í baráttunni

Toppliðin tvö í enska boltanum, Manchester United og Chelsea, unnu bæði leiki sína í gær. Liverpool tapaði mikilvægum stigum í Newcastle. Raunir West Ham halda áfram en liðið tapaði fyrir botnliði Watford í gær.

FÓTBOLTI Einvígi Manchester United og Chelsea um enska meistartitilinn hélt áfram í gær og engan bilbug er að finna á þessum liðum, sem vinna alla sína leiki þessa dagana og misstíga sig ekki. Liverpool er væntanlega endanlega úr baráttunni eftir tap gegn Newcastle og strákarnir hans Eggerts Magnússonar í West Ham halda áfram að valda vonbrigðum og breytti engu þótt Eggert væri fjarverandi í gær.

„Við leikum vel og sjálfstraust leikmanna er mikið. Í svona stöðu eiga lið það til að líta til baka og hugsa um liðið sem er fyrir aftan. Ég vil frekar að strákarnir horfi fram á veginn því það eru spennandi leikir fram undan,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, en ellefu umferðir eru eftir af ensku úrvalsdeildinni.


„Við mætum Reading næst í bikarnum og það ætti að verða frábær leikur. Ég vil að menn fari að hugsa um þann leik núna. Það var gott að gefa nýjum mönnum tækifæri og nauðsynlegt að hafa sem flesta leikmenn í formi.“

Alan Pardew, stjóri Charlton, er ekki búinn að gefast upp þó að staða Charlton sé orðin frekar slæm og spilamennskan lofar heldur ekki góðu.

„Við erum vissulega aðeins komnir með 20 stig en leikur okkar er að batna. Við þurfum að komast á álíka skrið og Portsmouth á síðustu leiktíð og næla í önnur 20 stig í síðustu leikjunum. Það er okkar markmið,“ sagði Pardew.

Chelsea var í fínu formi í gær og vann mjög sannfærandi sigur á Middlesbrough. Jose Mourinho, stjóri Chelsea, segir að liðið verði að halda áfram á sömu braut.

„Ég vil að Chelsea haldi áfram að vinna og vinna. Ég gef Man. Utd



MARKI FAGNAÐ Það gengur allt upp hjá Man. Utd þessa dagana og meira að segja Darren Fletcher er farinn að skora.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

það að liðið gefur ekkert eftir og vinnur alla sína leiki. Þetta er baráttu og við megum ekki við því að tapa einum einasta leik. Þetta er mjög einföld formúla,“ sagði Mourinho, sem hrósaði Didier Droghba sérstaklega fyrir frammi-stöðu sína.

Eggert Magnússon lét af starfi formanns KSÍ í gær og fylgdist eflaust í kjölfarið með liði sínu West Ham tapa fyrir botnliði Watford, 0-1. West Ham klúðraði víti í leiknum og baulað var á leikmenn liðsins er þeir gengu af velli í leikslök.

„Við erum einfaldlega ekki að koma með stig í hús þannig að ég skil áhorfendur vel,“ sagði Alan Curbishley, stjóri West Ham, eftir leikinn. „Stuðningsmennirnir hafa stutt vel við bakið á okkar þannig að ég get ekki fordæmt hegðun þeirra. Við spilum ekki heilan góðan leik og við gefur stuðningsmönnum ekkert til að gleðjast yfir,“ sagði Curbishley en West Ham hefur ekki unnið leik undir hans stjórn síðan liðið skellti Man. Utd óvænt í fyrsta leiknum undir hans stjórn. henry@frettabladid.is

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

READING-ASTON VILLA	2-0
1-0 Steve Sidwell (16.), 2-0 Steve Sidwell (90.).	
CHELSEA-MIDDLESBROUGH	3-0
1-0 Didier Droghba (45.), 2-0 Abel Xavier, sjm (66.), 3-0 Didier Droghba (83.).	
EVERTON-BLACKBURN	1-0
1-0 Andy Johnson (10.).	
MAN. UTD-CHARLTON	2-0
1-0 Ji-Sung Park (24.), 2-0 Darren Fletcher (82.).	
NEWCASTLE-LIVERPOOL	2-1
0-1 Craig Bellamy (6.), 1-1 Obafemi Martins (26.), 2-1 Nolberto Solano, víti (70.).	
SHEFF. UTD-TOTTENHAM	2-1
0-1 Jermaine Jenas (2.), 1-1 Rob Hulse (27.), 2-1 Phil Jagielka, víti (62.).	
WEST HAM-WATFORD	0-1
0-1 Darren Henderson, víti (12.).	
PORTSMOUTH-MAN. CITY	2-1
1-0 Pedro Mendes (5.), 1-1 Bernardo Corradi (62.), 2-1 Nwankwo Kanu (81.).	

STADAN:

MAN. UTD	27	21	3	3	63-18	66
CHELSEA	27	18	6	3	48-19	60
LIVERPOOL	27	15	5	7	40-19	50
ARSENAL	25	13	7	5	46-21	46
BOLTON	26	13	5	8	30-27	44
READING	27	13	4	10	41-34	43
PORTSMOU.	27	11	8	8	36-26	41
EVERTON	26	10	9	7	32-23	39
NEWCAST.	27	10	6	11	34-36	36
BLACKBURN	27	10	4	13	30-38	34
TOTTENH.	26	9	6	11	30-38	33
MIDDLES.	27	8	8	11	30-33	32
A.VILLA	27	7	11	9	28-33	32
FULHAM	26	7	11	8	28-39	32
MAN.CITY	26	8	6	12	20-32	30
SHEFF.UTD	27	8	6	13	24-36	30
WIGAN	25	7	4	14	26-41	25
W. HAM	27	5	5	17	18-42	20
CHARLTON	27	5	5	17	20-47	20
WATFORD	26	3	9	14	15-37	18

John Obi Mikel:

Lét undan hótunum

FÓTBOLTI Nígeríski landsliðsmaðurinn John Obi Mikel lét undan hótunum og hundsáði skipanir Jose Mourinho, stjóra Chelsea, í vikunni.

Mourinho vildi ekki að Mikel léki vináttulandsleik með Nígeríu í vikunni en eftir að fjölskyldu Mikel bárust hótanir ákvað Mikel að spila og lék hann allan leikinn gegn Ghana. - hbg

Engri breytingartillögu var hafnað á ársþingi KSÍ sem fram fór á Hótel Loftleiðum í gær:

Fjölgað í úrvals- og 2. deild á næsta ári

FÓTBOLTI Á næsta ári verða þrjár efstu deildir á Íslandsmóti karla skipaðar tólf liðum hver. Tólf lið munu leika í 1. deildinni nú í sumar en fjölgað verður liðum úr tíu í tólf í Landsbankadeildinni og 2. deild 2008. Þetta var samþykkt á ársþingi KSÍ sem fram fór í gær.

Þar með er ljóst að aðeins eitt lið mun falla úr Landsbankadeildinni á komandi sumri en þrjú efstu lið 1. deildar komast upp.

Sömuleiðis mun aðeins neðsta liðið í 1. og 2. deild falla og þrjú lið munu komast upp úr 2. deild. Það þýðir að alls munu fimm lið komast upp úr 3. deildinni en leikinn verður aukaleikur til að ákvarða hvaða lið mun hafna í fimmta sætinu.

Á þinginu í gær var einnig

ákveðið að fjölga í Landsbankadeild kvenna í tíu á næsta ári. ÍR mun fá sæti í deildinni og því verður hún skipuð níu liðum í ár í stað átta. Þá mun aðeins eitt lið falla úr deildinni á meðan tvö komast upp úr 1. deildinni.

Þá var samþykkt ályktun frá KFS varðandi breytingar á fyrirkomulagi VISA-bikarsins í karlaflokki. Hugmynd KFS er að þau lið sem taka þátt í Evrópukeppni muni koma inn í sextán liða úrslitum en önnur Landsbankadeildarlið koma inn í 24 liða úrslitum. Þar verða því tólf efstu lið Íslandsmótsins (fyrir utan lið í Evrópukeppnum) frá árinu á undan og tólf lið sem komast áfram úr undankeppni bikarsins.

Samþykkt var tillaga HK um að í yngri flokkum megi markverðir A liða leika sem útileikmenn í lægri styrkleikaflokki. Einnig var samþykkt tillaga frá Þór um reglur þess efnis að landsliðsþjálfarar yngri landsliða geti ekki þjálfað sama aldersflokk hjá félagsliði samhliða landsliðsþjálfun.

Tillögu HK um að lið geti sent varalið til þáttöku í neðri deildum var vísað til stjórnar KSÍ sem mun ræða hana nánar. - egm

FLEIRI LIÐ Í ÚRVALSDEILD Tólf lið verða í Landsbankadeildinni á næsta ári. Mynd úr viðureign FH og Vals á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



SUNNUGAGSVIÐTALIÐ:

DAÐI HEIÐAR SIGURÞÓRSSON

Körfuboltinn er sameiningartákn bæjarins

Láttu Hólminn heilla þig segir í góðu lagi. Henry Birgir Gunnarsson fór í Hólminn á dögnum og heillaðist af þeim mikla krafti sem er í körfuboltastarfinu hjá Snæfelli. Það er í raun ótrúlegt að eitt besta körfuboltalið landsins undanfarin ár sé frá þessu fallega 1.100 manna sjávarþorpi á Snæfellsnesi. Körfuboltaliðið er stolt bæjarins og bæjarbúar fylkja sér á bak við körfuboltastrákana enda skiptir liðið miklu máli í lífi margra bæjarbúa, segir Daði Heiðar Sigurþórsson, formaður körfuknattleiksdeildar Snæfells.

Það er rúmur klukkutími í stórleik Snæfells og KR um toppsætið í Iceland Express-deildinni.

Það leynir sér ekki að mikil tilhlökkun er í þeim bæjarbúum sem fá sér snæðing fyrir leik á hinum huggulega matsölu-stað Narfeyrarstofu fyrir leik. Það eru allir að tala um körfubolta og um leikinn. Hérna er körfuboltinn lífið á leikdag enda sýnir það sig best þegar um 600 manns mæta á leik í 1.100 manna samfélagi.

Þegar nákvæmlega klukkutími er í leik er allt að verða klárt í íþróttahúsinu. Formaður körfuknattleiksdeildar Snæfells, Daði Heiðar Sigurþórsson, hefur í mörg horn að líta en honum er augljóslega fátt óviðkomandi í undirbúningi heimaleikja og má sjá að hann er með puttana í öllu. Þess utan sér hann um hlutverk vallarþular, sem hann leysir með sóma.

Í miðju brjálæðinu setjumst við Daði niður með kaffibolla og tókum létt spjall á milli þess sem hann svarar fyrirspurnum sjálfboðaliða um hluti er tengjast umgjörð leiksins. Hinn 27 ára gamli Daði Heiðar

þá fór boltinn af stað sem er enn að rúlla. Gissur er enn virkur þátttakandi í starfinu en þegar hann bað mig að leysa sig af hólm gat ég ekki skorast undan áskoruninni.

Það var vissulega erfið staða þegar ég tók við en við gerðum okkur strax grein fyrir því að við fengjum ekki leikmenn ef við fengjum ekki þjálfara og öfugt. Eina lausnin var því að leiða Kotila saman við leikmennina,“ sagði Daði og vísar þar til hins bandaríska þjálfara liðsins, Geoff Kotila, sem gríðarleg ánægja er með.

„Við kynntum Geoff þá finu þjónustu sem er í boði í bænum en hér er allt til alls. Hann fór svo í sund og fékk borgara á Narfeyrarstofu sem sló að sjálfsgöðu í gegn,“ sagði Daði og hló.

„Konan hans er sjúkrahjálfi og hér er gott sjúkrahús þar sem konan hans gat fengið vinnu við sitt hæfi, þannig að þetta small allt saman. Hann er alger gullmoli og sem unnandi körfubolta vona ég að hægt sé að halda þessum manni á landinu þó svo að það sé ekki með okkur. Það á að mjólka allt sem hægt er að mjólka úr



KRAFTMIKILL Daði Heiðar Sigurþórsson lætur mikið að sér kveða í Stykkishólmi. Hann er formaður körfuknattleiksdeildar Snæfells og svo er hann einnig kynnrir á heimaleikjum félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



MEÐ PABBA Í VINNUNNI Ung dóttir Geoff Kotila, þjálfara Snæfells, fær að sitja á bekknum hjá Snæfelli og fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

spilaði sjálfur körfubolta á sínum yngri árum. Hann tók við taumunum í körfuknattleiksdeildinni fyrir núverandi tímabil af Gissuri Tryggvasyni.

Þegar Daði tók við var staðan ekki góð. Bárður Eypórsson þjálfari var horfinn á braut og í kjölfarið var óvissa með áframhaldandi þátttöku nokkurra leikmanna og óttuðust margir að ballið væri búið í Hólminum. Því vildu Daði og fleiri ekki kyngja og í stað þess að leggja niður og gefast upp var staðið upp og spýtt í lófana.

Gat ekki skorast undan áskoruninni

„Fyrir sex eða sjö árum síðan, þegar Snæfell var í 1. deildinni, komu Gissur og Bárður saman. Þeir ákváðu að rífa félagið upp og

þessum manni fyrir íslenskan körfubolta því hann býr yfir mikilli þekkingu og veit hvað þarf til að ná árangri,“ sagði Daði.

Kom ekki til greina að gefast upp

Eftir að Kotila var ráðinn til starfa sneru tveir fyrrverandi leikmenn liðsins heim - Hlynur Bæringsson og Sigurður Þorvaldsson - sem höfðu verið í atvinnumennsku í Hollandi. Báðir voru þeir gríðarlega eftirsóttir en kusu samt að snúa aftur í Hólminn þegar ljóst var að umgjörðin væri sú sama og undanfarin ár.

„Það kom aldrei til greina að gefast upp. Skeljustofninn hrundi hér fyrir nokkrum árum og þá neituðu menn líka að gefast upp. Það er auðvelt að gefast upp en það var líka hægt að líta á stóðuna

sem frábært tækifæri til að prófa nýja hluti og það gerðum við.

Þegar það fréttist að Siggí og Hlynur væru að koma heim settum við okkur í samband við þá og báðum um að vera ekki útilokaðir. Við buðum þeim í heimsókn eina helgi, þeir komu, hittu þjálfarann og æfðu og svo áttum við notalega kvöldstund. Eftir það var aldrei spurning um framhaldið.“

Miðað við það sem blaðamaður sá á tíma sínum í Hólminum er alveg ljóst að lífið í þessum 1.100 manna bæ snýst að stóru leyti um körfubolta og bæjarbúar eru augljóslega stoltir af liðinu sínu. Hversu mikilvægt er það fyrir bæjarfélagið að eiga íþróttalið í fremstu röð?

Strákarnir eru jákvæðar fyrirmyndir fyrir krakkana

„Það skiptir svakalega miklu máli að eiga eitthvað sem allir geta sameinast á bak við og ég tel það skipta svakalega miklu máli fyrir bæjarfélagið að eiga slíkt lið. Líka vegna útileikjanna því þar hittast brottfluttir Hólmarar

sem rækta frændgarðinn á vellinum.

Snæfell er í hverri einustu viku í fjölmiðlum og allt þetta hefur áhrif á hina ýmsa þætti eins og ímynd bæjarins. Körfuboltaliðið er ákveðið sameiningartákn og strákarnir í liðinu eru jákvæðar fyrirmyndir. Þeir vita af því og gefa krökkunum í bænum mikið af sér,“ sagði Daði Heiðar, sem segir erfitt að setja langtíamarkmið í því umhverfi sem Hólmarar þurfa að búa við.

„Fyrir þetta ár var markmiðið fyrst og fremst að koma saman samkeppnishæfu liði en við vorum samt með tveggja ára sýn þar sem draumurinn var að komast á meðal fjögurra bestu. Að sjálfsgöðu viljum við vera á meðal þeirra bestu næstu árin en það er erfitt að setja sér háleit framtíðarmarkmið. Við verðum eiginlega að setja okkur ný markmið í byrjun hvers tímabils.“

Körfuboltadeildin stendur vel að vígi en staðan trúnaðarmál

Það er ekki eingöngu gaman

heldur er einnig dýrt að eiga íþróttalið í fremstu röð. Daði vill ekki ræða mikið um fjármál félagsins en segir fjárhagsstöðu deildarinnar ekki slæma.

„Þetta kostar sitt og stór hluti stjórnarmanna er að afla fjár í starfið. Við höfum verið heppnir með stuðning bæjarbúa og góðra aðila í bænum sem setja pening í liðið og það hefur geysilega mikið að segja. Okkar deild stendur einna best af þeim deildum sem eru reknar á Íslandi. Nákvæm staða deildarinnar er trúnaðarmál en við erum ekki eitt af þeim félögum sem hafa verið skorin niður úr snörinni. Það hefur ekki þurft að fella niður skuldir hjá okkur og við erum ekki á vanskilaskrá,“ sagði Daði, sem er bjartsýnn á framtíðina.

„Snæfell á orðið mjög langa sögu og það er nauðsynlegt að hafa þessa hefð. Ég hef ekki áhyggjur af framtíðinni enda eru margir tilbúnir að leggja hönd á plóginn og hér hefur fólk áhuga á körfubolta,“ sagði Daði Heiðar Sigurþórsson.



STEMNING Áhorfendur í Hólminum taka virkan þátt í leiknum og láta vel í sér heyrna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



ÁHORFENDUR Á ÖLLUM ALDRI Það hafa allir áhuga á körfubolta í Stykkishólmi og mæta á völlinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FYLGIST SPENNT MEÐ Ein besta körfuknattleikskona landsins til margra ára, Alda Leif Jónsdóttir, fylgist spennt með manni sínum, Sigurði Þorvaldssyni, leikmanni Snæfells. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BT

Frábært tæki á frábæru verði

40" LCD VEGGSJÓNVARP

36.000.-
verðlækkun

MEDION

MD30202
40" Medion LCD vegg sjónvarp

HD ready

Upplausn fyrir næstu kynslóðar Blu-ray og HD-DVD spilara

HDMI tengi

Stafrent tengi fyrir næstu kynslóðar Blu-ray og HD-DVD spilara

Skerpa 1:1200

Svartur er dekkri og hvítur er bjartari

2 Sjónvarpsmóttakarar

Fylgstu með 2 stöðvum í einu með mynd í mynd

Svartími 8ms

Myndin flóktir ekki og íþróttir komast vel til skila

VGA tengi

Notaðu sjónvarpið sem 40" tölvuskjá

40"



14.999*

Vaxtalaust

Skjástærð: 40 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
Mynd við mynd
Textavarp við mynd
PIP - myndfrystimöguleiki
3D Comb Filter
Borðstandur og veggfesting fylgir
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 500

Svartími: 8ms
Textavarpssmíni: 1000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 2
HDMI tengi: 1
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Hátalarar: 2x10W

Medion gefur þér frelsi til að velja hvort tækið fer á vegginn eða borðið

VEGGFESTING FYLGR

14.999

Veggfesting fylgir að verðmæti 14.999

Borðstandur fylgir einnig

6.695

*Tölvu- og tækjalán 36 mán.

14.999

*Vaxtalaust 12 mán.

179.988

Staðgreitt

SONY CYBERSHOT MYNDAVÉLAR



DSCW30
6 megapíxlar
Carl Zeiss linsa
3x aðdráttur
ISO 1000 Antiblur
2" skjár
Lithium rafhláða & hleðslutæki fylgir

SONY

1.999

*Vaxtalaust 12 mán.

23.988

Staðgreitt



DSCW50
6 megapíxlar
Carl Zeiss linsa
3x aðdráttur
ISO 1000 Antiblur
2,5" skjár
Lithium rafhláða & hleðslutæki fylgir

SONY

2.499

*Vaxtalaust 12 mán.

29.988

Staðgreitt



DSCW70
7 megapíxlar
Carl Zeiss linsa
3x aðdráttur
ISO 1000 Antiblur
2,5" skjár
Lithium rafhláða & hleðslutæki fylgir

SONY

2.999

*Vaxtalaust 12 mán.

35.988

Staðgreitt



DSCW100
8 megapíxlar
Carl Zeiss linsa
3x aðdráttur
ISO 1250 Antiblur
2,5" skjár
Lithium rafhláða & hleðslutæki fylgir

SONY

3.499

*Vaxtalaust 12 mán.

41.988

Staðgreitt

3 MINNISKORT FYLGRJA ÖLLUM SONY MYNDAVÉLIM

Kaupauki að verðmæti 12.997

128 MB

+ 256 MB

+ 512 MB

= 896 MB
FYLGR

DENVER BÍLAGRÆJUPAKKINN

ER EKKI KOMINN TÍMI Á ALVÖRU HLJÓM Í BÍLINN?



Denver
800W Bilmagnari
CAP-4100

9.999
stakur

Denver
12" Bassabox 400W
CSW-1200

9.999
stakur

Denver
4x40W MP3 Billeislasplari
M/ USB tengi
CAD-450



14.999
stakur

ALLUR PAKKINN!

2.499

34.999

Allur pakkinn á tilboðsverði:

2.499

*Vaxtalaust 12 mán.

29.988

Staðgreitt

ÚRSPLIT GÆRDAGSINS

DHL-deild karla:

FYLKIR-AKUREYRI 29-23 (13-13)
Mörk Fylkis (skot): Arnar Jón Agnarsson 7 (13), Brynjar Þór Hreinsson 5 (6), Vladimir Đurić 4 (9/1), Heimir Örn Arnason 3 (7), Ásbjörn Stefánsson 2 (4), Haukur Sigurvinsson 2/1 (2/1), Eymar Kruger 2 (7/1), Hreinn Hauksson 1 (1), Guðlaugur Arnarsson 1 (2).

Varin skot: Hlynur Morthens 20/1.

Hraðaupplaupt: 10 (Brynjar 3, Arnar 2, Heimir, Đurić, Ásbjörn, Hreinn, Haukur).

Fiskuð víti: 5 (Guðlaugur 2, Đurić 2, Heimir).

Utan vallar: 4 mínútur.

Mörk Akureyrar (skot): Andri Snær Stefánsson 8 (9), Magnús Stefánsson 5 (10), Hörður Fannar Sigþórsson 4/1 (5/1), Goran Gusic 2/1 (7/3), Einar Logi Friðjónsson 1 (6), Rúnar Sigtryggsson 1 (3), Nikolaj Janković 1 (2), Guðmundur Hermansson 1 (3).

Varin skot: Hreiðar Levý Guðmundsson 21/1.

Hraðaupplaupt: 8 (Andri 3, Hörður 2, Rúnar, Magnús, Gusic).

Fiskuð víti: 4 (Rúnar, Andri, Jankovic, Guðmundur).

Utan vallar: 2 mínútur.

STJARNAN-HAUKAR 31-28

Mörk Stjörnunnar (skot): Patrekur Jóhannesson 10 (14), Tite Kalandadze 7 (10), Elías Már Halldórsson 5 (7), Gunnar Ingi Jóhannsson 5/4 (9/5), Ólafur Viðir Ólafsson 2 (3), Volodmyr Kysil 2 (3), Björn Óli Guðmundsson 2 (3).

Varin skot: Roland Valur Eradze 18/1

Hraðaupplaupt: 4 (Patrekur 3, Elías)

Utan vallar: 10 mínútur.

Fiskuð víti: 4 (Ólafur, Patrekur, Björn Óli, Kysil)

Mörk Hauka (skot): Árni Sigtryggsson 7 (14), Guðmundur Pedersen 6/5 (9/6), Kári Kristjánsson 4 (6), Samúel Ivar Arnason 4 (8), Gísli Jón Þórisson 3 (4), Freyr Brynjarsen 2 (2), Jón Karl Björnsson 2/2 (5/2).

Varin skot: Magnús Sigmundsson 14.

Hraðaupplaupt: 4 (Samúel 2, Árni, Guðmundur)

Utan vallar: 10 mínútur.

Fiskuð víti: 8 (Kári 5, Gísli, Árni, Guðmundur)

STADAN:

1. VALUR	11	8	0	3	301:286	16
2. HK	11	7	1	3	291:275	15
3. STJARNAN	12	7	0	5	330:326	14
4. AKUREYRI	12	5	2	5	327:327	12
5. HAUKAR	12	4	3	5	346:355	11
6. FRAM	11	5	1	5	328:311	11
7. FYLKIR	12	4	1	7	335:350	9
8. ÍR	11	2	0	9	309:337	4

DHL-deild kvenna:

VALUR-HAUKAR 24-22
Mörk Vals (skot): Alla Georgísdóttir 6 (9), Arna Grímsdóttir 5 (8), Sigurlaug Rúnaradóttir 3 (4), Drífa Skúladóttir 3 (7), Ágústa Edda Björnsdóttir 3/1 (7/1), Katrín Andrésdóttir 2 (2), Brynja Dögg Steinsen 2 (3), Hildigunnur Einaradóttir 0 (1).

Hraðaupplauptmörk: 6 (Arna 2, Sigurlaug 2, Drífa, Ágústa)

Fiskuð víti: 1 (Brynja Dögg)

Varin skot: Pavla Skavronkova 21.

Utan vallar: 2 mínútur.

Mörk Hauka (skot): Ramune Pekarskyte 6/1 (14/1), Harpa Melsted 5 (7), Sandra Stojkovic 4 (9), Erna Þráinsdóttir 3 (5), Hanna G. Stefánsdóttir 2 (3/1), Nína K. Björnsdóttir 1 (2), Ingibjörg Karlsdóttir 1 (5).

Hraðaupplauptmörk: 2 (Erna, Ingibjörg)

Fiskuð víti: 2 (Pekarskyte, Hanna)

Varin skot: Helga Torfadóttir 7, Bryndis G. Jónsdóttir 2.

Utan vallar: 0 mínútur.

STJARNAN-FH 39-15

HK-AKUREYRI 23-19

ÍBV-FRAM 20-22

STADAN:

1. STJARNAN	14	12	0	2	433:277	24
2. VALUR	13	9	2	2	343:298	20
3. GRÓTTA	14	10	0	4	358:322	20
4. HAUKAR	15	9	0	6	429:379	18
5. FRAM	14	6	3	5	322:343	15
6. ÍBV	14	6	2	6	351:357	14
7. HK	14	4	1	9	367:425	9
8. FH	14	2	1	11	301:383	5
9. AKUREYRI	14	0	1	13	264:384	1

Iceland Express-deild karla:

HAMAR/SELFOSS-GRINDAVÍK 71-77

STADAN:

1. UMFN	16	14	2	1391:1270	28
2. KR	16	13	3	1417:1240	26
3. SKALLAG	16	12	4	1455:1338	24
4. SNÆFELL	16	12	4	1309:1183	24
5. KEFLAVÍK	16	10	6	1444:1327	20
6. GRINDAVÍK	17	9	8	1451:1367	18
7. HAMAR/SEL	17	6	11	1287:1388	12
8. TINDASTÖLL	16	6	10	1387:1483	12
9. ÍR	16	5	11	1318:1395	10
10. ÞÓR Þ.	16	4	12	1320:1460	8
11. FJÖLNIR	16	3	13	1335:1449	6
12. HAUKAR	16	3	13	1300:1514	6

Iceland Express-deild kvk:

HAMAR-GRINDAVÍK 68-81

Mikið var undir þegar Valur tók á móti Haukum í Höllinni:

Mikilvægur sigur Vals á Haukum

HANDBOLTI Valsstúlkur unnu mikilvægan sigur á Haukum í DHL-deild kvenna í gær 24-22. Valur er nú fjórum stigum á eftir Stjörnunninni sem er í toppsætinu en Valur á leik inni á Garðabæjarliðið. Fyrir leikinn í gær var búist við spennandi viðureign enda voru þessi lið jöfn að stigum fyrir hann.

Valur byrjaði leikinn betur og náði 6-2 forystu en fjögur af þessum sex fyrstu mörkum komu úr hraðaupplauptum. Haukar tóku leikhlé og náðu að endurskipuleggja leik sinn svo liðið komst inn í leikinn. Gestirnir náðu smátt og smátt að saxa á forskot Vals og

jöfnuðu í 9-9. Valsstúlkur skorðu á lokasekúndum fyrri hálfleiks og höfðu 12-11 forystu þegar haldið var inn í hálfleik.

Jafnræði var með liðunum í seinni hálfleik en heimastúlkur þó oftast með eins til tveggja marka forskot. Á endanum vannst tveggja marka sigur sem verður að teljast fyllilega verðskuldaður.

„Til að ná að hanga í Stjörnunninni í toppbaráttunni var gríðarlega mikilvægt að ná sigri og það tókst. Haukar eru með klassalið og því gekk okkur erfiðlega að stinga þá af og það var alltaf spennu í leiknum. Gæði leiksins voru kannski ekki mikil en sigurinn góður,“

sagði Ágúst Jóhannesson, þjálfari Vals.

„Við spiluðum fína vörn og markvarslan var góð. Ég hefði viljað fá aðeins meira tempó í sóknarleiknum hjá okkur en það kemur vonandi í næstu leikjum. Við þurfum að spila aðeins fleiri leiki til að ná takti,“ sagði Ágúst.

- egm

GRIMM Ágústa Edda Björnsdóttir reynir hér að brjótast í gegnum vörn Hauka í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ókleifur varnarmúr Fylkis

Fylkir tryggði sér góðan sigur á Akureyri, 29-23, í DHL-deild karla í gær. Frábær varnarleikur Fylkis í síðari hálfleik tryggði liðinu sigurinn í leiknum.

HANDBOLTI Það eru bjartari tímar framundan hjá Fylki eftir að liðið endurheimti þrjá lykilmenn í fríinu. Það skilaði sér strax í sigri á Akureyri í gær, 29-23, og það væri skandall ef Fylkir félli með þann mannskap sem liðið hefur í dag. Leikur liðanna í gær var bráðfjögur og þessi mikli munur gefur ekki algveg rétta mynd af leiknum.

Gestirnir frá Akureyri byrjuðu leikinn mjög vel, vörninn var gríðarsterk og fyrir aftan var landsliðsmarkvörðurinn Hreiðar Guðmundsson í fantaformi en hann varði 14 skot í fyrri hálfleik. Að sama skapi var mikið basl á sóknarleik Fylkis og það var ekki fyrr en Arnar Jón Agnarsson kom af bekknum og hinn arfaslaki Tomislav Broz fékk sér sæti að Fylkir hrökk í gang. Með góðu átaki síðari hluta fyrri hálfleiks náði Fylkir gestunum og jafnt var á með liðunum í leikhléi, 13-13.

Heimamenn í Fylki komu mun grimmari til leiks í síðari hálfleik. Vörninn fór að ganga betur og sóknarleikurinn gekk ágætlega. Eftir því sem á leið hálfleikinn þéttist Fylkisvörninn og við frábærum varnarleik Fylkis áttu gestirnir ekkert svar.

Þeir töpuðu boltanum hvað eftir annað og var refsað með hraðaupplauptmörkum. Vörn Fylkis varði skot og Hlynur fyrir aftan og Akureyringar voru gjör-samlega ráðþrota síðasta stundarfjórðunginn.

Sigur Fylkis var því sanngjarn þegar upp var staðið. Það er allt annað að sjá til liðsins en fyrir jól og leikmennirnir þrír - Heimir, Guðlaugur og Arnar Jón - styrkja það gríðarlega. Ekki síst hefur varnarleikurinn batnað mikið en Fylkir var með bestu vörnina í



ARNAR JÓN GÓÐUR Arnar Jón Agnarsson er aftur kominn í herbúðir Fylkis og hann minnti rækilega á sig með finni frammistöðu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

fyrri og miðað við leikinn í gær verður erfitt að eiga við hana það sem eftir lifir móts. Svo eiga Arnar Jón og Heimir eftir að komast í betra form og þá getur þetta Fylkislið strítt hverjum sem er.

Andri Snær átti frábæran leik fyrir Akureyri en því miður fyrir hann voru félagar hans nær meðvitundarlausir í síðari hálfleik og enginn lagði sitt af mörkum fyrir utan Andra og Hreiðar markvörð.

„Þetta var svipað og búast mátti við. Þetta var stírbúsalegt en vörninn síðasta korterið var eins og hún gerðist hvað best í fyrri,“ sagði Heimir Örn Arnason, sem átti ágæta spretti þrátt fyrir að vera í litlu leikformi. „Ég er svona 70 prósent. Mér list ágætlega á liðið okkar og ef við föllum yrði það gríðarleg vonbrigði. Það er engin spurning.“

henry@frettabladid.is

Hart var barist í leik Stjörnunnar og Hauka í Ásgarði í gær:

Munurinn lá í vörninni í síðari hálfleik

HANDBOLTI „Ég bjóst algveg við því að leikurinn yrði svona. Það var taugatitringur í okkur í byrjun en þeim líka. Þeir voru ekki með Andra Stefan og það sýndi sig í þessum leik hvað hann er mikilvægur, hann er algjör stjórnanndi í þessu liði hjá þeim,“ sagði Patrekur Jóhannesson, leikmaður Stjörnunnar, eftir að hans lið sigraði Hauka 31-28 á heimavelli í gærkvöldi.

„Þetta var erfitt hjá okkur en munurinn lá mest í því að við spiluðum vörnina öllu betur í seinni hálfleik. Við töpuðum fyrir Akureyri þrátt fyrir að hafa verið fimm mörkum yfir og það hefði getað gerst í dag. Fyrir okkur var þetta mjög mikilvægur leikur,“ sagði Patrekur.

Lokakafli leiksins í gær var hörkuspennandi en flestir héldu að Stjarnan væri að sigla fram úr þegar liðið komst í 25-19. Þá vöknudu hins vegar gestirnir og náðu að minnka muninn í eitt mark



PATTI GÓÐUR Patrekur Jóhannesson var mjög öflugur í liði Stjörnunnar sem lagði Hauka í gærkvöldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þegar stutt var eftir. En Haukar fóru illa að ráði sínu, Roland Eradze varði vel á gríðarlega mikilvægum tíma og Stjarnan náði á endanum þriggja marka sigri.

„Við erum enn í efri hlutanum í

þessari faliðuðu deild og hver einasti leikur skiptir miklu máli. Nú höfum við verið að horfa á HM í sjónvarpinu síðasta mánuðinn og mjög mikilvægt upp á mórallinn að byrja á sigri eftir hlé. Það hjálpar

Nýtt met í danska boltanum:
Aldrei fleiri útlendingar

FÓTBOLTI Erlendir knattspyrnumenn hafa aldrei verið fleiri í danska fótoltanum en einmitt nú, en 98 útlenskir leikmenn eru skráðir í dönsk lið þegar keppni fer aftur af stað eftir vetrarfrí. Fjöldi erlendra leikmanna hefur meira en tvöfaldast á síðustu sjö árum.

Landsliðsþjálfarinn Morten Olsen hefur lengi barist fyrir því að fækka erlendum leikmönnum en eins og mörgum þykir hann dönsku félögin ekki leggja næga rækt við unga leikmenn.

Fimm íslenskir leikmenn spila í Danmörku; Bjarni Ólafur Eiríksson, Hólmar Örn Rúnarsson og Hörður Sveinsson hjá Silkeborg, Hannes Sigurðsson hjá Brøndby og Kári Arnason hjá AGF.

- 66j

AC Milan - Livorno:

Fyrsti leikur
Ronaldo hjá AC

FÓTBOLTI Brasilíska sóknarmaðurinn Ronaldo mun líklega leika sinn fyrsta leik fyrir AC Milan þegar liðið tekur á móti Livorno í dag. Það fá þó fáir að berja þessa frumrunn hans í trefju AC Milan augum þar sem San Siro-völlurinn stent ekki öryggiskröfur sem gerðar voru í kjölfar morðsins á Sikiley.

Það verður spennandi að sjá hvernig þessi hæfileikaríki leikmaður finnur sig hjá AC Milan en hann var keyptur frá Real Madrid í janúarglugganum. Ronaldo mun byrja á bekknum í dag en þó má reikna með því að hann fái eitthvað að spreya sig.

- egm

okkur mikið í undirbúningi fyrir næsta leik, sem við ætlum að klára líka,“ sagði Patrekur Jóhannesson, sem var markahæstur í liði Stjörnunnar með tíu mörk.

Haukar byrjuðu betur í gær og komust 4-1 yfir en eftir það jafnaðist leikurinn út og var staðan 15-15 í hálfleik. Stjarnan var yfir allan seinni hálfleikinn, náði mest sex marka forskoti, en litlu mátti muna undir lokin að Haukar náðu að ræna að minnsta kosti öðru stiginu úr leiknum. Mikil spennu var í leiknum og hiti í mönnum en Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, fékk að líta rauða spjaldið frá dómurum leiksins.

Það var þó mikið fagnað í leiklok enda fjölmargir stuðningsmenn Stjörnunnar sem mættu á þennan leik og létu vel í sér heyra að vanda. Markahæstur í liði Hauka var Árni Sigtryggsson með sjö mörk en eins og Patrekur minntist á saknaði liðið greinilega Andra Stefans.

- egm

Mánudaginn, 5.febrúar, var 43 aðilum úthlutað 56,5 milljónum króna úr Styrktarsjóði Baugs Group. Þetta er í þriðja sinn sem úthlutun fór fram úr sjóðnum sem stjórn Baugs Group hf stofnaði þann 10. júní 2005 með 300 milljón króna stofnframlagi. Styrktarsjóði Baugs Group hf. er ætlað það hlutverk að styðja margvísleg líknar- og velferðarmál auk menningar- og listalífs. Framlög úr sjóðnum eru veitt tvisvar á ári og er auglýst eftir umsóknum nokkru áður en styrkúthlutun fer fram. Formaður stjórnar sjóðsins er Jóhannes Jónsson en auk hans sitja Hreinn Loftsson og Ingibjörg S. Pálmadóttir í stjórn sjóðsins.

Stærstu styrkina að þessu sinni hlutu Gunnar Þórðarson til útgáfu á Brynjólfsmessu að upphæð 2,6 milljónir, Gríman - Íslensku Leiklistarverðlaunin til næstu tveggja ára að upphæð 5 milljónir, Múlalundur að upphæð 2.4 milljónir til að laga vinnuáðstöðu fatlaðra og Action on Addiction að upphæð 7 milljónir til rannsókna á vímuefnaforvörnum og meðferðarúræðum í Bretlandi.

56,5 milljónum úthlutað úr Styrktarstjóði Baugs Group



Eftirtaldir aðilar hlutu styrk:

Gunnar Þórðarson 2.600.000 kr styrkur til útgáfu á *Brynjólfsmessu*. **Gríman - íslensku leiklistarverðlaunin** 5.000.000 kr styrkur til *Grimunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna*. **Canada Iceland Arts Festival Inc** 1.250.000 kr styrkur til listahátíðar á Íslendingaslóðum í Manitoba. **Rithöfundasamband Íslands** 2.000.000 kr styrkur til verkefnisins *Skáld í skólum* til að efla tengsl rithöfunda og skóla ásamt því að efla áhuga íslenskra ungmenna á bókmenntum. **Sonja Sigurðardóttir** 1.000.000 kr styrk til undirbúnings fyrir Ólympíuleika fatlaðra í Kína 2008. **Líknar- og vinfélagið Bergmál** 2.000.000 kr styrkur til starfssemi Bergmáls, vegna hvíldar- og orlofsvikna fyrir krabbameinssjúklinga og aðra sem búa við langvarandi veikindi. **Hjálpræðisherinn á Íslandi** 2.000.000 kr styrkur til reksturs samtakanna. **Skálatúnsheimilið** 400.000 kr styrkur til kaupa á Soundbeamtæki sem gefur m.a. fötluðum tækifæri til að upplifa og skapa tónlist. **Mannréttindaskrifstofa Íslands** 2.000.000 kr styrkur til verkefna Mannréttindaskrifstofunnar árið 2007. **Beinvernd** 750.000 kr styrkur til verkefnisins *Vertu á verði - minnkaðu áhættuna á brotum vegna beinþynningar*. **Sambýlið Hrauntunga 54 í Kópavogi** 100.000 styrkur til endurnýjunar á húsbúnaði. **Sambýlið Lyngmóa 17, Njarðvík** 100.000 kr styrkur til endurnýjunar á húsbúnaði. **Haukur Sigurðsson og Elva Dögg Pedersen** 2.000.000 kr styrkur til fjölskyldunnar til að mæta miklum kostnaði vegna veikinda. **Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins** 1.675.000 kr. styrkur til kaupa á fimm alsjálfvirkum hjarta-stuðtækjum til að setja í allar forystuslökkvibíreiðar liðsins. **Múlalundur Vinnustofa SÍBS** 2.435.000 kr styrkur til að lagfæra vinnuáðstöðu fyrir fatlaða. **Kári Árnason** 150.000 kr styrkur til að gefa út jazz-geisladisk til styrktar Árna Ibsen. **AFS áhugafélag um tónlistarflutning** 500.000 kr styrkur til tónlistarhátíðarinnar *Aldrei fór ég suður* á Ísafirði. **Sigur Rós og Von Andi ehf.** 2.000.000 kr styrkur til eftirvinnslu á kvikmynd um tónleikaferð Sigur Rósar um Ísland s.l. sumar. **Foreldra- og styrktarfélag Tónstofu Valgerðar** 1.250.000 kr styrkur til kaupa á flygli fyrir Tónstofu Valgerðar sem sérhæfir sig í tónlistarkennslu og músíkþerapiu fyrir fatlaða. **Kórastefna við Mývatn 2007** 300.000 kr styrkur til Kórastefnu við Mývatn 2007 sem er fjölmennasta tónlistarhátíð lands-byggðarinnar. **Ópera Skagafjarðar** 1.000.000 kr styrkur til að setja upp óperuna *La Traviata* á Sæluvíku Skagfirðinga í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. **Voces Thules** 375.000 kr styrkur til verkefnisins *Sturlunga - ég sé eld yfir þér*. **Hugo film** 1.000.000 styrkur til heimilidamyndarinnar *Róðlaust og beinlaust*. **Ísold Uggadóttir** 350.000 styrkur til vinnslu á stuttmyndinni *Góðir gestir*. **Ásgarður handverkstæði** 1.000.000 styrkur til leikfélagsins M.A.S í Ásgarði þar sem 28 þroskaskertir einstaklingar starfa. **Möguleikhúsið** 1.500.000 kr styrkur til reksturs barnleikhúss. **Leikhópurinn Fjalakötturinn** 500.000 kr styrkur til uppsetningar á *Heddu Gabler* eftir Ibsen. **Yoga Shala Reykjavík** 650.000 kr styrkur til jógastöðvarinnar. **Fannðis Huld Valdímarsdóttir** 500.000 kr styrkur til náms í Ríksglasskólanum í Orrefors í Svíþjóð. **Byggðasafn Vestfjarða** 2.000.000 kr styrkur til fornleifauppgrofts á Eyri við Skutulsfjörð. **Minjasafnið á Akureyri** 250.000 kr styrkur til verkefnisins *Sumarlestur - Akureyri bærinn minn*. **RHLÖ Rannsóknarstofa HÍ og LSH í öldrunarfræðum** 1.000.000 kr styrkur til fræðslumyndarinnar *Hugarhvarf - lífið heldur áfram með heilabilun*. **Landakotsskóli** 1.500.000 kr styrkur til tækjakaupa í tilefni af 110 ára afmæli skólans. **Orgelnefnd Landakotskirkju** 1.500.000 kr styrkur til viðhalds og endurbóta á orgeli Landakotskirkju. **Samtökin '78** 1.000.000 kr styrkur til fræðslustarfs samtakanna sem miðar að því að efla fræðslu um samkynhneigð og vinna gegn fordómum. **Lauf - Landssamtök áhugafólks um flogaveiki** 2.000.000 kr styrkur til verkefna félagsins og uppbyggingar heimasíðu. **Elisabet Jökulsdóttir** 600.000 kr styrkur til skáldsögu- og leikritaskrifa. **Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur** 200.000 kr styrkur til tvímála útgáfu á bókinni *Villa á öræfum* eftir Pálma Hannesson. **Viðar Hreinnsson** 1.000.000 kr styrkur til þýðingar á *Ævisögu* Stephans G. Stephanssonar á ensku. **Garðar Guðmundsson, heila- og taugaskurðlæknir** 600.000 kr styrkur til kaupa á forriti fyrir þrýstingsmæli til að mæla innankúpuþrýsting. **Vísindasjóður fyrir mænuskaðaða** 1.000.000 kr styrkur til kaupa á sérhæfðum tækjabúnaði til gönguþjálfunar á endurhæfingardeild Landsspítala háskólasjúkrahúss. **DEA félagið** 500.000 kr styrkur til að gefa út *Bað Biblíuna* sem fjallar um böð og baðaðferðir ólíkra landa og menningarsvæða. **Action on Addiction** 7.000.000 kr styrkur til rannsókna á meðferð og forvörnum vegna áfengis og vímuefna í Bretlandi.

> WOODY HARRELSON

Fæddist 23. júlí 1961. Ólst upp í Ohio og lærði leiklist og ensku í skóla. Fór að vinna í leikhúsi í New York þar sem var komið auga á hann og hann fékk hlutverk sem Woody í Staupasteini. Hann fór síðan að leika í kvikmyndum en lék í fyrstu stóru myndinni 1991, Doc Hollywood. Lék síðan m.a. í White Men Can't Jump, Indecent Proposal og Natural Born Killers. Hægt er að sjá Harrelson í Scorched á Stöð 2 Bíó.



dag



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HEFUR GAMAN AF KÚREKUM OG NAUTUM

Brjálaðir töffarar með kúrekahatt

Sumt sjónvarpsefni er þannig að áhorfandinn hreinlega sogast inn í það. Maður þarf ekki beint að fylgjast með en starir sem dáleiddur á skjáinn. Þetta kannast líklega margir við sem horfa á formúluna en annað álíka sjónvarpsefni, þó ólíkt skemmtilegra, er Pro bull riding eða nautaródeó á sjónvarpsstöðinni Sýn. Þar sest hver brjálaði kúrekinn á fætur öðrum á enn brjálaðra naut og þarf hann að hanga á baki í átta sekúndur. Nautin eru stór og stæðileg og eru sérstaklega ræktuð í þeim tilgangi að henda fólki af baki. Þó að kúrekanum takist ætlunarverkið, að sitja í þessar örfáu sekúndur, sem líklega eru mun lengur að líða ef maður situr á nautsbaki, er þó höfuðverkurinn ekki búinn. Einhvern veginn þarf knapinn að koma sér af baki án þess að hálsbrotna. Oft á tíðum má sjá grannvaxna kúreka fljúga um loftin og lenda síður en svo mjúklega á leikvanginum.

Þó að þessi raun væri meiri en nóg þurfa þeir nú að gæta að sér svo nautið, sem nú er komið í ham, stingi þá ekki á hol. Hér



Í HAM
Klikkaðir kúrekar á brjáluðum nautum.

koma ródeótrúðarnir að góðum notum. Þeir eru jafnvel enn klikkaðir en nautareidmennirnir þar sem þeir veifa höndum og fótum að nautinu til að fanga athygli þess og láta það elta sig. Eins og lesendur geta ímyndað sér er það hin mesta skemmtun að fylgjast með öllum þessum hamgangi, sérstaklega á föstudagskvöldi þegar ekkert annað er í sjónvarpinu á hinum stöðvunum.

EKKI MISSA AF



▶ 17.50 Barcelona - Racing SÝN



▶ 18.00 School of Rock STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 19.20 Fiorentina - Udinese SKJÁRSPOURT



▶ 21.05 Twenty Four STÖÐ 2



▶ 22.05 Moulin Rouge SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

- 08.00 Morgunstudin okkar
- 08.01 Sammi brunavörður (24:26)
- 08.11 Bitte nú! (49:52)
- 08.34 Hopp og hí Sessamí (39:52)
- 08.58 Disneystundin
- 09.01 Suðandi stuð (1:21)
- 09.23 Sígildar teiknimyndir (22:42)
- 09.30 Herkúles (20:28)
- 09.54 Tobbi tvisvar (43:52)
- 10.17 Allt um dýrin (15:25)
- 10.45 Jón Ólafs (e)
- 11.25 Spaugstofan (e)
- 11.50 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2007
- 12.50 Íslensku tónlistarverðlaunin 2007 Samantekt frá afhendingu í lok janúar.
- 14.00 Ginklofinn (e)
- 15.00 Sigurbjörn Einarsson biskup (e)
- 16.00 Glenn Gould (e) (1:2)
- 16.55 Lithvörð
- 17.00 Jörðin (e) (1:6)
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Leirkarlinn með galdrahattinn
- 18.40 Andinn í bjöllunni (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Tónlist er lífið (1:9)
- 20.45 Við kóngsins borð (4:6)
- 21.45 Helgarsportíð
- 22.00 Meistaram. í frjálsum íþróttum
- 22.20 BAFTA-verðlaunin
- 23.55 Kastljós

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 White Oleander
- 08.00 Another Pretty Face
- 10.00 Scorched
- ▶ 12.00 The School of Rock
- 14.00 Another Pretty Face
- 16.00 Scorched
- 18.00 The School of Rock
- 20.00 White Oleander Bönnuð börnum
- 22.00 Ripley's Game Stranglea b.
- 00.00 Below Stranglea bönnuð b.
- 02.00 Thirteen
- 04.00 Ripley's Game



- 07.00 Myrkfælnu draugarnir (69:90)
- 07.15 Pingu
- 07.20 William's Wish Wellingtons
- 07.25 Addi Panda
- 07.30 Pocoyo
- 07.40 Barney
- 08.05 Stubbarnir
- 08.30 Doddi litli og Eyrnastór
- 08.40 Kalli og Lóla
- 08.50 Könnuðurinn Dóra
- 09.15 Grallararnir
- 09.40 Kalli litli kanína og vinir hans
- 10.00 Litlu Tommi og Jenni
- 10.25 Ævintýri Jonna Quests
- 10.50 Sabrina - Unglingsnornin
- 11.15 Galdrastelpurnar (22:26)
- 11.35 Ljónagrín
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.25 Silfur Egils
- 14.00 Nágrannar (Neighbours)
- 15.45 Meistarinn - stjórnuþráð (2:2)
- 16.40 Beauty and the Geek (2:9)
- 17.25 Hot Properties (11:13) Ómót
- 17.45 Martha (Jesse James)
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.10 Kompás Í þætti kvöldsins ber hæst sláandi afhjúpun á grófu misferli í íslenskum matvælaíðnaði.
- 19.45 Sjálfstætt fólk Viðmælandi Jóns Ársæls að þessu sinni er athafnamaðurinn og fótboltaunnandinn Eggert Magnússon.
- 20.20 Cold Case (5:24) Bönnuð.
- ▶ 21.05 Twenty Four (4:24) (24)
- 21.50 Numbers (15:24) (Tölur)
- 22.35 Ofurheilinn Sérlega áhugaverð brek heimildarmynd sem fjallar um Daniel Paul Tammet, 28 ára gamlan Breta sem glímur við væg einhverfueinkenni og hefur verið greindur með ofurheila. Í myndinni er látið reyna á þennan hæfileika hans með því leggja fyrir hann erfitt verkefni - að læra íslensku á sköttima.
- 23.25 X-Factor (e) (12:20)
- 00.50 X-Factor - úrslit símakosninga
- 01.20 Tsunami, the Aftermath
- 02.50 Tsunami, the Aftermath
- 04.20 Miss Marple. Murder at the Vi
- 05.55 Fréttir
- 06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SIRKUS TV

- 14.30 3. hæð til vinstri - Víkan
- 15.00 Ali G
- 15.30 American Dad 3 (e)
- 16.00 Star Stories (e)
- 16.30 Brat Camp USA (e)
- 17.15 Trading Spouses (e)
- 18.00 Seinfeld (24:24) (e) Lokabáttur gamanþáttaðarinnar vinsælu.
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.10 KF Nörd (5:15) (Alvöru undirbúningur á Hrauninu) Það er kominn tími til að byggja up skap í Nördunum. Logi leggur sig allan fram til að fá blóðið á hreyfingu hjá strákunum og notar ýmsar aðferðir sér til hjálpar.
- 19.55 3. hæð til vinstri (10:30)
- 20.00 Four Kings (e)
- 20.30 The Nine - NÝTT (e) Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lífa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur.
- 21.20 3. hæð til vinstri - Víkan (e)
- ▶ 22.05 Moulin Rouge Frábær dans- og söngvamynd sem líður mönnum seint úr minni. Söguviðið er Rauða myllan, franskur næturklúbbar þar sem dásemdir lífsins eru í hávegum hafðar. Skáldið Christian hrífst af Satine, söng- og leikkonu sem er skærasta stjarnan í Rauðu myllunni. Hertogi nokkur er einnig orðinn hrifinn af Satine sem nú er á milli tveggja elda. Myndin var tilnefnd til átta Óskarsverðlauna og fékk tvenn. Aðalhlutverk. Nicole Kidman, Ewan McGregor, John Leguizamo, Jim Broadbent. Leikstjóri. Baz Luhrman. 2001. Leyfð öllum aldurshópum.
- 00.10 Janice Dickinson Modeling Agency (e)
- 00.40 Sirkus Rvk (e)
- 01.10 Entertainment Tonight (e)
- 01.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV
- 12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 09.55 Vörutorg
- 10.55 2006 World Pool Championships
- 12.40 Love, Inc. (e)
- 13.10 Out of Practice (e)
- 13.40 2006 Land Rover G4 Challenge - Lokabáttur (e)
- 14.10 One Tree Hill (e)
- 15.10 Skólahreysti (e)
- 16.10 America's Next Top Model (e)
- 17.10 Million Dollar Listing (e)
- 18.10 The O.C. (e)
- 19.10 Battlestar Galactica (e)
- 20.00 Psych - NÝTT Bandarísk gaman-sería sem sló í gegn þegar hún var frum-sýnd í bandarísku sjónvarpi sl. sumar en í þáttunum er bráðskemmtileg blanda af gríni og drama. Aðalsöguhetjan er ungur maður með einstaka athyglisgáfu sem aðstoðar lögregluna við að upplýsa morðmál en neyðist til að ljúga því að hann sé skyggn svo lögreglan haldi ekki að hann sé viðrið-inn málið. Í kjölfarið ákveður hann að opna einkaspæjarastofu ásamt félagasiðnum og notar „náðargáfu“ sína til að leysa hin flóknu-stu máli.
- 21.30 Boston Legal
- 22.30 30 Days - Lokabáttur Móðir sem hefur áhyggjur af drykju dóttur sinnar ákveður að fara á samfellt fylleri í 30 daga til að reyna að ná athygli hennar. Dóttirin sér móður sína fulla, ælandi og timbraða og það verður henni víti til vamaðar og mamman fær að kynna þeirri pressu sem sett er á unglina að drekka í nútíma-samfélagi.
- 23.30 C.S.I. (e)
- 00.20 Heroes (e)
- 01.20 Jericho - NÝTT (e)
- 02.10 Vörutorg
- 03.10 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

- 11.20 Að leikslokum (e)
- 12.20 Liðið mitt (e)
- 13.20 Bolton - Fulham (beint)
- 15.50 Arsenal - Wigan (beint)
- 18.10 Ítölsku mörkin (e)
- ▶ 19.20 Fiorentina - Udinese (beint)
- 21.30 Chelsea - Middlesbr. (frá 10. feb)
- 23.30 West H. - Watford (frá 10. feb)
- 01.30 Dagskrárlök

PSYCH

Bráðfyndin þáttaröð sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Aðalsöguhetjan er skrautlegur náungi sem þykist vera skyggn og hjálpar lögreglunni að leysa morðgátur.

HEFST Á SKJÁEINUM
Í KVÖLD KL. 20.00



Fyrsti þáttur
tvöfaldur

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.45

Sjálfstætt fólk

Viðmælandi Jóns Ársæls Þórðarsonar í Edduverðlaunabættinum Sjálfstæðu fólki í kvöld er athafnamaðurinn og fótboltaunnandinn Eggert Magnússon. Nýverið sameinaði hann þetta tvennt er hann leiddi yfirtöku á enska stórlíðinu West Ham United, þar sem Eggert gegnir nú stjórnarformennsku. Allt síðan Eggert kom inn í myndinni sem mögulegur kaupandi að West Ham hefur breska pressan veitt honum mikla athygli og fjallað ríkulega um þennan íslenska „kexbarón“ – sem hann er gjarnan kallaður þar ytra. Það hefur enda gastað af Eggerti og West Ham verið stórtækt á leikmannamarkaðinum í janúar. Í þættinum sækja þeir Jón Ársæll og tókumaður hans Steingrímur Jón Þórðarson Eggert heim til Austur-Lundúna og fylgjast með honum í erilsömu starfi þar sem þrýstingurinn og krafan um árangur er næsta óbærileg.



► **VIÐ MÆLUM MED KOMPÁS STÖÐ 2 KL. 19.10**

Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir tvö til þrjú mál sem krufin eru til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völli og er þættinum ekkert óviðkomandi. Í þætti kvöldsins ber hæst sláandi afhjúpun á grófu misferli í íslenskum matvælaíðnaði.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Fréttir	16.10 Ungir vísindamenn (2:10)
09.00 Fréttir	17.00 Síðdegi skógarþúkanna
09.03 Lóðrétt eða lárétt	18.00 Kvöldfréttir
10.05 Veðurfregni	18.25 Auglýsingar
10.15 Þórbergur Þórðarson og allir hinir (1:2)	18.26 Seiður og hégog
11.00 Guðsþjónusta í kapellu Háskóla Íslands - Guðrún Kvaran prófessor	19.00 Afsprengi
12.20 Hádegisfréttir	19.50 Óskastundin
12.45 Veðurfregni	20.35 Sagnaslóð
13.00 Útvarpsleikhúsið: Leynardómur á prestssetri eftir Mats-Arne Larsson (2:4)	21.15 Laufskálinn
13.40 Sunnudagskonsert	21.55 Orð kvöldsins
14.10 Söngvamáli	22.00 Fréttir
15.00 Sögumenn: Líf mitt hefur streymt áfram átakalaust	22.15 Til allra átta
16.00 Fréttir	23.00 Andrárimur
FM 90,9 Talstöðin	00.00 Fréttir
FM 99,4 Útvarp Saga	00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
FM 98,9 Bylgjan	
FM 95,7 FM957 / Topp	
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp	
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni	
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying	
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni	
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum	
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni	
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying	
FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður	

SYN

06.00 Evrópumótaröðin Útsending frá Malaysian open móttinu í golfi á evrópsku mótaröðinni. Mótið er hið fyrsta sem Birgir Leifur Hafþórsson tekur þátt í á þessu ári.

08.30 Spænski boltinn (Real Sociedad - Real Madrid) Útsending frá leik á Spáni.

10.10 Box - Shane Mosley vs. Luis Collazo

11.10 Spænski boltinn (Betis - Sevilla)

12.50 Ameríski fótboltinn

13.20 Evrópumótaröðin (Malaysian Open) Bein útsending frá lokadegi á opna Malasíu móttinu á evrópsku mótaröðinni í golfi. Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG er á meðal þátttakenda en hann vann sér inn þáttökurétt á mótaröðinni síðasta haust og er þetta fyrsta mót hans í ár.

15.50 Spænski boltinn (Getafe - Valencia) Útsending frá leik í spænska boltanum.

► **17.50 Spænski boltinn** (Barcelona - Racing) Útsending frá leik í spænska boltanum.

19.50 AT & T Pebble Beach Bein útsending frá lokadegi AT & T mótsins á PGA Mótaröðinni í golfi. Mótið fer fram á hinum frábæra Pebble Beach velli í Kaliforníu.

22.50 Spænski boltinn (Barca - Racing)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.30 Mickey Mouse Klubhus **6.55** Den lille røde traktor **7.05** Søndagsfandango **7.30** Lille Nord **8.00** Store Nord **8.30** Junior **9.00** Hannah Montana **9.25** Flight 29 savnes! **9.50** Helt sikkert DR **10.00** Sygedag eller arbejdsdag? **10.30** Arbejdsliv - find et job! **11.00** TV Avisen **11.10** Boxen **11.30** Boogie Listen **12.30** Hjerteflimmer **13.00** Gudsstjeneste i DR Kirken **13.45** Plácido Domingo **14.45** HåndboldSøndag: Slagelse DT-HC Kometal **16.30** Bamse Billedbog **17.00** Familien Knurhår **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Yrkenens Søner **19.00** Forbrydelsen **20.00** 21 Søndag **20.40** SøndagsSporten **20.55** Dødens Detektiver **21.20** Manden fra toget **22.45** Come Die With Me

NRK1

6.30 Stå opp **6.31** Den lille røde traktoren **6.40** Lisa **6.50** Teddy og Annie **7.00** Willy Nilsen på camping **7.25** Bravo Bibbi! **8.35** Familien Pling **9.00** NRKs VM-søndag **9.35** VM skiskyting 2007 **11.25** VM alpint 2007 **12.30** VM skøyter allround 2007 **13.00** VM skiskyting 2007 **14.30** VM skøyter allround 2007 **17.00** Pippi Langstrømpe **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.30** Planeten vår **20.20** Skreddaren i Panama **22.05** Kveldsnytt **22.20** Rally-VM: Rally Sverige **23.10** Nytt på nytt **23.40** Ingen grunn til begeistring

SVT 1

7.00 BoliBompa **7.01** Smá Einstains **7.25** I huvudet på ungar **7.30** Karsten och Petra **7.40** Jonas och vikingen **8.00** Disneydags **9.00** Lilla sport-spegeln **10.35** Den främmande jägaren **11.30** Melodifestivalen 2007 **13.00** Svenska rallyt **13.55** Great thinkers of our time **14.25** Extra **14.50** Born Wild **14.55** Världen **15.55** Keith on the road **16.25** Pedagogikens giganter **16.55** Ishockey: Tre Kronor live **17.00** Riddaren av Pelargonien **17.15** Pettson & Findus **17.30** Wild Kids **18.30** Rapport **19.00** Playa del Sol **19.30** Sportspegeln **20.15** Agenda **21.10** VeteranTV **21.40** Vetenskap - DNA **22.10** Rapport **22.20** Höök **23.20** Sändningar från SVT24

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

Í KVÖLD!

ÓMISSANDI DAGSKRÁ
Á STÖÐ 2



KOMPÁS

Er íslenskur matvælaíðnaður rotinn?
Hneyksli afhjúpað í kvöld kl. 19:10



SJÁLFASTÆTT FÓLK

Eggert Magnússon stjórnarformaður
West Ham United er sóttur heim
í kvöld kl. 19:45

24

Jack Bauer snýr vörn í sókn
í kvöld kl. 21:05





...fá Magnús Scheving og félagar í Latabæ en velgengni þeirra virðast engin takmörk sett.

HIN HLÍÐIN HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR SÖNGKONA

Dreymir um að fara í fimleika

Hvað er að fréttu?

Allt mjög fint. Ég var að frumsýna Flagar í framsókn á föstudaginn og það var greinilegt að fólk skemmti sér brjálæðislega vel.

Augnlitur:

Blár.

Starf:

Söngkona.

Fjölskylduhagir:

Í sambúð með tvö börn.

Hvaðan ertu?

Ég fæddist á Akureyri og bjó líka um tíma í Eyjafjarðarsveit. Svo hef ég búið í Reykjavík, með hléum þó, frá 1994.

Ertu hjátrúarfull?

Nei, alls ekki. Ég er frekar örlogatrúar.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:

Sígtíð með Frímanni Gunnarssyni, ég vil

fá meira af honum. Hann er hin mesta skemmtun og sláandi raunverulegur karakter.

Uppáhaldsmatur:

Í upphaldi hjá mér er að fara á græna og væna staði, en ég er þó ekki grænmetisæta.

Fallegasti staður:

Mývatnssveitin.

iPod eða geislaspilari:

Ég á ekki iPod, en væri á ekki á móti því að eignast einn slíkan.

Hvað er skemmtilegast?

Góð blanda af húmor og alvöru.

Hvað er leiðinlegast?

Að setja í þvottavél, enda sér maðurinn minn um það.

Helsti veikleiki:

Smámunasemi.

Helsti kostur:

Prautseigja.

Helsta afrek:

Að ég skuli hafa eignast tvö svona yndisleg börn.

Mestu vonbrigðin:

Þegar ég kem heim með innkaupapoka og hef keypt matvöru sem er útrunnin.

Hver er draumurinn?

Að fara í fimleika.

Hver er fyndnastur/fyndnust?

Það er rosalega erfitt að velja einn. Helga Braga og Eggert Þorleifsson.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Fólk sem þrífst á að tala illa um aðra.



JÓN AXEL EGILSSON: NÆSTUM REKINN FYRIR TEIKNIMYNDASÖGU

Sá fyrir stækkun álvers í 35 ára gamalli teiknimyndasögu

„Vegna fréttu um stækkun ÍSÁL (lesið LÁSI aftur á bak) og það að færa þurfi veginn, mundi ég eftir teiknimyndasögu sem ég teiknaði í Spegilinn í 7. tölublað árið 1971 sem ég kallaði „Velkomin til LÁSI“,“ segir Jón Axel Egilsson kvikmyndagerðarmaður.

Svo virðist sem Jón Axel sé gæddur þeirri gáfu að geta séð inn í framtíðina í teikningum sínum. Svipað og sjónvarpssjúklingar þekkja úr þáttunum „Heroes“ á Skjá einum. Í teiknimyndasögunni má sjá hvar Reykjanesbrautin hefur verið færð vegna stækkunar álversins í Straumsvík. Liggur reyndar undir verksmiðjunni. Teiknimyndasagan var í anda hins umdeilda og fornfræga Spegils, háðsádeila, en á þeim tíma starfaði Jón Axel á skrifstofunni í álverinu og var kallaður inn á teppið. Og nærri rekinn.

„Já, þeir voru vöðalega viðkvæmir þarna suður frá þá. Ég var kallaður fyrir og spurður hvað þetta ætti eiginlega að þýða? En ég var þá búinn að festa mig í sessi á þeim þremur árum sem ég hafði starfað þarna og var í þannig starfi að ég bjó yfir ýmsum upplýsingum. Ég reyndar var búinn að skrifa undir saming þess efnis að ég



JÓN AXEL EGILSSON Reyndist forspár í teiknimyndasögu sem birtist í Spegilinum árið 1971.

FRÉTTABLAÐIÐ/ROSA

kjaftaði ekki frá. Og þeir tóku af mér loforð að ég hætti þessu –

væri ekki að gera grín að álverinu.“ Á þeim tíma var hinn sérstæði Ragnar Halldórsson, sem stundum var kallaður álskallinn, vegna þess að hann var á undan sínum samtíma með nauðrakað höfuðleðrið. Teiknarinn neitar því að hafa stuðst við upplýsingar sem hann bjó yfir þegar hann teiknaði söguna.

„Nei, nei, svo er ekki. Árið 1969 opnar álverið. Hvort það var þegar byrjað á skála númer tvö þá. Og við vorum að gantast með það að þeir héldu áfram og þá yrði vegurinn fyrir þeim. Og ég tók það inn í

dæmið að annað hvort þyrfti að færa veginn eða setja hann undir skálann.“

Spurður hver afstaða Jóns Axels sé hvað varðar fyrirhugaða stækkun Alcan á álveri sínu í Straumsvík segist hann vonast til þess að ekki verði af henni.

„Helst vildi ég sjá þessa verksmiðju hverfa eins og byggðin er orðin núna. Úrvals byggingaland fyrir Hafnarfjörðinn. Gæti frekar séð fyrir mér þarna smábátahöfn með skútum. Gríðarlega fallett þarna í Straumi.“

jakob@frettabladid.is



ÚR TEIKNIMYNDASÖGUNNI Teiknarinn sá fyrir sér að álverið stækki og þá þarf að færa veginn.

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Atvinna oskast

Smáauglýsing óskar eftir tímabundnu starfi við auglýsingar. Mikil reynsla og góð meðmæli. Uppl í síma. 550 5000

FRÉTTIR AF FÓLKI

Miklar umræður og pælingar eru nú uppi um hver muni taka við af **Alfreð Gíslasyni** sem landsliðsþjálfari í handknattleik. Einn líklegra kandidata þykir vera **Dagur Sigurðsson**, fyrrverandi fyrirlíði landsliðsins, sem flytur heim í sumar eftir farsælan feril í atvinnu-mennsku. Dagur hefur ákveðið að gerast framkvæmdastjóri Vals og þar býður hans ærinn starfi við að rífa félagið upp samhliða uppbyggingu nýrrar og glæsilegrar aðstöðu á Hlíðarenda. Mikil pressa er á Degi meðal Valsmanna og ólíklegt verður að teljast að það verði vel séð að hann taki að sér annað starf sem vitað er að tekur mikinn tíma frá framkvæmdastjórnastöðunni.

Líklegra þykir að **Geir Sveinsson** verði fyrir valinu sem landsliðsþjálfari. Hann hefur í það minnsta meiri tíma til að sinna starfinu en Dagur. Geir starfar sem kunnugt er sem skólastjóri Íþróttakademíunnar í Reykjanesbæ en starfið þar á bæ er farið vel af stað og þykir blómstra. Það myndi aukin heldur teljast ágætis akkur fyrir Akademiuna að skólastjóri hennar væri landsliðsþjálfari.

Það er vel þekkt að björbrigjar gera vel við stóra og öflugra viðskiptavini sína enda miklir peningar í húfi að hafa mest sóttu veitingahúsin sem kúnna. Þeir **Kormákur Geirharðsson** og **Skjöldur Sigurjónsson**, sem reka Ólstofna og Domo, nutu þannig gestrisni Ólgerðarinnar í síðasta mánuði. Ólgerðin verðlaunaði þá félagi fyrir mikla bjórsölu með því að bjóða þeim á vinsýningu á Sikiley.

- óhp

Þrjár sýningar á einum degi

„Þetta verður svolítill sprettur. Það er spurning hvort maður þurfi ekki að útvega sér þyrli. Það er annað hvort það eða að láta klóna sig,“ segir Orri Huginn Ágústsson leikari, sem fer með hlutverk í hvorki meira né minna en þremur sýningum í dag og er uppselt á þær allar.

Fyrst leikur hann í Ronju ræningjadóttur í Borgarleikhúsinu eins og hann hefur gert undanfarið ár, síðan tekur við frumsýning á söngleiknum *Abbababb* í Hafnarfjarðarleikhúsinu og loks brunar hann aftur í Borgarleikhúsið til að leika í Eilífri hamingju. „Maður þarf að vera klofinn persónuleiki til að geta þetta en ég hugsa að ég geti þetta samt. Vonandi slæðast ekki vitlausar setningar inn í verk-in, t.d setningar úr millistjórnenndrama inn í miðja barnasýningu,“ segir hann.

Orri, sem útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands vorið 2005, segist aldrei hafa leikið í svo mörgum



ORRI HUGINN ÁGÚSTSSON Orri Huginn fer með hlutverk í þremur sýningum í dag, hvorki meira né minna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

sýningum sama daginn. Mest hafi hann leikið í tveimur á dag. „Þetta verður mikil eldskírni og það er bara gaman að því. Þetta verður ábyggilega þrumu adrenalínspark. Maður á ábyggilega eftir að leka niður eftir þetta og sofa í þrjá daga.“

Orri hefur einnig verið að æfa fyrir leikritið *Grettir* sem verður frumsýnt í lok mars. „Það er enn dágóður tími þangað til en kannski þarf maður að ná fjórum sýningum sama dag. Maður lætur kannski reyna á það ef þetta gengur vel.“

- fb

KALL TÍMANS

SUNNUDAGSPÁTTUR

JÓHANNIS HAUKSSONAR



Þáttur Morgunhanans Jóhanns Haukssonar hefur hlotið mjög góðar viðtökur, en könnun Capacent sýnir að nærri tíundi hver maður hefur hlustað á þáttinn.

KALL TÍMANS – SUNNUDAGSPÁTTUR JÓHANNIS HAUKSSONAR
er næsta skref til bættrar þjónustu við hlustendur.

Alla sunnudaga kl. 13.00 á Útvarpi Sögu

Höfuðborgarsvæðið FM 99,4 – Suðurland FM 99,1 – Akureyri FM 93,9



BAKHJARL
KALLS TÍMANS
Á ÚTVARPI SÖGU

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24
alla daga



BAKÞANKAR

BERGSTEINS SIGURBSSONAR

Meðal svína

Spyrjið mig ekki hvers vegna, en Smeðal bókanna á náttborðinu mínu er Saga svínarættar á Íslandi. Í hinu fróðlega riti um þessa öndvegisskepnu er meðal annars greint frá muninum á villisvíni og alisvíni. Hann er meðal annars sá að 70 prósent líkamsþunga villisvínsins eru bundin við fremri hluta skrokkans en 30 prósent við þann aftari. Með alisvínið er þessu öfugt farið.

ÞESSAR upplýsingar fengu mig til að leiða hugann að hinu hnignandi musteri minnar eigin sálar, sem skautar í átt að þritugu á meiri hraða en ég kæri mig um og hefur óneitanlega látið undan veðrun árána. Miðað við núverandi líkamsástand verð ég seint kallaður villisvín og við því var aðeins eitt að gera: fara í ræktina.

EFTIR nokkurra vikna púl á hlaupabrettum, óbifanlegum hjólhestum og róðrarvélum komst ég að því, mér til mikillar skelfingar, að hreyfing ein og sér hefur víst lítið að segja nú til dags, sérstaklega ef maður ætlar að verða villisvín. Þá þarf að fylgja hreyfingunni rækilega eftir með ströngum meinlætaliðnaði. Leiðin til framfara er að ala á heilbrigðri andúð í garð spegilmyndar sinnar, vitandi að hún getur orðið betri.

ÞAD varð mér til happs að í sturtunni eftir eina æfingu hittu ég nokkra hjálpuþúsa villigelti, stæltu og bronsgyllta á lit en ólíkt raunverulegum villisvínum voru þeir algjörlega hárlausir. Í fyrstu datt mér í hug að þetta hlytu að vera skógarhöggsmenn frá fjarlægum en sólríku landi; strituðu allan daginn við að höggva tré á meðan sólin bakaði skrokk þeirra. Líkamshárin rökðu þeir sjálfsgott til að mæla skerpu axa sinna.

SVO reyndist þó ekki vera, heldur voru þetta venjulegir Íslendingar, öskukallar, bakarar og forstöðumenn greiningardeilda, sem leggja stund á hina tignu íþrótt „fitness“. Þeir reyndust boðnir og búnir að hjálpa hinum afvegaleidda grís í átt að betra lífi – fengu feitan gölt að flá, svo að segja. Í dag svigna eldhússkáparnir undan prótíni, glútamíni, kreatíni og koffíni. Ég á Mega Mass, Nutramino Pure, Promax, Thermo DynamX og Hydroxycut (það er mikið af x-um í heilsubótarvörum). Á tyllidögum innbyrði ég bragðvont duft úr hvítum brúsa, sem ég keypti í skemmu úti á Granda, með mynd af hesti og áletrun á ritmáli sem ég ekki skil.

NÚ er bara tímaspursmál hvenær ég breytist í aðra tegund. Ég þarf bara nokkrar vikur í viðbót, brúnku-klúta og heimikið af raksápu.

www.expressferdir.is

EXPRESS FERÐIR

Ferðir við allra hæfi! Kynntu þér úrvalið á www.expressferdir.is



LÚXUSFERÐ TIL HANBURY MANOR MEÐ BIRGI LEIFI HAFÞÓRSSYNI

10.–13. maí

Frábær golfferð til Hanbury Manor við London sem er eitt besta golfhótel á Englandi. Frábær völlum, þar sem Breska meistaramótið hefur nokkrum sinnum farið fram. Birgir Leifur Hafþórsson mun bjóða upp á stutta tilsögn í golfi fyrir hvern og einn, sem er innifalinn í verðinu. Golfvöllur eins og best verður á kosið og hótelið býður upp á öll helstu þægindi.

Verð á mann í tvíbýli

81.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og gisting í 3 nætur ásamt morgunverði og 3 golfhringir.

LIONEL RICHIE Í LONDON

23.–25. mars

Hinn eini sanni Lionel Richie heldur tónleika í Wembley Arena tónleikahöllinni í London föstudaginn 23. mars. Þessi margverðlaunaði tónlistarmaður, sem hóf feril sinn með hjómsveitinni The Commodores, mun taka öll sín þekktustu lög. Hver man ekki eftir Hello, Say You Say Me, All Night Long og Dancing on The Ceiling?

Verð á mann í tvíbýli

59.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting í 2 nætur með morgunverði og miði á tónleikana.

FERÐ ELDRI BORGARA TIL BENIDORM

21.–28. mars

Skemmtileg og fjölbreytt ferð til Benidorm. Dvalið á Pueblo Benidorm hótelinu sem hefur allt til alls. Skoðunarferðir um fjallaborp, leðurverksmiðjan Altea könnuð og farið á danssýningu í Benidorm Palace. Svo verður að sjálfsgöðu slakað á í sólinni, tekið í spil, farið í sund, dansað o.fl.

Verð á mann í tvíbýli

79.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting í 6 nætur á hóteli ásamt fullu fæði og íslensk fararstjórn.

SPÁNN-ÍSLAND UNDANKEPPNI EM

27.–29. mars

Íslenska landsliðið mun eiga í nógu að snúast þegar það mætir stjórnum-prýddu landsliði Spánverja á Mallorca. Þetta er leikur sem dyggustu stuðningsmenn og -konur hreinlega verða að mæta á. Áfram Ísland! Flogið verður til London og þaðan til Mallorca.

Verð á mann í tvíbýli

55.900 kr.

Innifalið: Flug til London og áfram til Mallorca og til baka með sköttum, gisting í tvær nætur á hóteli ásamt morgunverði og miði á leikinn. Akstur til og frá flugvelli.

PÁSKAFERÐ TIL BERLÍNAR

2.–9. apríl

Menning, listir, sögulegur fróðleikur, skoðunarferðir, tónleikar, góður matur og frábær félagsskapur um páskana í Berlín, þegar lifnar yfir borginni eftir vetrardvala. Dvalið verður á Park Inn hótelinu á Alexanderplatz. Íslenskur fararstjóri verður Lilja Hilmarsdóttir sem þekkir hvern krók og kima í Berlín.

Verð á mann í tvíbýli

74.900 kr.

Innifalið: Flug til Berlínar með sköttum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4 stjórn hóteli ásamt morgunverði. Íslensk fararstjórn.

ROD STEWART Í STOKKHÓLMI

18.–22. júlí

Nú er það sjálfur strigabarkinn Rod Stewart sem ætlar að gera allt vitlaust í Stokkhólmi. Express Ferðir eru að sjálfsgöðu vel með á nóttunum og bjóða upp á hópferð á þessa mögnuðu tónleika enda má gera ráð fyrir að allir hans helstu smellir muni hljóma. Ekki missa af þessu einstaka tækifæri til að hlýða á goðið!

Verð á mann í tvíbýli

69.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og gisting í 4 nætur með morgunverði og miði á tónleikana.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir

Express Ferðir, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100



SAMSUNG

SAMSUNG Q1457 / Q1657
SAMSUNG þvottavél
1400 snúninga, 7,5 kg.
Óvenju stór tromla – 57,5 l.
Vatnsnotkun 60 l pr. 7,5 kg.
Mjög hljóðlát – aðeins 50. db

TILBOÐ:
Kr. 99.900 (1400 snún.)
Kr. 109.900 (1600 snún.)



AEG

LAVAMAT 52820
AEG þvottavél
1200 snúninga, 6 kg.
Fjöldi programma
Íslenskt stjórnbord

TILBOÐ:
Kr. 69.900
(Áður: Kr. 85.914)

Þvottavélar,
þurrkarar og
uppvottavélar
á TILBOÐSVERÐI!

www.ormsson.is

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800
SMÁRALIND · Sími 530 2900
AKUREYRI · Sími 461 5000
KEFLAVÍK · Sími 421 1535

... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT